

ÚTSALA

egg afsláttur
30%
egg afsláttur



5.790

Borðstofustóll - svartur
4200357

egg afsláttur
40%
egg afsláttur



198.000

Leðursófi - hvítur
4200323

egg afsláttur
40%
egg afsláttur



41.900

Sevilla legubekkur - hvítur
4200279

egg afsláttur
40%
egg afsláttur



46.200


Classic leðursófi - 2ja sæta
4200251

egg afsláttur
50%
egg afsláttur



39.495

Sjónvarpsskenkur
4200004



30-60% afsláttur

Falleg ljós í úrvali

Hreinlætistæki Heimilistæki Raftæki Gjafavara Búsáhöld Smávara Húsgögn

Gæði og gott úrval - allt að **60%** afsláttur

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	71,08 71,42
Sterlingspund	138,55 139,23
Evra	91,72 92,24
Dönsk króna	12,304 12,376
Norsk króna	11,002 11,066
Sænsk króna	10,061 10,119
Japanskt jen	0,5897 0,5931
SDR	105,84 106,48
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
126,3137	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Hálka olli óhöppum í umferðinni í gær og voru margir öikumenn óundirbúnir:

Allt brjálað á dekkjaverkstæðum

UMFERÐ Hálka á vegum gerði öikumönnum á suðvesturhorninu erfið fyrir í gær, meðal annars urðu átta árekstrar um hádegisbilið. Bíll keyrði á ljósastaur á Álftanesvegi á hádegi og var ökumaður einn í bílnum. Sjúkrabíll var sendur á staðinn, en ökumaðurinn var ekki illa slasaður. Óskað var eftir snjómokstri á veginum í kjölfar árekstursins.



ÓFERÐ Mikið var um umferðaróhöpp í höfuðborginni í gær enda illfært víða.

Fjöldi fólks hefur skipt yfir í vetrardekk á undanförunum dögum. „Það er allt brjálað að gera og það byrjaði um leið og snjóaði,“ segir Sturla Pétursson, eigandi Gúmmívinnustofunnar SP dekk í Skipholti. „Tíu mínútum

eftir að byrjaði að snjóá fylltist allt.“ Sturla segir einnig nokkuð um að fólk hafi komið inn með ónýta rafgeyma. „Þegar frostið kom hafa rafgeymar skemmt hjá þeim sem keyra lítið eða eru á eldri bílum,“ segir Sturla.

Þrjár árekstrar urðu á Hellisheiði í gær og mátti rekja þá alla til slæmrar færðar. Einnig var tilkynnt um nokkra bíla sem runnið höfðu út af Reykjanesbrautinni í hálfkunn.

Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu urðu 44 umferðaróhöpp í gær. Flest óhöppin voru smávægileg og ekki slys á fólki svo vitað sé.

FÍB gagnrýnir olíufélögin: Meðaláláging jókst á milli ára

VERÐLAG Olíufélögin hækkuðu meðalálágingu á bensín um 8,6 prósent á árinu 2006 samanborið við álagninguna árið 2005 og borguðu íslenskir neytendur að meðaltali rúmlega tveimur krónum meira fyrir lítrann af bensíni að því er kemur fram á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB.

Eru olíufyrirtækin gagnrýnd fyrir að hafa, á tímum hækkanði verðbólgu og óróa á olíumörkuðum, hækkað álagningu sína til íslenskra neytenda.

Olíufélögin lækkuðu verð í gær vegna lækkanði heimsmarkaðsverðs. -sdg

Sjómannafélag Íslands: Sjómenn samþykktu úrsögn

FÉLAGSMÁL Sjómannafélag Íslands samþykkti í kosningu í gær að ganga úr Sjómannasambandi Íslands – heildarsamtökum sjómannafélaga. 63 félagar Sjómannafélagsins greiddu atkvæði með úrsögninni en einn var á móti.

Ástæða fyrir úrsögninni er óánægja með starfshætti forystu Alþýðusambands Íslands sem Sjómannasambandið á aðild að. Einstök stéttarfélög geta ekki sagt sig úr ASÍ og starfað áfram innan aðildarfélaga þess. -shá



STÓRT SÍLDARKAST Krossey SF 20 fyllti sig í tveimur köstum í firðinum í gær.

Fiskeldi í Grundarfirði:

Fiskdauði enn óútskýrður

FISKELDI Ástæður þess að um 20 tonn af þorski drápuð í eldiskvíum Þorskeldis Guðmundar Runólfssonar í Grundarfirði í vikunni eru enn ókunnar. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar þurftu frá að hverfa í gær vegna veðurs en þeir hugðust mæla sjóinn með tilliti til súrefnismagns og gera aðrar mælingar sem varpað gætu ljósi á fiskdauðann.

Líkleg skýring er gríðarlega mikil síldargengd í firðinum sem gæti orsakað mengun eða súrefnisskort í sjónum. Síldargengdin nú er óvenjuleg og samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun hefur ekki verið síld í þessu magni inni á fjörðum á Vesturlandi í 60 til 70 ár. -shá

Heyrnarlausir fá aðstoð í útlöndum eftir misnotkun

Heyrnarlausir einstaklingar hafa verið sendir til útlanda til að veita þeim sérhæfða aðstoð, meðal annars eftir að þeir höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Hluti þeirra hefur átt við langvarandi vanda að etja. Geðlæknir kallar eftir sérhæfðum meðferðarúrræðum fyrir heyrnarlaus fórnarlömb hér á landi.

KYNFERÐISBROT Þess eru dæmi að heyrnarlausir einstaklingar hér á landi hafi verið sendir til útlanda til að veita þeim sérhæfða aðstoð. Hluti þeirra hefur átt við mikinn vanda að etja eftir að hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.



HELGI GARÐAR GARÐARSSON

Niðurstöður könnunar sem Greining og ráðgjöf vann fyrir Félag heyrnarlausra sýna að þriðjungur svarenda, 30 manns, höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi á unga aldri. Svipadur fjöldi karla og kvenna hafði verið misnotaður með þessum hætti.

Helgi Garðar Garðarsson, geðlæknir sem er í þverfaglegu geðteymi við Félag heyrnarlausra, segir að alvarlegir álagspættir, svo sem kynferðisleg misnotkun, hafi mjög umfangsmikil áhrif á sálarlíf einstaklingsins. Hjá börnum séu áhrifin enn meiri því þau eigi eftir að taka út sálarlegt þroskaferli, sem atvik af þessu tagi geti sett út af sporinu.

„Börn sem lenda í þessu fá sektarkennd og kenna sjálfum sér um það sem aðrir gera þeim,“ segir hann. „Þau reyna að fela reynsluna fyrir umheiminum því þau skammast sín fyrir hana. Úrvinnsla vandans getur ekki orðið með öðrum hætti en að þolandi geti tjáð sig með einhverjum hætti um áfallið.“



HEYRNARLAUSIR Hafa lengi barist fyrir auknum réttindum, meðal annars því að fá íslenska táknmálið viðurkennt formlega í lögum, og tryggja með því þátttöku þeirra í íslensku samfélagi. Myndin er frá fundi heyrnarlausra á Austurvelli af því tilefni.

Þegar barnið getur ekki einu sinni tjáð sig til þess að mæta skilningi annarra þá er það læst í sínum reynsluheimi og getur ekki unnið úr málunum.

Helgi Garðar segir að þótt minningin um áfallið sé ekki stöðugt í meðvitundinni þá skjóti hún upp kollinn óbeint í endurupplifunum eða draumum. Það valdi miklum kvíða sem aftur valdi mikilli árvegni og jafnvel ótta

gagnvart umhverfinu eins og mikil hættu sé á ferð.

„Þetta er langvarandi vanlíðan, sem hefur áhrif á samskipti við annað fólk sem bætist þá ofan á samskiptaerfiðleika vegna heyrnarleysisins. Í þessum hópi eru einstaklingar sem hafa þurft að takast á við alvarlegar afleiðingar vegna þeirrar reynslu sem þeir hafa gengið í gegnum, svo sem kvíða, þunglyndi og þar af alvar-

legri vandamál, eins og geðrof eða ofnotkun áfengis.“

Helgi Garðar segir skorta sérhæfð meðferðarúrræði fyrir heyrnarlaus fórnarlömb kynferðislegrar misnotkunar hér á landi. Í velferðarsamfélagi eigi að vera kostur á að veita þeim sálfélagslega aðstoð og starfsendurhæfingu, sem geti tekið allt að fimm árum eftir erfiðleikum einstaklings. jss@frettabladid.is

Opið hús

í dag frá 13 -16

Stuttar kynningar á öllum námskeiðum skólans á hálf tíma fresti.

10 heppnir gestir fá gjafabréf að verðmæti 25.000.-

ntv.is

Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogur - Sími 544 4500

VEDURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	8°C hálfskýjað	London	14°C skúrir	Alicante	20°C heiðskirt
Þórshöfn	5°C skúrir	Paris	14°C skúrir	Mallorca	17°C heiðskirt
Oslo	0°C heiðskirt	Frankfurt	12°C skúrir	Algarve	19°C hálfskýjað
Vestan 5-10 og él. Frost	4°C hálfskýjað	Friedrichshafen	7°C léttskýjað	Krit	15°C skúrir
1-5 stíg.	8°C hálfskýjað	Berlin	10°C skúrir	Las Palmas	21°C hálfskýjað

» á morgun

8-13 m/s með ströndum syðra, annars yfirleitt hægari.

» mánudagur

Strekkingur með ströndum og víða él.

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Útsala

fjöldi raftækja á frábæru útsöluverði



United 42" plasma sjónvarp

- Progressive scan
- HDTV ready
- Mynd í mynd (2 móttakarar)
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, component og heyrnartólstengi
- DVI-D og PC tengi

Vaxtalaust tilboð!

aðeins
9.999 kr
á mán. í 10 mánuði

Staðgreitt 99.990,-

Verð áður 149.990,-



Philips 32" LCD sjónvarp

- HD ready
- 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
12.499 kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 124.990,-
Verð áður 149.990,-



United 27" LCD sjónvarp

- Progressive scan • HD ready • Skerpa: 900:1 • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
6.999 kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 69.990,-
Verð áður 89.990,-



TILBOÐ
39.990 kr
Verð áður 49.990,-

United 20" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS



TILBOÐ
34.990 kr
Verð áður 39.990,-

United 15" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- 8w nicam stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi



Thompson 42" Plasma sjónvarp

- Upplausn 852x480 • Skerpa: 3.000:1 • Birtustig: 1000 cd/m²
- Sjónsvið (H/V): 160/160° • DVI tengi (styður VGA, SVGA, XGA, SXGA) • 2 scart, component, SVHS, CVBS • Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 112,8x70x9,3 • Þyngd: 33kg

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
14.999 kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 149.990,-
Verð áður 169.990,-

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 19. janúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Stemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Hefur þú borðað hvalkjöt?

Já	77%
Nei	23%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ert þú með háskólamenntun?

Segðu skoðun þína á visir.is

Stúlka, sem sakaði karlmann ranglega fyrir nauðgun, dæmd í héraðsdómi:

Níu mánaða fangelsi fyrir lygar

DÓMSMÁL Stúlka á Vopnafirði var í gær dæmd í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Austurlands fyrir að hafa sakað karlmann ranglega um nauðgun og reynt að koma því til leiðar að hann yrði sakaður um kynferðisbrot. Sjö mánuðir voru skilorðsbundnir.

Stúlkan bar við yfirheyrslu hjá lögreglu að maðurinn hefði nauðgað sér. Hún hefði verið að skemmta sér á Veðurbarnum á Vopnafirði, hitt manninn og farið með honum og félagi hans um borð í skip sem maðurinn var skipverji á. Þar hefði hann haft samfarir við hana án vilja hennar.

Þetta leiddi til þess að maður-

inn var handtekinn og hafður í haldi meðan yfirheyrslur stóðu yfir honum. Hann neitaði sök og var sleppt.

Stúlkan var í fyrstu staðföst varðandi þennan framburð við yfirheyrslur hjá lögreglu. Nokkru síðar óskaði hún eftir að gefa nýja skýrslu í málinu og kvaðst þá hafa borið manninn röngum sökum.

Maðurinn kærði stúlkuna. Í kærðu hans kom fram að hann væri fjölskyldumaður og hefði ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Hann hefði ranglega verið ásakaður um að fremja alvarlegt ofbeldisbrot, sem þung refsing sé lögð við.

- jss



VOPNAFJÓRÐUR Þetta óvenjulega mál átti sér stað þar.

Lögreglan handtók þrjá:

Fjórir í gæslu vegna innbrota

LÖGREGLUMÁL Tæplega þrítugur síbrotamaður var síðdegis í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. febrúar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók þrjá menn í Kópavogi í fyrrinótt. Í bíl þeirra fannst þýfi úr innbroti í fyrirtæki í Kópavogi.

Mennirnir voru færðir til yfirheyrslu, þar sem þeir játuðu innbrotið. Tveim þeirra var sleppt, en farið var fram á gæsluvarðhaldsúrskurð yfir hinum þriðja þar sem hann hefur verið iðinn við kolann að brjótast inn að undanförnu. Þrír menn til viðbótar sitja í gæsluvarðhaldi vegna innbrota.

- jss

Bregst við gagnrýni á þjóðlendukröfur

Aðferðafræðin í kröfugerðum verður endurskoðuð. Ríkið mun ekki lýsa kröfum á tilteknu svæði fyrir en óbyggðanefnd hefur hafið rannsókn á því. Landbúnaðarráðherra fagnar breytingunum. Talsmaður landeigenda segir skrefið gott.

ÞJÓÐLENDUMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur brugðist við gagnrýni sem sett hefur verið fram á þjóðlendukröfur ríkisins. Hann segir að ríkisstjórnin ætli að endurskoða þá aðferðafræði sem beitt er þegar gerðar eru kröfur um að landsvæði verði gerð að þjóðlendum. Fjármálaráðherra lagði fram tillögu þess efnis á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

Fram að setningu þjóðlendlaganna árið 1998 voru landsvæði á Íslandi sem enginn taldist eiga. Tilgangur laganna er að lýsa ríkið sem eiganda þessara svæða. Þær þjóðlendukröfur sem ríkið gerir á hverju svæði eru fyrsti liðurinn í ferli sem miðar að því að skorið verði úr um eignarrétt landsins innan þess. Kröfurnar hafa valdið deilum því þær þykja stundum of miklar, nú síðast kröfurnar á austanverðu Norðurlandi.

„Ég mun hins vegar ekki sætta mig við það að gerðar séu kröfur í eignarlönd fólks sem eru með þinglýstum athugasemdalausum landabréfamerkjum...“

GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR
SVEITARSTJÓRI Í GRÝTUBAKKAHREPPI

Að sögn Árna mun ríkið ekki lýsa sínum endanlegu kröfum á svæði fyrir en óbyggðanefnd hefur hafið rannsókn á því. „Þegar ríkisvaldið undirbýr kröfugerð, eftir að óbyggðanefnd hefur sagst ætla að taka svæði til meðferðar, mun



GUÐNI ÁGÚSTSSON



GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR



ÁRNI MATHIESEN

það fara þess á leit við nefndina að hún hefji rannsókn á svæðinu,” segir Árni.

Með þessu munu kröfur ríkisstjórnarinnar verða byggðar á rannsókn óbyggðanefndar. „Markmiðið með þessu er að kröfurnar verði byggðar á betri upplýsingum og verði raunhæfari. Með þessu verður meira samræmi á milli krafanna og endanlegs úrskurðar um hvaða landsvæði verða að þjóðlendum,” segir Árni. Hann segir að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi almennt verið sammála um breytingarnar.

Fjármálaráðherra segir að með þessum breytingum muni þær þjóðlendukröfur sem gerðar hafa verið ekki breytast. „Með þessum breytingum má ætla að þinglýstar kröfur á jarðir landeigenda verði ekki eins miklar, og að þær muni ekki hvíla á jörðunum eins lengi þar til endanlegur úrskurður fæst.“

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að þjóðlendukröf-

urnar hafi frá upphafi verið alltof harðar og því fagni hann fyrirhuguum breytingum. Hann segir ríkisstjórnina sammála um að setjast niður með Landssamtökum landeigenda og fara yfir þessi mál því tilgangur laganna var ekki að vinna land af bændum heldur að treysta eignarrétt jarðeigenda.

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og einn af stofnendum Landssamtaka landeigenda, segir aðgerðir ríkisstjórnarinnar vera byrjunina á því að „þessi vitleysa verði stöðvuð“. Að hennar mati eru breytingar á kröfúlýsingunum hænuskref í rétta átt.

„Ég mun hins vegar ekki sætta mig við það að gerðar séu kröfur í eignarlönd fólks sem eru með þinglýstum athugasemdalausum landabréfamerkjum, þó að reikna megji með að það verði nú gert í minna mæli ef af þessum breytingum verður,” segir Guðný. ingifreyr@frettabladid.is

Condoleezza Rice á leið til Mið-Austurlanda til að kynna nýju Íraksstefnuna:

Vinsældir Bush aldrei minni

BANDARÍKIN, AP Mótmælafundur gegn Íraksstefnu George W. Bush Bandaríkjaforseta voru haldnir víða í stórborgum Bandaríkjanna á fimmtudagskvöldið. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem AP fréttastofan lét gera, náðu vinsældir Bush enn nýju lágmarki meðal bandarísku þjóðarinnar, nú þegar hann hefur kynnt áherslubreytingar sínar í Íraksstríðinu.

Um 32 prósent þjóðarinnar eru ánægð með störf hans. Jafnmargir, eða um 32 prósent, eru síðan ánægðir með störf Bandaríkjaþings, sem hefur lýst andstöðu við áform forsetans um að fjölga hermönnum í Írak.

Þau Condoleezza Rice utanríkisráðherra og Robert Gates varnarmálaráðherra máttu sitja undir harðri gagnrýni af hálfu bæði demókrata og repúblikana þegar þau mættu á fund þingnefnda bæði í öldungadeild og fulltrúadeild til að ræða Íraksstefnuna.



MÓTMÆLI GEGN ÍRAKSSTEFNUNNI Víða um Bandaríkin mátti sjá fólk mótmæla nýju Íraksstefnunni á fimmtudagskvöldið. Þessi mynd var tekin í Detroit í Michigan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Demókratar á þingi ætla að bera nýju Íraksstefnuna undir atkvæði þingsins innan fárra vikna.

Rice hélt í gær af stað til Mið-Austurlanda þar sem hún ætlar að kynna nýju Íraksstefnuna fyrir ráðamönnum, og byrjar á Palest-

ínómönnum. Þá er Hillary Clinton, öldungadeildarþingmaður og líklegur forsetaframbjóðandi Demókrataflokkans, á leið til Íraks ásamt tveimur öðrum bandarískum þingmönnum.

- gb



50-70% afsláttur

coast

smáralind
www.coast-stores.co.uk

www.ellingsen.is



LYNX 

Frumskýnum Lynx 2007

Vélsleðasýning 13. og 14. janúar að Fiskislóð 1.
Opíð laugardag kl. 10–16 og sunnudag kl. 12–16.



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

Ellingsen
— fullt hús reinvítýra

1 af 177


Hf. Eimskipafélag Íslands samanstendur af Eimskip og Air Atlanta ásamt tengdum félögum og er með 177 starfsstöðvar um allan heim. Flugvélar Air Atlanta eru í ferðum dag og nótt milli ótal áfangastaða í öllum heimshlutum – ýmist með frakt eða farþega. Við erum á fínu flugi!

Himinn og haf / SIA



HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

– íslensk sókn um allan heim



ENNE/MSIA/NM25527

SÝNINGARBÍLAR Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

Aðeins í dag frá kl. 12.00 til 16.00 að Sævarhöfða.

Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri. Fáeinir bílar eru í boði.

Gríptu gæsina meðan hún gefst!



120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

SÖGUSÝNING Landsbankinn — 120 ára —



Opið í dag

Sögusýningin er til húsa í Aðalstræti 6 og spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar. Skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Gestum er boðið upp á sögulegan fróðleik í máli og myndum. Leikmyndir og munir frá mismunandi tímum vitna um ólíkan tíðaranda auk þess sem hljóðsetning, myndbönd, líkön o.fl. setja svip sinn á sýninguna.

Á sýningunni má m.a. sjá skrifstofuherbergi frá árinu 1886, nýtt líkan sem sýnir miðbæinn eftir brunann mikla 1915, tækniþróunina allt frá pennastöng til samskiptatækja nútímans og líkan af framtíðarskipulagi miðborgarinnar.

Á morgun, sunnudag:

Leiðsögn í boði

kl. 14:00, 15:00 og 16:00

Eggert Þór Bernharðsson, sagnfræðingur, og Sveinbjörn Guðbjarnarson fara með hópa um sýninguna, deila sérfræðikunnáttu sinni á sýningargripum og gefa aukna innsýn í sögu banka og þjóðar.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM). Sími: 410 4300
Opið virka daga kl. 11:00–17:00 og helgar kl. 13:00–17:00
Enginn aðgangseyrir – Alltaf heitt á könnunni



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Enn um Alcan – samfélagsleg ábyrgð eða mútur?

Umræðan

Álverið í Straumsvík

Í fréttaskýringu Inga Freys Vilhjálmssonar í Fréttablaðinu þann 3. janúar er fjallað um samskiptum Alcan við hafnfirskt samfélag undir fyrirsögninni samfélagsleg ábyrgð eða mútur, og spurningamerki hnytt aftan við fyrirsögn. Í þessari grein langar mig að fjalla um þann part fréttaskýringarinnar sem lýtur að samskiptum Alcan og íþróttafélaga í bænum. Eins og fram kemur í fréttaskýringu Inga Freys er í gildi styrktarsamningur á milli Alcan og íþróttafélaganna í Hafnarfirði og var hann gerður árið 2002 og gildir til ársins 2007. Sterklega er gefið í skyn að samningurinn sé gerður af annarlegum hvötum eða þeim að hafa þein eða óþein áhrif á skoðanir bæjarbúa á fyrirtækinu og þá ekki síst kvenna, að mati Péturs Óskarssonar, forsvarsmanns Sólar í Straumi.

Í samningnum kemur að vísu ekkert annað fram en að fyrirtækið vilji sinna samfélagslegum verkefnum þannig að hér er einungis um að ræða skoðun Péturs en ekki einhvern sannleik. Mikil máframsýni Alcan manna vera ef þeir hafa byrjað að stunda kosningabaráttu sína árið 2002. Tilgangur Alcan er vafalaust að styrkja sína ímynd og orðspor meðal bæjarbúa og er þessi leið fyrirtækja alþekkt og má nefna dæmi um Actavis og FH, Shell og KR, Vodafone og Manchester United og svona mætti lengi telja.

AF NETINU

Ónýtar nýbyggingar

Egill Helgason skrifar á visir.is

Maður var lengi búinn að heyra sögur af lélegum byggingum. Nú er þetta staðfest. Flísarnar eru að hrynja ofan á fólkið sem keypti rándýru íbúðirnar við Skúlagötuna, gólfín og svalirnar halla. Svona fer græðgin með okkur Íslendinga. Það kemur uppsveifla og menn ráða ekki við sig, alls konar sjoppukallar ætla að græða stórt. Þegar mestu braskararnir fóru að herja á byggingamarkaðinn mátti maður vita að ekki var von á góðu. Húsnæði byggt á árunum í kringum 2005 mun fá á sig svo slæmt orð að enginn vill kaupa það. Það fer allavega á útsölu.

Ragnfærslur Eyglóar

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skrifar á bjorn.is

Eygló Harðardóttir er í framboði í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, hún heldur úti blogg síðu til að auka vinsældir sínar og vonandi einnig traust. Mér þótti þó ekki mjög traustvekjandi að lesa það á síðu hennar, að verið væri að fækka í lögreglunni í Vestmannaeyjum og flytja þaðan rannsóknarlögreglumann, eins og hún gefur til kynna. Þetta á ekki við nein rök að styðjast, þvert á móti var það sjálfstæð ákvörðun, að rannsóknarlögreglumaður yrði áfram í Eyjum, þrátt fyrir rannsóknardeild á Selfossi og skýrði dóms- og kirkjumálaráðuneytið málið í fréttatilkynningu í gær.

Hugvitið virkjað

Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar á althingi.is/tsv

Fyrir tæpum áratug tók ég við viðtal við Hjaltu Harðarson fyrir sjávarútvegskálf Morgunblaðsins – Úr verinu. Þá hafði Hjalti unnið að hönnun og þróun svokallaðs djúpfars í tvö ár í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. ... Þetta viðtal var tekið 21. október 1998. Nú starfar Hjalti Harðarson ásamt fleiri vísindamönnum hjá Hafmynd og þróun djúpfarsins hefur leitt til þess að íslenskt hátæknifyrirtæki hefur hlotið viðurkenningu fyrir „byltingarkennda lausn í öryggismálum“ með sjálfstýrða dvergkaftáttum Gavía. Svo sannarlega lærdómsrík dæmisaga um hugmynd sem varð að veruleika þegar menn leyfa sér að virkja hugvitið og fjárfesta í því.

Ingi Freyr vitnar einnig til Sigurðar P Sigmundssonar sem segir að „samningurinn sé kynntur sem styrktarsamningur en sé í rauninni íþyngjandi auglýsingasamningur“. Ekki veit ég hvað Sigurður er að fara með þessari umsögn, hann hefði þá átt að afþakka styrkin heldur en að þakka fyrir hann á þennan hátt. Þessi styrkur Alcan hefur ekki verið íþyngjandi okkur í barna- og unglíngaráði knattspyrnudeildar FH heldur höfum við talið hann mjög sanngjarnan. Það að fyrirtækis sé getið í leikskrá á heimasíðu eða á búningum þar sem við á er alþekkt enda er það hvorki markmið fyrirtækja sem styrkja íþróttafélög eða íþróttafélaganna að því sé haldið leyndu, þvert á móti og þetta veit

Sigurður. Ef hann vill ekki taka við fé frá Alcan af siðferðislegum ástæðum á hann einfaldlega að afþakka það fyrir hönd sinnar deildar en ekki nota það sem átyllu í pólitískri umræðu.

Þegar ég flutti í bæinn þá dáðist ég að því hvað þetta „skrímli“ út við ströndina var duglegt að styrkja íþróttafélögin í Hafnarfirði og þá sérstaklega barna- og unglíngastarf. Hefur undirritaður starfað í íþróttahreyfingu síðastliðin 30 ár og hefur mér fundist styrkur Alcan inn í starfið gera okkur kleift að starfa á sómasamlegan hátt. Síðastliðin 3 ár hef ég verið formaður barna- og unglíngaráðs knattspyrnudeildar FH. Þar hefur Alcan komið vel að starfinu með fjárstyrk sem hefur

gert félaginu kleift að mennta þjálfara enn betur og gert gæfumuinninn í öllu starfinu. Aldrei í því samstarfi hafa komið fram neinar óeðlilegar kröfur um auglýsingar, umfjöllun eða annað sem hefur verið félaginu íþyngjandi á nokkurn hátt. Þess skal einnig getið að það var FH sem leitaði til Alcan eins og svo margra annarra hafnfirskra fyrirtækja eftir fjárstuðningi en ekki öfugt.

Þakka ber það sem vel er gert, en ekki vanvirða, hvort sem það er fjárstuðningur, sjálfböðavinna eða annar stuðningur við barna- og unglíngastarf, sama með hvaða hætti það er. Minn skilningur er ekki sá að börnin okkar séu að þiggja mútur frá Alcan. Minn skilningur er sá að fyrirtækið sé

að sinna sinni samfélagslegu ábyrgð af virðingu við sitt samfélag.

Alcan framleiðir ál og stækkun verksmiðju þess er umdeild í Hafnarfirði. Þá umræðu skulum við taka á málefnalegum nótum byggða á rökum um kosti og galla stækkunar, ekki á rógburði eða með því að gera eðlilega hluti tortryggilega. Það er ekkert tortryggilegt við stuðning Alcan við barna- og unglíngastarf í Hafnarfirði, það er þakkarvert. Í samamburði við annað stórfyrirtæki sem styrkir íþróttirnar, Actavis, ekki get ég ímyndað mér að lyfjainntaka hafi eitthvað aukist hjá Hafnfirðingum.

Gísli Björgvinsson, formaður unglíngaráðs FH.

Nú fáanlegur í 2L umbúðum

Toppur T2™ er frískandi vatnsdrykkur með hreinum ávaxtasafa og inniheldur aðeins þriðjung hitaeininga sambærilegra drykkja.

Alvöru ávöxtur - Alvöru bragð

t2™

a product of The Coca-Cola Company
*Toppur T2™ is a trademark of The Coca-Cola Company. © 2006 The Coca-Cola Company. All rights reserved.

Škoda Roomster

Snarpur, klókur og kemur á óvart!



KOMA SVO STRÁKAR, ÁFRAM!

RÚM FYRIR MEIRA!

Það skiptir ekki mestu máli að vera stærstur heldur hvernig þú nýtir það sem þú hefur. Með því að vera snarpur, klókur og útsjónarsamur getur þú komið andstæðingnum á óvart og haft betur. **Škoda Roomster** er gott dæmi um þetta. Notagildið, rýmið, flott hönnunin, aðgengið og frábært útsýnið er í heimsklassa.

Škoda Roomster mun koma íslensku þjóðinni skemmtilega á óvart.

Sýning í dag kl. 11–16, Laugavegi 172–174

SIMPLY CLEVER



HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA - 8058



LANGAR ÞIG Á HM Í HANDBOLTA?

Komdu þá og reynsluaktu Skoda og þú gætir unnið miða fyrir tvo á úrslitaleikinn á HM í handbolta í Þýskalandi 4. febrúar, flug með Icelandair og gistingu á glæsihótel.

HEKLA er stuðningsaðili HSÍ – ÁFRAM ÍSLAND!



Mini Market

10-50%
afsláttur

Stórútsala í fullum gangi. Útsala hefst lau. 13.01.07

Wielka wyprzedaż na całego.
Obniżka od 10% do 50%
Zaczynamy w sobotę 13.01.07
Czyścimy magazyny!!!



Konservy „Jaroslaw”
Kjöt í dósum „Jaroslaw”
W dół 20%
Afsláttur 20%



Zupy „Winiary”
Súpur „Winiary”
W dół 20%
Afsláttur 20%



Delicje,
Pieguski „E.Wedel”
Kex „E.Wedel”
W dół 20%
Afsláttur 20%



Konservy „Pamapol”
Kjöt í dósum „Pamapol”
W dół 20%
Afsláttur 20%



Biskopty „San”
Biscuits „San”
W dół 50%
Afsláttur 50%



Papryka „Motyl”
Paprika „Motyl”
W dół 30%
Afsláttur 30%

Útsala stendur út janúar.
Obniżka trwa do końca stycznia.

Margar fleiri vörur á útsölu. Oraz dużo więcej towarów na wyprzedaży. Kijtu á okkur, allir velkomnir!
Warto zobaczyć, serdecznie zapraszamy!

„Mini Market” er í Eddufelli 2, 111 Reykjavík
„Mini Market” znajduje się na ulicy Eddufell 2, 111 Reykjavík.
Dajazd autobusem numer: 4, 12, 17. Sími/Tel: 5170107,
netföng/mail: minimarket@internet.is

Opnunartímar:
Mán. – Fim. 11:00 – 21:00 • Föstudagur 11:00 – 22:00
Laugardagur 11:00 – 20:00 • Sunnudagur 11:00 – 19:00

Godziny otwarcia:
Pon. – Czwa. 11:00 – 21:00 • Piątek 11:00 – 22:00
Sobota 11:00 – 20:00 • Niedziela 11:00 – 19:00

MAÐUR VIKUNNAR

Snyrtipinni með peningavit

ÓLAFUR GARÐARSSON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR, FIFA-UMBOÐSMAÐUR KNATTSPYRNUMANNA OG FJÁRFESTIR

Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður, FIFA-umboðsmaður knattspyrnumanna og fjárfestir, er maður vikunnar að þessu sinni.

Ólafur komst í fréttirnar þegar fjárfestingafélagið Lindberg, sem er í eigu hans og nokkurra annarra fjárfesta, keypti fasteignir í Örfirisey fyrir þrjú milljarða.

Ólafur er fæddur 13. nóvember 1959 og er sonur hjónanna Garðars Ólafssonar úrsmíðs og Guðlaugar Jónu Ingólfsdóttur, dóttur stjórnmalaskörungsins Ingólfs frá Helli. Hann á þrjú systkini, Ingólf, Evu og Birnu. Ólafur er giftur Laufeyju Johannessen og eiga þau tvö börn, Jóhannes, sem er átta ára og Önnu, sem er fimm ára. Frá fyrra sambandi á Ólafur soninn Garðar Stein, sem er 23 ára laganemi og vinnur með föður sínum á Lögfræðistofu Reykjavíkur, og Rebekku, sem er 21 árs nemi í hagfræði við Háskóla Íslands.

Ólafur hefur búið á Seltjarnarnesi frá tveggja ára aldri og segir æskuvinur hans, Gunnar Páll Þórisson, að Ólafur hafi verið uppátækjasamur sem krakki. „Það sem var brallað á Nesinu í okkar æsku er varla prenthæft en Óli hafði alltaf mörg járn í eldinum. Hann sýndi snemma að hann er dugnaðarforkur og snjall að gera mikið úr peningum. Hann var og er traustur og góður vinur sem hefur svo sannarlega byggt upp sitt af eigin rammleik,” segir Gunnar Páll.

Ólafur gekk hefðbundinn menntaveg Seltirninga, í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla, og útskrifaðist síðan sem stúdent frá Verslunarskólanum árið 1979. Þaðan lá leiðin í lögfræði í háskólanum sem hann kláraði árið 1984. Fljótlega eftir það stofnaði hann stofuna Lögmenn Seltjarnarnesi með hinum þjóðþekktu lögmanni Jóhanni Pétri Sveinssyni, sem var afburðalögfræðingur. Jóhann

Pétur glímdi við mikla fötlun og lést árið 1994 og gerðist þá Jóhannes Albert Sævarsson meðeigandi Ólafs. Lögmenn Seltjarnarnesi sameinuðust síðan Lögfræðistofu Reykjavíkur árið 2003.

Ólafur er kannski þekktari fyrir störf sín sem umboðsmaður knattspyrnumanna heldur en lögfræði-

ar Heiðar Þorvaldsson hjá þýska liðinu Hannover.

Umboðsmenn hafa ekki haft gott orð á sér í gegnum tíðina en Hjörtur Nielsen, vinur Ólafs frá því á menntaskólaárunum segir hann vera undantekninguna sem sannar regluna. „Óli er afar heiðarlegur maður og það eru fáar tilviljanir í hans lífi. Hann er ótrúlega vel skipulagður og veit alltaf hvert hann ætlar,” segir Hjörtur sem kynntist Ólafi í Verslunarskólanum.

Par var Ólafur forseti Nemendafélagsins og í ræðuliði skólans. Hann þótti mikill ræðuskörungur og hefur það nýst honum vel við að flytja mál á vettvangi lögmennskunnar.

Hjörtur segir að þótt Ólafur hafi gaman af því að skemmta sér þá sé hann afar agaður. „Hann er ekki maður sem þú færð til að skemmta sér fram undir morgun. Við skulum frekar segja að hann sé gleðimaður til svona eitt. Þá fer hann heim,” segir Hjörtur og hlær.

„Óli er mikill peningakarl, flinkur fjármálaumaður og hefur alltaf verið vel settur fjárhagslega. Hann hefði til að mynda aldrei getað verið umboðsmaður í byrjun ef hann hefði ekki átt peninga. Hann hafði ekkert upp úr umboðsmennskunni fyrstu árin. Þá var þetta bara kostnaður,” segir Hjörtur.

Þeir sem þekkja Ólaf eða mæta honum á götu

taka eftir því að hann er ávallt afar snyrtilegur í klæðaburði. „Hann er sjentilmaður í klæðaburði og varð snemma þannig. Alltaf óaðfínanlega klæddur. Hann er reyndar allt að því þjattaður. Gott dæmi um snyrtimennskuna sem einkennir Óla er að hann var eitt sinn að mála þakantinn á húsinu sínu. Hann datt úr stiga og brákaðist. Hann fór þó ekki upp á slysavarðstofu fyrir en hann hafði skipt um fót,” segir Hjörtur og hlær dátt.



Hrein orka á Íslandi

UMRÆÐAN

Orkumál

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur sett sér markmið um að árið 2020 verði 20% orkunotkunar innan sambandsins fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Árið 1997 setti ESB sér markmið um að árið 2010 yrði þetta hlutfall 12%, en nú mun ljóst að það markmið muni ekki nást. Á Íslandi er þetta sama hlutfall hins vegar rúm 70% og fer vaxandi með tilkomu nýrra gufu- og vatnsaflsvirkjana.

Orkumálin sett í forgang

Ljóst er að orkumálin eru nú meðal helstu forgangsmálaflokka forystufla ESB, sem raunar víða annars staðar. Þýskaland fer nú með formennsku í ráðherraráði sambandsins og í formennsku-áherslum þýsku ríkisstjórnarinnar eru orkumálin meðal helstu skilgreindra forgangsmála. Meðal annars er lögð áhersla á nauðsyn aukins öryggis í aðgengi að orku-

gjöfum innan ESB, og á aukinn hlut endurnýjanlegra orkugjafa í orkuneytlu innan sambandsins.

Framkvæmdastjórn ESB hefur nú jafnframt sett fram fyrirnefnt markmið um 20% hlutfall endurnýjanlegrar orku árið 2020. Óhætt er að segja að markmið þetta sé metnaðarfullt, í ljósi

þess að ekki virðist ætla að takast að ná fyrra markmiði um 12% árið 2010. Hins vegar er mikið ánægju-efni að framkvæmdastjórn ESB hafi sett sér þessi metnaðarfullu markmið, en hvatarnir eru jú m.a. þeir að ná að draga úr losun koltvísýrings sem stafar af brennslu jarðefnaeldsneyta annars vegar, og að auka öryggi í aðgengi að orkugjöfum fyrir almenning og atvinnulíf í löndum ESB hins vegar.

Ísland í einstakri stöðu

Staðan er hins vegar talsvert önnur á Íslandi. Hér eru rúm 70% orkunotkunar fengin frá endurnýjanlegum orkulindum og fer

hlutfallið raunar vaxandi með tilkomu nýrra gufu- og vatnsaflsvirkjana (hérlandis eru innfluttir orkugjafar einkum notaðir við fiskveiðar og samgöngur). Þetta háa hlutfall hreinnar orku vekur sífellt meiri athygli annarra þjóða enda Ísland í einstakri stöðu að þessu leyti. Íslensk orkufyrirtæki, verkfræðistofur og fjármálafyrir-

Hrein orka og endurnýjanlegir orkugjafar eru þess vegna meðal mikilvægustu eiginleika í „vörumerkinu Íslandi“

tæki sinna nú fjölþættum verkefnum víða um heim í krafti þeirrar miklu þekkingar sem hér hefur verið þróuð á þessu sviði. Hrein orka og endurnýjanlegir orkugjafar eru þess vegna meðal mikilvægustu eiginleika í „vörumerkinu Íslandi“ og ljóst að Íslendingar eiga gríðarleg tækifæri á sviði orkumála, sem færast sífellt fram- á forgangslista stjórnvalda um veröld alla.

Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.751 -0,25% Fjöldi viðskipta: 410

Velta: 6.980 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Icelandair +1,79%
Alfesca +0,61%
Glitnir +0,41%

MESTA LÆKKUN

↓ Eimskipafélagið -2,65%
365 -2,30%
Atlantic Petroleum -1,62%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 4,68 -2,30% ... Actavis 67,30 -0,15% ... Alfesca 4,95 +0,61% ... Atlantic Petroleum 548,00 -1,62% ... Atorka 6,94 -0,57% ... Bakkavör 61,90 -0,80% ... Eimskipafélagið 33,10 -2,65% ... FL Group 27,80 +0,00% ... Glitnir 24,50 +0,41% ... Kaupþing 900,00 -0,33% ... Landsbankinn 28,60 +0,00% ... Marel 75,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 14,95 -0,99% ... Straumur-Burðarás 17,80 -0,56% ... Össur 112,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Verðbólga umfram væntingar

Greiningardeildir segja verðbólguþéttum Seðlabankans náð á vordögum.

Vísitala neysluverðs hækkadi um 0,26 prósent á milli mánaða, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Þetta jafngildir því að verðbólgan hafi lækkað úr 7,0 prósentum í 6,9 prósent síðastliðna 12 mánuði.

Þetta er nokkuð meiri hækkun en greiningardeildir bankanna reiknuðu með en þær horfðu fram á verðbólguþéttur allt niður í 6,6 prósent á ársgrundvelli.

Í útreikningum Hagstofunnar segir að vetrarútsölur séu í fullum gangi og hafi verð á fötum og skóm lækkað um 12,1 prósent milli mánaða, sem þó er minna en greiningardeild Landsbankans horfði



SEÐLABANKI ÍSLANDS Greiningardeildir viðskiptabankanna spá því að verðbólga lækki hratt í vor og nái verðbólguþéttum Seðlabankans um mitt þetta ár.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

til. Á móti hækkun gjöld tengd húsnæði um 13,3 prósent á milli mánaða auk þess sem verð á matvöru og bílum hækkadi sömuleið-

is, Þar af hækkadi kjötvöruverð um 3,0 prósent. Greiningardeildirnar höfðu gert ráð fyrir hækkun matvöruverðs en greiningardeild Landsbankans bendir að hækkun á verði kjötvara komi ekki á óvart þar sem jólahátíðin sé nýafstaðin.

Deildirnar áréttuðu fyrri verðbólguþéttir sínar í gær og voru sammála um að verðbólga lækki skarpt eftir að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvæla verðs komi inn í verðbólguútreikningana í vor. Muni verðbólga fara niður í allt að 4 prósent eftir tvo mánuði og geti farið undir verðbólguþétt Seðlabankans um mitt ár.

- jab

Actavis nálægt fullkomnun

Actavis kemst nærri því að vera hið fullkomna fyrirtæki. Svo segir í nýrri greiningu fjárfestingarbankans Merrill Lynch, sem kom út í gær. Í greiningunni kemur fram að Actavis sé tíu prósentum undir meðalverði sambærilegra félaga í Evrópu og Bandaríkjunum. Bankinn metur gengi félagsins á 67 krónur á hlut sem er í samræmi við núverandi gengi Actavis á markaði. Þó kemur fram að gangi bjartsýnisþáttur eftir eigi félagið allt að tuttugu prósentum verðhækkun inni á bréfum sínum.

Áður hafa Credit Suisse og ABN Amro gefið út greiningar á félaginu. Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta hjá Actavis, segir sterkt að geta vísað í greiningar erlendra banka. „Við erum þeirrar skoðunar að erlendar greiningar á íslensk félög í kauphöllinni skipti bæði fjárfesta hér heima og erlendis miklu máli.“

- hhs

Skuldabréfaútgáfa hjá Glitni

Glitnir gekk í gær frá samningi um skuldabréfaútgáfu fyrir 1,25 milljarða Bandaríkjadali eða um 89 milljarða króna til fimm ára.

Kjörin eru 47 punktum yfir millibankavöxtum eða 10 punktum yfir tryggingaálagi skuldabréfa bankans og þykir endurspeglar betri stöðu frá síðasta ári, að því er fram kemur í tilkynningu frá Glitni.

Skuldabréfaútgáfan, sem er svokölluð alheimsútgáfa, var seld til fagfjárfesta í Bandaríkjunum, Evrópu og í Asíu. Mikil umfræftirspurn var eftir skuldabréfunum og óskuðu fjárfestar eftir að kaupa fyrir sem svarar 240 milljörðum íslenskra króna.

- jab

Stofnfé SpKef á tilboðsmarkaði

Viðskipti með stofnfé Sparisjóðsins í Keflavík hófust á skipulögðum stofnfjármarkaði sparisjóðsins í gær. „Með tilboðsmarkaði og skýrum reglum um framkvæmd viðskipta með stofnfjárluti, hæfi til kaupa og upplýsingagjöf til stofnfjáreigenda vill stjórn SpKef leitast við að gera viðskipti með stofnfé gagnsæ og tryggari fyrir stofnfjáreigendur,“ segir í tilkynningu á heimasíðu sparisjóðsins.

Þetta er annar markaður sinnar tegundar á Íslandi, en SPRON hefur starfrækt eigin stofnfjármarkað frá haustinu 2004.

Mikil viðskipti hafa verið með stofnfé í SpKef á gráa markaðnum að undanfögnu og hefur gengi stofnfjárbrefanna hækkad um þriðjung á skömmum tíma. Þennan mikla áhuga má meðal annars rekja til skráningar Existu í Kauphöll Íslands á haustdögum. SpKef, sem átti þá þriggja prósent hlut í Existu, bókfærði 3.840 milljónir króna í hagnað við skráninguna. Til samanburðar var eigið fé sparisjóðsins 4.662 milljónir króna um mitt síðasta ár.

- epa

ÚTSALA

Allt að 70% afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!



-30%



-30%



-30%



-50%



Næurljós, 3 í pk.

-70%



-50%



-30%



-30%



-50%

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opíð virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16



Nýtt í Nóatúni
 EKTA PIZZA
 AÐ HÆTTI BÖRSUNGA
998 kr. stk.



Úr
 Kjötborði
 Nóatúns

Þú sparar
600 kr. kg
 UNGNAUTAHAKK
 ÚR KJÖTBORÐI
798 kr. kg



25%
 afsláttur
 GÓÐA
 SÚPUKJÖT
399 kr. kg



Úr
 Fiskborði
 Nóatúns

Þú sparar
300 kr. kg

LAXASTEIK
 MEÐ TERIYAKI OG BRANDY
1.698 kr. kg



Úr
 Fiskborði
 Nóatúns

Þú sparar
300 kr. kg

KEILA
 Í TÓMAT OG BASIL
998 kr. kg



Úr
 Fiskborði
 Nóatúns

Þú sparar
400 kr. kg

FISKIBOLLUR 3 TEGUNDIR
 SMÁAR BOLLUR 798 kr. kg. – Fylltar Bollur 898 kr. kg

Grænigardur
 Lífrænt
 og hollt

Erewhone
 morgunkorn

Organic
 hafragrautur

15%
 afsláttur

Frí sýnishorn
 á meðan birgðir endast

Asian gourmet lína
 fyrir öll tækifæri

25%
 afsláttur

Bestir í kjöti
NÓATÚN

Tilboð! Kjúklingur

Heitt MEÐ
 Heim

Pönnuréttir dagsins!

Fljótlegir og hollir réttir í hádeginu eða á kvöldin, heitt með heim.

Ýmsir heilsu- kjöt- fiski- núðlu- eða pastaréttir ásamt meðlæti í pönnunum á hverjum degi.

Egils gos 0,5l fylgir öllum réttum!



Mundu eftir
 Gourmet barnum
 í Smáralind!




40%
 afsláttur

MÓA 1/1
 KJÚKLINGUR

449 kr. kg



Nú er þorrinn framundan!



Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN




KONFEKT EPLI
 199 kr. pk.



GREIP, RAUTT
 99 kr. kg



FLORETTE CATALAN SALAT
 289 kr. pk.



ICEBERG
 299 kr. kg.



BLAÐLAUKUR
 169 kr. kg.

5 á dag

Verði ykkur að góðu!

„Faðir minn í Kaupping, gullið malar, kling, kling ...“

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er fjall- að um einkennilegan draum og útburð- arvæl í Lundúnum. Einnig er minnst á ferðalag íslenskra þingvenna á vit arabískra olíufursta, afmælisdaga, verðlag og sykur sem vímuefni.

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



Íslenskar konur í tygjum við olíu- fursta

Það er nú ekki oft sem íslenskum stjórnámálanönnur tekst að ganga fram af mér, en þó kemur það fyrir. Tilkynnt hefur verið að olíudrottningin okkar Sólveig Pétursdóttir ásamt kvennanefnd frá þinginu sé að fara til Sádi-Arabíu! Hvernig dettur Alþingi Íslendinga í hug að stofna til vináttu- tengsla við þann óaldrarflokk sem ræður ríkjum í Arabíu – að ég tali nú ekki um að senda þeim kven- fólk?

Eina jafnréttið sem konur þar í landi búa við er að það þykir jafn sjálfsagt að hálsleggja þær eins og karlmenn. Þær fá ekki að aka bíl né vera einar á ferli. Og leyfi til að ganga í hjónaband fá þær aðeins ef einhver karlmaður í þeirra skyldulíði gefur sitt sam- þykki.

Núna nýlega fengu arabískar konur loks leyfi til að stunda háskólanám – en þær þurfa þá að sitja í sérstökum afkimum og góna á fyrirlestra á sjónvarpskjám til að trufla ekki strákana í kennslu- stundinni eða setja próffessorana út af laginu með lítilmótlegu kyn- ferði sínu.

Þetta er land sem tíuþúsund- aðunuleysingja-fjölskylda stýrir með aðkeyprtri aðstöð klerkastétt- arinnar og hervaldi; þessir bandamenn eiga þá sameigin- legu hagsmuni að sitja að olíuauðæf- um landsins. Hinir sílspikuðu úlfalda- smalar af Sád- ættinni kalla sig núna kónga, prinna og fursta og halda uppi dýrustu hóruhús- um og spilavítum í Evrópu. Þarna þykir þræla-

hald jafn sjálfsagt og sú föstudags- afþreying að fara niður á torg og horfa á fólk hálsleggvið.

Ég bjó í þessu skelfilega landi í heilt ár af því að ég var að vinna hjá íslensku fyrirtæki sem starf- aði þar. Hvort íslensk fyrirtæki ættu að starfa þarna er auðvitað álitamál en fráleitt ætti Alþingi Íslendinga að leggja blessun sína yfir þá skrápasamkomu sem kallar sig ráðgjafabing í þessu svarta einræðishelvíti.

Ef tilgangurinn er sá að suða út stuðning við framboð Íslands til öryggisráðsins þá sýnir það að þeir sem ráða íslenskum utanrík- ísmálum láta sér smáatriði eins og lýðræði eða mannréttindi í létu rúmi liggja.

Ja-svei!
Ég hélt reyndar að íslenskar konur væru skynsamari en þetta.

Skrýttinn draumur
Mig dreymdi skrýt- inn draum.

Mér fannst ég væri staddir í Lond- on fyrir utan hótél sem heitir Hampton Court Palace. Þaðan heyrðist mikill veisluglaumur. Ég stóð og virti fyrir mér upplýsta bygginguna og þá heyrði ég óhugn- anlegt væl fyrir aftan mig.

Ég sneri mér við og sá þá reifa- stranga liggja í götúræsini. Ég fer að aðgæta þetta betur og sé þá að þetta er útburður, heldur ófrýni- legur, hann glottir út að eyrum og minnir mig helst á breska gaman- leikarann John Cleese.

Allt í einu hvesir útburðurinn á mig augun og tekur að emja. Ég heyrði að hann er að reyna að segja eitthvað og eftir því sem ég gat greint orðaskil heyrðist mér hann væla eitthvað á þessa leið:

Faðir minn í Kaupping,
gullið malar kling, kling,
Djömmum dátt með Duran Duran, dúllan mín í Kaupping.

Það þarf ekki að orðlengja það að ég hrökk upp með andfælum – sennilega út af ofstuðlun í síðasta vísuorðinu – og flýtti mér á fætur til að fá mér kaffibolla og jafna mig.

Hugsanlega stendur þessi

draumur í sambandi við fréttir af skemmtanahaldi í boði Kaupþings í Lundúnum. En þar á bæ virðast menn staðráðnir í að leysa olíufur- stana af hólmi sem methafar í plebbagangi nýríkra. Í fyrri var hlegið að Kaupþingsmönnum í öllum klúbbum fina fólksins fyrir að panta ellismellinn Tom Jones til að mæta í einkasamkvæmi og taka lagið. Núna var það víst Duran Duran.

Þetta finnst Bretum álíka kúlt- íverað og að sjá einhvern klóra sér í höfðinu með gafflinum sínum eða snýta sér í borðdúkinn. Maður heyrir hlátrasköllin alla leið frá Lundúnum yfir molbúahætti ný- ríku plebbanna frá Íslandi.

Reyndar hélt ég að bankar vildu hafa þá mynd að þeir séu traustir og vandaðir. Sú mynd fæst ekki með því að brúðla og berast á og hegða sér eins og nýríkur bavían, samanber hina ámátlegu auglýsingaherferð með John Cleese í aðalhlutverki þar sem vesalings maðurinn er látinn guggna á því að bera fram orðið „Kaupþing“. Glætan.

Áðrir bankar gera ekki svona. Ekki vegna þess að þeir hafi ekki efni á því heldur vegna þess að þeir kunna sig. Mér finnst að minn viðskiptabanki eigi að halda uppi einhverjum lágmarks standard. Það væri velkomið að segja þeim til í almennum mannsiðum, þeir geta þá sagt mér til í fjármálum í staðinn.

Burtséð frá erfiðum draumfór- um var þetta ágætur dagur.

Með kvöldkaffinu las ég svo

frétt um að Íslendingar haldi áfram að skara fram úr öðrum þjóðum.

Árið 2005 var verðlag hæst á Íslandi af öllum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Verð á mat- vælum og óáfengum drykkjarvör- um var 62% yfir meðalverði í Evr- ópusambandinu.

Frekar þann versta en þann næstbesta, sagði Snæfríður Íslandssól. Við erum soldið spes herna á eyjunni.

Tvítugsafmæli

Hrafn Práinsson varð tvítugur í dag og er ekki lengur táningur. Við gerð- um okkur dagamun hér heima, en afmælisbarnið afþakkaði öll meiriháttar veislu- höld.

Ég varð tvítugur á því herr- ans ári 1964 og man því miður ekki neitt eftir þeim degi. Á þeim árum fannst mér tím- inn líða lötur- hægt og fram- tíðin ætlaði aldrei að koma. Nú er hún búin að vitja mín en Krummi bíður enn áteka.

Í fréttum er það helst að heildsalar hafa hækkað verð á innfluttum matvælum um 3 til 5% að undan- förnu og vísa til gengisþróunar og

hækkunar á erlendum mörkuð- um.

Það er merkilegt á þessu landi okkar að fyrirhugaðar verðlækkanir skuli leiða til verðhækkana. Hagfræðin á Íslandi hefur löngum verið kenjöttari en veðurfræðin.

Sykur sem vímuefni

Í dag hélt hann Andri minn upp á níu ára afmælið sitt og bauð strákunum í bekknum að koma og samgledjast sér. Þetta eru fjörungir náungar og þetta var hin besta skemmtun.

Mér fannst mjög merkilegt að sjá hóp átta og níu ára gamalla dregnja fá sykursjokk og komast í sykurvímu.

Þetta atvikaðist þannig að meðan afmælisbarnið og boðsgestir voru að bíða eftir pitsunum sem boðið var upp á nörtuðu þeir í sælgætis- mola sem komið hafði verið fyrir í nokkrum skálum víðsvegar um húsið.

Um leið og síð- asta skálin hafði verið tæmd sá ég með eigin augum að það var farið að svífa á mannskapinn, sam-

kvæmiskliðurinn breyttist í hávaða, köll í öskur og skræki, allar hreyfingar urðu örur og ýktar og það var engum blöðum um það að fletta að sykurrinn hafði sviðið illilega á samkvæm- ið.

Ég var kominn á fremsta hlunn með að hringja í 112 og biðja nýja lögrelustjóran okkar um að gerast sýnilegur en þá tók Sólveig til við að útteila flatbökunum. Með einhverjum efnaskiptum sem ég kann ekki skil á tókst pitsunum að eyða sykurráhrifunum á skammri stund og ég hætti við að hringja í 112. Drengirnir urðu aftur eins og þeir eiga að sér að vera, bláedru og fínir.

Ég mun ekki í framtíðinni van- meta sykur sem vímuefni.



Janúar
6
LAUGARDAGUR



Janúar
8
MÁNUDAGUR



Janúar
9
ÞRIÐJUDAGUR



Janúar
10
MIÐVÍKUDAGUR



Hugmyndaríkar konur ...
... athugið!

Impra – nýsköpunarmiðstöð heldur námskeiðið

Brautargengi - Reykjavík

fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu.

Tímabil: **Kennt er einu sinni í viku. Kennsla hefst 24. janúar 2007.**

Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðu Impru, www.impra.is, eða í síma 570 7267.

Skráningu lýkur **18. janúar 2007.** Takmarkaður fjöldi.

Brautargengi er styrkt af sveitarfélögum



BRAUTARGENGI



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

PEUGEOT

ÁR SJÖUNNAR

OPNAR MEÐ SJÖUTILBOÐ

ALLT AÐ
320.000 KR
AFSLÁTTUR
Í LJÓNAMERKINU

ALLT AÐ
320 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



1007 City

ALLT AÐ
166 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



807 2,0 Hdi

ALLT AÐ
115 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



307 1,4

ALLT AÐ
136 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



307 1,6 SW

ALLT AÐ
100 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



206 1,4 S-line



407 1,8

ALLT AÐ
289 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR

ALLT AÐ
129 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



307 1,6 Station

ALLT AÐ
169 ÞÚS. KR.
AFSLÁTTUR



407 SW 2,0

DÆMI UM AFSLÁTT

	Tilboðsverð	Verð áður	Afsláttur
1007 City 1,4 Hdi diesel, 5 gíra	1.599.000	1.919.000	320.000
206 1,4 S-line bensín, 5 gíra	1.564.000	1.664.000	100.000
307 1,4 bensín 5 dyra, 5 gíra	1.770.000	1.885.000	115.000
307 1,6 Station, 5 gíra	1.990.000	2.119.000	129.000
307 1,6 SW bensín 5 gíra	2.120.000	2.256.000	136.000
407 1,8 4dyra bensín 5gíra	2.090.000	2.379.000	289.000
407 SW 2,0 bensín sjálfsk.	2.630.000	2.799.000	169.000
807 2,0 Hdi diesel sjálfsk. 7 manna	3.765.000	3.599.000	166.000

Bílar á mynd geta verið með aukabúnaði

www.peugeot.is

Ár sjöunnar er runnið upp. Komdu og lyftu þér upp og sjáðu Peugeot 1007, 307, 307 SW, 307 Station, 407, 407 SW og 807 á einstöku sjöutilboði; frábær afsláttarkjör í boði, bílalan og rekstrarleiga. Peugeot sjöan er meistarahönnun með víðáttu í innanrými, hlaðin tækninýjungum og ýmsum völdum búnaði sem þú getur hæglega bætt við, allt eftir þínum óskum og þörfum. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Vertu gáfnaljón, komdu í Bernhard, Vatnagörðum, og tryggðu þér sjöutilboð.

07



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagörðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Pork Roast
helgarsteik frá ALI



30% afsláttur við kassann

PORK ROAST kílóverð nú: **1049** KR.
MERKT VERÐ 1498.

BAJONSKINKA kílóverð nú: **1189** KR.
MERKT VERÐ 1698.

30% afsláttur við kassann

HUNANGS SVÍNAKÓTELETTUR kílóverð nú: **1518** KR.
MERKT VERÐ 2168.

NÚ ertu þó

Frosin ýsuflök kílóverð nú: **499** KR.
MEÐ ROÐI

Frosin ýsuflök með roði

Ferskir bitar

Leggir eða læri kílóverð nú: **387** KR.
Merkt verð 645 KR.

40% afsláttur við kassann

2 lítrar

98 KR.

Steiktar fiskibollar 1% fita

Aðeins 1% fita

259 KR.
430g

Steiktar fiskibollar

Súpukjöt II. flokkur Íslandslamb

Nýtt EKKERT BRUÐ!

FERSKAR KJÖTVÖRUR

LAMBASÚPUKJÖT II. fl. kílóverð nú: **279** KR.

Bónus býður betur!

300 lýsisperlur

300 LÝSISPERLUR **359** KR.

500 ml BÓNUSLÝSI **359** KR.

300 töflur **998** KR.
OMEGA-3

BRANDMANN LYSI

SKOSKI LEIKARINN GERALD BUTLER
ER 38 ÁRA Í DAG



„Þegar öllu er á botninn hvolft snýst
þetta allt saman um að vinna
England.“

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 13. JANÚAR 1950

Sovétmenn snupra öryggisráðið

Pennan dag 1950 rauk fastafulltrúi Sovétríkjanna í öryggisráði SP, Jakob Malik, á dyr í annað sinn á einni viku. Þetta voru viðbrögð við niðurstöðu atkvæðagreiðslu um brottvísun ríkis þjóðernissinna sem eftir valdatöku kommúnista var takmarkað við Taívan eða Formósu. Nokkrum dögum fyrr hafði Malik gengið á dyr eftir að tillaga um aðild Kínverska alþýðulýðveldisins að Sameinuðu þjóðunum var felld. Um leið og Malik gekk á dyr í seinna skiptið tilkynnti hann að Sovétríkin myndu hinsa fundi öryggisráðsins. Aðrir fulltrúar í ráðinu ákváðu að halda áfram starfsemi þess, þrátt fyrir brottvarf Sovétríkjanna. Þessi afstaða Rússa átti eftir að koma þeim í koll. 27. júní



1950, eftir að Norður-Kórea réðst inn í Suður-Kóreu fluttu Bandaríkin tillögu um viðbrögð af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Sovétmenn voru fjarverandi og gátu því ekki beitt neitunarvaldi sínu gegn tillögunni. Því var herliðið sem brást til varnar og Bandaríkin veittu forystu, undir fána Sameinuðu þjóðanna.

Þetta sveið Sovétmönnum æ síðan. Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna höfðu stórveldin neitunarvald í öryggisráðinu. Þau voru – og eru – auk Sovétríkjanna, Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Kína. Þetta fyrirkomulag hefur sætt vaxandi gagnrýni á seinni árum en á sér líka einarða stuðningsmenn.

MERKISATBURÐIR

- 1559 Elísabet I krýnd í Westminster Abbey.
- 1898 Grein Zola, 'J'accuse', birtist í frönsku blaði.
- 1942 Fulltrúar níu þjóða sem hersetnar voru af Þjóðverjum samþykkja að þeir verði lögsóttir fyrir stríðsglæpi að styrjöld lokinni.
- 1949 Fyrsta íslenska talmyndin í litum og fullri lengd, „Milli fjalls og fjöru“ eftir Loft Guðmundsson, frumsýnd.
- 1953 Josip Broz Tito kosinn forseti Júgóslavíu.
- 1964 Karol Wojtyła verður biskup í Kraká. Hann varð seinna Jóhannes Páll páfi.
- 1968 Tet-sóknin hefst í Víetnam.

AFMÆLI



Ingimundur Sigfússon, fyrrverandi sendiherra, er 69 ára.



Ellen M. Ingvadóttir skjalabýðandi er 54 ára.



Henny Hermannsdóttir danskennari er 55 ára.



Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar, er 53 ára.

FÆDDUST ÞENNA DAG



Julia Louis Dreyfus leikkona 1961.



Nicole Eggert leikkona 1972.



Stephen Hendry snókerleikari 1969.



Orlando Bloom leikari 1977.



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR Fiðluleikarinn hressi heldur upp á fertugsafmæli sitt í kvöld. Býst hún við hátt í níutíu gestum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR: FERTUG Í DAG

Heldur smart kokteilboð

Fiðluleikarinn góðkenni Sigrún Eðvaldsdóttir heldur upp á fertugsafmæli sitt í kvöld á veitingastaðnum Angelo á Laugaveginum.

Veislan stendur yfir frá klukkan 19 til 21 og verður um „smart kokteilboð“ að ræða, eins og Sigrún orðar það. Sigrún, sem hefur starfað sem konsertmeistari Sinfóníuhljómveitar Íslands undanfarin níu ár, spilar á tónleikum fyrr um daginn og kemur síðan nánast beint í veisluna. Hún segist þó ekki ætla að taka fiðluna með sér og spila fyrir gestina, sem verða hátt í níutíu talsins. Engin önnur tónlistaratriði séu heldur plönuð. „Vonandi koma bara allir í góðu skapi og hafa það kósí. Ég

hef aldrei gert svona áður og vonandi verður maður ekki stressaður,“ segir Sigrún, eldhress að vanda. Vonast hún að sjálfsgötu til að þessi fyrsta stóra afmælisveisla sín gangi snurðulaust fyrir sig. Hún segist ekki hafa óskað eftir neinni sérstakri afmælisgjöf. „Það er allt saman aukaatriði. Það er bara gaman þegar allir eru saman og léttir á því. Mér finnst það svo skemmtilegt,“ segir hún og bætir við: „Mér finnst voða gott að vera að nálgaðast þennan aldur. Ég finn rosamun á mér og finn fyrir meiri orku og sjálfsöryggi. Það er eins og ég sé orðin lítil stelpa aftur og þegar ég lít til baka þá er ég líka nokkuð sátt.“

Aðspurð hvort hún hafi sett sér einhver markmið í lífinu, nú þegar þessum merka áfanga sé náð, vill Sigrún lítið sem ekkert gefa upp og segir það „algjört leyndó“.

Vinur Sigrúnar, klarinettuleikarinn Sigurður Ingvi Snorrason, er „gourmet listakokkur“ að hennar sögn og hefur hann veitt henni dygga hjálp við skipulagningu veislunnar í kvöld.

„Við ætlum að hafa æðislega munnbita og búa til ýmislegt saman. Svo er mamma, systir mín og frænka að hjálpa, en það er gott að hafa einhvern sem skipuleggur þetta með manni,“ segir Sigrún.

frey@frettabladid.is



80 ára Petrea Guðný Pálsdóttir

frá Grundarfirði verður 80 ára
14. janúar 2007.

Hún tekur á móti ættingjum og vinum í Góðtemplarahúsinu við Suðurgötu 7, Hafnarfirði, kl. 14.00 til 17.00 sunnudaginn 14. janúar.



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Leó Hálfánarson
Hábæ 33,

andaðist að heimili sínu miðvikudaginn 10. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

Ragnhildur Oddný Guðbjörnsdóttir
Jónína Haraldsdóttir
Stefanía Halldóra Haraldsdóttir
Sigurður Már Haraldsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

22 nýir ökukennarar voru brautskráðir við hátíðlega athöfn frá Kennaraháskóla Íslands hinn 9. desember. Flestir eru þeir af suðvesturhorninu en 6 úr hópnun eru búsettir á Norðurlandi.

Símenntunarsstofnun KHÍ hefur haft menntun ökukennara á sinni könnun frá árinu 1993 og hafa nú alls verið brautskráðir 124 ökukennarar frá skólunum. Þann tíma hefur nám ökukennara þróast og eflst og nú telst námið vera 30 einingar á háskólastigi, sem samsvarar fullu námsári en til inngöngu í námið er meðal annars krafist stúdentsprófs eða samþættingar menntunar.

Sólrún B. Kristinsdóttir, forstöðumaður Símenntun-



NÝIR ÖKUKENNARAR Alls hafa 124 ökukennarar brautskráðst frá KHÍ síðan 1993.

arstofnunar KHÍ, stjórnaði athöfninni en Arnaldur Árnason, verkefnastjóri

ökukennaranáms, flutti ræðu þar sem hann gerði grein fyrir námi hinna

nýju ökukennara og afhenti þeim síðan prófskírteini sín.

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420



Haleywood borðstofuborð og 6 Arjan stólar

Stærð: 140x140

Verð áður: 176.000,-

-70%

Verð nú: 52.800,-



Madison sófaborð í hnotu m/skúffu 120x70

Verð áður: 35.000,-

-30%

Verð nú: 24.500,-

Madison borðstofuborð og 6 Mona stólar

180x100

Verð áður: 134.000,-

-30%

Verð nú: 93.800,-

Skenkur

180x45xH:90

Verð áður: 94.000,-

-30%

Verð nú: 65.800,-

Madison sófaborð

-30%

Stærð: 135x70

Verð nú: 20.300,-

Stærð: 60x60

Verð nú: 13.860,-



Útsala **20-70% afsláttur** Útsala



Metro tungusófi

Færanleg tunga

Microfiber áklæði, hægt að taka af og hreinsa

Stærð: 215x165

Verð áður: 128.000,-

-40%

Verð nú: 76.800,-



Manhattan leðurtungusófi

Einnig fánlegur í ljósu leðri

Stærð: 290x170

Verð áður: 198.000,-

-30%

Verð nú: 138.600,-



Sevilla leðursófasett

Einnig fánlegt í ljósu leðri

3+1+1

Verð áður: 228.000,-

-30%

Verð nú: 159.600,-

3+2

Verð áður: 212.000,-

-30%

Verð nú: 148.400,-



Bushan tungusófi

Færanleg tunga

Microfiber áklæði, hægt að taka af og hreinsa

Stærð: 262x155

Verð áður: 158.000,-

-20%

Verð nú: 126.400,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - www.egodekor.is

FALLEGT GARN Í FRJÓ- AN JARÐVEG

Handprjónaður fatnaður er hátískuvara, hvort sem um ræðir peysur, grifflur, trefla eða sjöl.

TÍSKA 7



HÆTTUR Í UMFERÐINNI

Breyttir jeppar eru ekki hættulegri en óbreyttir.

BÍLAR 2



allt

FASTEIGNIR

HEIMILI

HEILSA

HÚS

BÖRN

NÁM

FERÐIR

MATUR

BÍLAR

TÍSKA

ATVINNA

BRÚÐKAUP

TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR TÍSKA FERÐIR]

Útivistarræktin á vegum Útivistar stendur fyrir göngu um Elliðaárdal á mánudaginn. Lagt verður af stað klukkan 18.00 frá stóra brúna húsinu í Elliðaárdalnum. Áð er við Árbæjarlaug en göngunni lýkur á sama stað og hún hófst.

Oliufélögin hækkuðu meðal-álagningu á bensín um 8,6% á árinu 2006 samanborið við álagninguna 2005. Íslenskir neytendur borguðu að meðaltali ríflega 2 kr. meira fyrir hvern lítra af bensíni 2006 miðað við 2005. www.fib.is

Svanakjöllinn sem söngkonan Björk klæddist við óskarsverðlaunaafhendinguna árið 2001 verður ekki hluti af tísku-sýningu sem haldin verður í tengslum við hátíðina í vor. Þar verða sýndir kjólar sem hafa vakið hvað mesta athygli á dreglinum yfir árin. Ástæðan er sú að eigendur kjólsins vildu ekki láta sýna hann.



GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
13. janúar, 13. dagur
ársins 2007.



	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.00	13.36	16.14
Akureyri	11.06	13.21	15.36

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Aðalsteinn Stefánsson var alltaf hrifinn af Dodge sportbílum og því stór stund þegar hann eignaðist loks draumabílinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Dodge-inn bara spari

Þegar Aðalsteinn Stefánsson var lítill drengur átti hann sér þann draum heitastan að eignast amerískan sportbíl. Draumurinn varð að veruleika þegar hann eignaðist Dodge Dart af árgærd 1969 sem hann notar þó aðeins á tyllidögum.

„Það komu um fimmtán bílar til landsins vegna mistaka í lok sjöunda áratugarins og það þótti ekki borga sig að senda þá til baka,“ segir Aðalsteinn Stefánsson stoltur eigandi Dodge Dart 1969.

Hann eignaðist bílinn fyrir tíu árum þegar börnin voru vaxin úr grasi og hefur eytt dágóðum tíma í að gera upp þennan kraftmikla kagga. Af þessari óvæntu send-

ingu eru sjö bílar eftir en fáir á götunni. „Þetta eru kraftmiklir bílar og án efa einhverjir sem hafa lent í tjóni út af hraðakstri, en í dag rúntum við bara í rólegheitum og látum aðeins heyra í okkur,“ segir Aðalsteinn sem er meðlimur í Fornbílaklúbba Íslands og Krúserum, samtökum sportbíla-eigenda.

Dóttir Aðalsteins er ekki komin með ökuréttindi en finnst gaman að rúnna með pabba á meðan sonurinn fær að aka undir ströngu eftirliti enda nýkominn með bílpróf.

Þrátt fyrir að hafa eytt bæði tíma og pening í Dodge-inn segir Aðalsteinn reksturinn vera ódýran. „Það eru hvorki bifreiðagjöld né tryggingar, auk þess sem hann eyðir um 80 lítrum á ári, svo hann er sennilega ódýrari í rekstri en hestur,“ segir Aðalsteinn brosandi.

rh@frettabladid.is



Nýr sjúkráþjálfari



Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir var að ljúka mastersnámi (MT) í sjúkráþjálfun í Ástralíu og hefur hafið störf hjá okkur.

HREYFI GREINING
SJÚKRÁÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

ÞÁTTUR SEM SLEGIST HEFUR VERIÐ UM

Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

Studio 60 hefst í janúar



GOTT FOLK McCANN



Toyota stækkar en Ford tapar

Árið sem er að líða var gott ár fyrir íslensk bílaumboð. Bílaframleiðendur eru hins vegar ekki allir jafn ánægðir.

Árið var afar misgott hjá bílaframleiðendum. Þeim sem gekk hvað best voru Volkswagen sem átti metár, Toyota sem stefnir hraðbyri að því að velta GM úr sessi sem stærsti bílaframleiðandi heims, KIA sem á árinu opnaði eina fullkomnuustu bílaverksmiðju heims í Slóveníu, og Lamborghini sem átti sitt besta ár hingað til.

Ekki gekk öllum framleiðendum jafn vel og ofangreindum fyrirtækjum. Ford átti afar erfitt ár sem markaðist af minnkandi sölu, niðurskurði, fyrirhuguðum uppsögnum og lokun verksmiðja. Skipt var um stjórnarformann en allt kom fyrir ekki. Skipið heldur áfram niður



Þrátt fyrir mikla sölu hérlendis gengur Ford illa á heimsvísu. Árið hefur í raun verið ískalt hjá fyrirtækinu.

öldudalinn og virðist ekki skipta máli hver stendur í brúnni. Fundur stjórnarformanna Ford og Toyota í desember síðastliðnum ýtti undir sögusagnir þess eðlis að fyrirtækin myndu sameinast en bæði fyrirtækin neita að slíkur samruni sé í burðarlíðnum.

Annað er uppi á teningnum á Íslandi. Ford-umboðinu hérlendis gekk mjög vel og var síðasta ár metár hjá Brimborg. Liggur munurinn líklegast í þeim tegundum sem seldar eru. Fyrirtækið hefur veðjað á stærri jeppa og pallbíla á heima-markaði en eftirspurnin eftir slíkum bifreiðum hefur minnkað mjög í Bandaríkjunum. Hér á landi er það hins vegar jepplingurinn Escape og fólksbíllinn Focus sem seljast best.

Sem fyrr ber Toyota höfuð og herðar yfir aðra framleiðendur í sölu nýrra bíla á Íslandi. Ford, Skoda og Volkswagen seljast einnig vel sem og Honda, Mitsubishi og Hyundai.



Góður árangur Toyota á heimsvísu er ekki síst að þakka hybrid-tvinnbílum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breyttir jeppar ekki hættulegri en óbreyttir

Jeppar eru mun hættulegri í umferðinni en fólksbílar. Þetta á bæði við í tilfellum útafaksturs og árekstra.

Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson sviðsstjóri við Washington-háskóla hélt erindi í Háskóla Íslands um muninn á öryggi jeppa og fólksbíla í umferðinni hér á landi. Margt forvitnilegt kom fram í erindinu en Guðmundur segir að jeppar virðist hættulegri farartæki en önnur er kemur að alvarlegum slysum. Niðurstöður sínar byggir hann á tölum Umferðarstofu á árunum 1991 til 2001.

Ökumönnum jeppa sem lenda utan vega er hættara við að hljóta alvarleg meiðsla eða láta lífið en ökumönnum fólksbíla í sambærilegum aðstæðum. Þarna er átt við ef bifreiðin lendir í árekstri við harðan hlut, eins og vegg eða staur. Ekki er átt við veltur.

Svipaðar líkur eru á meiðslum ef tveir jeppar lenda saman í árekstri og ef um tvo fólksbíla væri að ræða. Hins vegar aukast líkurnar á alvarlegum slysum til muna á ökumanni fólksbíls lendi hann í árekstri við jeppa. Að sama skapi er ökumaður jeppans öruggari.

Árekstrar jeppa og fólksbíla eru sérstaklega hættulegir ökumönnum fólksbíla ef um hliðará-



Líkurnar á slæmum slysum aukast ef fólksbíll lendir í árekstri við jeppa. Skiptir þá ekki máli hvort jeppinn er breyttur eða óbreyttur.

rekstur er að ræða þar sem jeppi keyrir inn í hlið fólksbíls. „Svo virðist sem stuðarar jeppabifreiða lendi fyrir ofan styrktar hurðir og fari í gegnum rúður og karma fólksbifreiðar þar sem vörnin er lítil,“ sagði Guðmundur meðal annars í erindinu.

Athygli vekur að sögnin um að breyttir jeppar séu hættulegri en óbreyttir virðist ekki eiga við rök að styðjast. Þeir lenda ekki í fleiri óhöppum hlutfallslega og meiðslin sem þeir valda eru ekki alvarlegri en ef um óbreyttan jeppa væri að ræða. Hingað til hefur verið talið

að breyttir jeppar væru óstöðugri og líklegri til að velta og valda slysum en Guðmundur segir að við fyrstu sýn virðist ekki svo vera.

„Það er vitað að þegar stuttir jeppar eru hækkaðir verða þeir valtari en flestir þeir bílar sem eru hækkaðir eru mjög langir og kemur hækkin því ekki að sök. Margir þeirra eru líka breikkaðir og það gerir bílana jafnvel stöðugri en áður,“ sagði Guðmundur en ítrekaði að hann hefði ekki tölfræði í höndunum til að sanna eit ne neitt í þessum efnum.

trygvi@frettabladid.is

**GLÆSILEGT ÚRVAL!
ALLAR GERÐIR AF HJÓLHÝSUM FRÁ:
LMC • FENDT • KNAUS • BÜRSTNER
ÁRGERÐIR 2007**



**OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16 OG SUNNUDAG KL. 13-17.
VERIÐ VELKOMIN!**



Jaguar C-XF verður farartæki 007 í næstu Bond mynd.

Jagúar næsti Bond-bíllinn

ALLT ÚTLIT ER FYRIR AÐ JAMES BOND AKI UM Á JAGÚAR Í NÆSTU BOND-MYND.

Bíllinn sem um ræðir er Jaguar C-XF. Bíllinn var frumsýndur á bílasýningunni í Detroit í vikunni og þykir líklegur sem farartæki Bonds í mynd númer 22.

Ford gerði 100 milljón dollara þriggja mynda samning sem byrjaði með Die Another Day. Í nýjstu myndinni, Casino Royale var Aston Martin DBS í aðalhlutverki en þar sem Ford er að reyna að selja Aston er líklegt að Ford velji nýjasta Jagúarinn sinn fyrir njósnara hans hátignar.

Bond vekur mikla athygli hvert sem hann fer og er ljóst að fáar leiðir eru betri til að auglýsa nýjan bíl en hafa Bond undir stýri.

- tg



Í nýjstu Bond myndinni keyrði njósnarinn um á Aston Martin DBS.



1939 Auto Union D-Type kappakstursbíllinn fyrir framan Christies-uppboðshúsið á síðasta ári. Bíllinn verður boðinn upp í febrúar í París.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Uppboð á merkum kappakstursbíl

Auto Union D-Type kappakstursbíll af árgæðinni 1939, sem sérpantaður var af Adolf Hitler, verður boðinn upp í febrúar.



Kappakstursbíllinn var sérpantaður af Adolf Hitler og verður líklega dýrasti bíllinn sem seldur hefur verið á uppboði.

Kappakstursbíllinn er einn af tveimur sem til eru af þessari gerð í heiminum. Hann er talinn einn mikilvægasti bíllinn í sögu kappaksturs og verður að öllum líkindum dýrasti bíllinn sem seldur hefur verið á uppboði.

Auto Union kappakstursbíllarnir voru hannaðir af Ferdinand Porsche en hann byggði vélina lauslega á vél hins fræga Benz Tropfenwagen 1923. Vélín í bílnum er fyrir aftan bílstjórnann og þótti sú hönnun nokkuð óvenjuleg. Það tók um tuttugu ár þar til þessi hugmynd náði fótfestu í kappakstursheiminum. Ástæðan var að hluta til sú að sumum öikumönnum fannst erfitt að ná tókum á bílnum.

Notaðar voru vélar með forþjöppu sem leiddu að lokum til þess að bílarnir skiluðu 550 hest-

öflum sem gerði bílana enn vandmeðfarnari. Vélín var fyrst V16 vél sem Porsche hafði byrjað að hanna áður. Með nýjum reglum í Grand Prix kappakstrinum árið 1938 var henni breytt í V12-vél.

Bensintankurinn var í miðju bílsins beint fyrir aftan bílstjórnann til þess að þyngdin dreifðist jafnt á bíllinn þótt gengi á bensín. Opnir kappakstursbílar í dag eru eins að þessu leyti.

Auto Union D-Type frá 1939 verður boðinn upp hjá Retromobil í París 12. febrúar næstkomandi.

Bíllinn var í eigu Adolfs Hitler sem sérpantaði hann.

- sgi

Roomster frumsýndur

Í dag verður nýjasti meðlimur Skoda-fjölskyldunnar frumsýndur, Skoda Roomster.



Samfara frumsýningunni verður HM leikur fyrir alla þá sem reynsluaka Roomster. Nöfn þeirra fara í pott og í boði fyrir vinningshafa er ferð fyrir tvo á úrslitaleikinn í HM sem fram fer í Köln í Þýskalandi, sunnudaginn 4. febrúar. Flogið verður með Ícelandair og gíst á glæsilegu hóteli.

Í fréttatilkygningu frá Heklu segir að Roomster sé „rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði, og kosti frá 1.790.000 krónum. Skoda Roomster á eftir að

Boðið verður upp á veitingar og blöður fyrir börnin er Skoda Roomster verður frumsýndur hjá Heklu.

koma íslensku þjóðinni skemmtilega á óvart en bíllinn var valinn bíll ársins 2007 í Finnlandi fyrir skemmstu.“

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskafsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

HJÓLHÝSASÝNING UM HELGINA

100.000 KR.
AUKAHLUTAPAKKI
FYLGR HVERJU HJÓLHÝSI



VÍKUR
V • E • R • K

Góðar hugmyndir og slæmar

Bílasýningin í Detroit er nú í fullum gangi. Á sýningunni eru fjölmargir hugmyndabílar.

Bílasýningin í Detroit er einn af stærstu árlegu viðburðum bílunnenda. Hún vekur óskipta athygli fjölmörgu sem og flestra sem hafa eitthvað um bíla að segja. Enn fremur koma hundruð þúsunda gesta til að berja dýrdina augum og láta sig dreyma um bíla sem aldrei verða framleiddir eða eru allt of dýrir fyrir meðaljóninn.

Allir stærri bílaframleiðendur eru að vanda mættir með nýjar árgæðir, útgáfur, og hugmyndabíla. Hérna eru sýnis-horn af hinu besta og hinu versta.



Umhverfismál og umhverfisvænir orkugjafir eru heitustu málin í Detroit þetta árið. Toyota er leiðandi á þeim markaði með hybrid-bílana sína og ef marka má útlitið á nýja FT-HS hybrid-bílnum munu fyrirtækið halda forstuhlutverki sínu.

NORDICPHOTO/GETTY IMAGES



Formúlu 1 ökuþórinn fyrverandi, Juan Pablo Montoya, ætlar að reyna fyrir sér í NASCAR. Hér stendur hann fyrir framan nýja Dodge Avenger kappakstursbíl sinn sem notaður verður á næsta ári í Nextel Cup. Hann ætti ekki að vera í vandræðum með að aka honum beint áfram í NASCAR eftir allar beygjurnar í Formúlunni.



2008 árgæð Porsche Cayenne skartar sínu fegursta á sýningunni. Hér er ekki hugmyndabíll á ferðinni heldur bíll sem á næsta ári verður hægt að fá í Bílabúð Benna.



Mitsubishi Lancer eru vinsælir bílar, ekki síst Evolution (Evo) útgáfur. Prototype X er eins konar hugmyndaútgáfa af Evo 10 bílnum en margir urðu fyrir vonbrigðum með litlar breytingar á 8 og 9. Hins vegar lofar 10 góðu ef marka má þennan bíl.

Ekki eru allir bílar jafn fallegir. Þrátt fyrir gríðarlegan uppgang í kínverska bílaiðnaðinum eiga Kinverjar langt í land hvað varðar finstillingu á ytri hönnun. Við Changfeng Liebao CS7 þarf að gera eitthvað róttækara en að finnstilla hann. Margir vilja meina að hér sé á ferð einn ljótasti bíll sýningarinnar.

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirk aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseginnleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða **gæðin** sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmit það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokki?

Veldu markvisst.
Vertu á nýjum Tucson Sport



BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

NÝR MARKVISS HYUNDAI
TUCSON SPORT
VERÐ KR. 2.790.000

HYUNDAI hefur gæðin

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Með bílinn handa þér



Holden Efíjy hugmyndabíllinn er án efa einn allra fallegasti gripurinn á sýningunni. Hann er byggður á klassískri hönnun FJ Holden frá 1953 og átti upphaflega að frumsýna hann árið 2003 í tilefni af 50 ára afmæli Holden. Bíllinn er rúmir 5 metrar á lengd og skilar V8-vélin tæplega 660 hestöflum, ellefu sinnum fleiri en FJ. Efíjy mun aldrei rata í almenna framleiðslu.



Honda Accord hefur verið tekið vel viðast hvar enda um vel útlitandi bíl að ræða. 2008 árgerðin er til sýnis í Detroit.



Nýr Lexus LF-A hugmyndabíll. Viðbrögð á sýningunni munu ráða miklu um hvort hann fer í framleiðslu eður ei. Þangað er þó langur vegur og víst að rati hann rétta leið verður honum mikið breytt. Slíkt er algengt með hugmyndabíla. Þeir eru tónaðir niður og gerðir minna framúrstefnulegir til að höfða til stærri markhóps.

SMS
Bilasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll vásttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smíðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautun@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 866 8317
Fax 567 1182

MAV
GRIP

Ísnaugar fyrir fjórhjól
auðveld ísetning

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

Alternatorar - Startarar

Í Fólksbíla, Vinnuvélar, Vörubíla, Rútur, Jarðýtur, Dráttarvélar o.fl.
Á lager og hraðpantanir, einnig viðgerðir.

Einnig:

- Truma Gasmíðstöðvar
- Bakmyndavélar, hefðbundnar
- Bakmyndavélar, á spegil
- Spennubreytar 12v/220. 150-3000 w
- Árekstrarvarar

YFIR 40 ÁRA REYNSLA OG ÞEKKING.

Valen & Truma umboðið

BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400

Evrópufrumsýning

á 2007 árg. **Chevrolet Silverado 1500**
hjá **IB ehf Selfossi** helgina **13.-14. jan.**



Verðlaunabíllinn frá GM

Opið kl. 11-16
báða dagana



Öruggir bílar til að vera á...

- Valinn Truck of the year af MotorTrend
- Frábær hönnun
- Meiri dráttargeta
- V8 vél 5,3L sem skiptir yfir í V4 undir litlu álagi
- 315 hestöfl
- Eyðsla frá einungis 10,51 litrar í langkeyrslu
- Spól- og skriðvörn
- Ekki hraðatakmarkari
- Þarf ekki meirapróf

Varahlutir - Sala - Ábyrgð - Þjónusta - Sérpantanir

Sími 4 80 80 80

Fossnesti A

800 Selfossi



KOLAPORTIÐ

OPIÐ

um helgina
frá kl. 11-17

pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is



Birna hefur búið á Húsavík næstum alla ævi og er ekkert á leiðinni í burtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SKARPUR

Húsvíkingar vel meðvitaðir um tískuna

Birna Ásgeirsdóttir opnaði nýverið tískuvörverslun á Húsavík en Birna rekur einnig hárgreiðslu-, snyrti- og nuddstofu í bænum.

„Við opnuðum tískuvörverslunina 9. nóvember og það gengur alveg rosalega vel,“ segir Birna Ásgeirsdóttir eigandi tískuvörverslunarinnar Metró á Húsavík. Birna rekur einnig hárgreiðslustofu, snyrtistofu og nuddstofu á sama stað en hún er lærd hárgreiðsludama.

Birna segir þrjár tískuvörverslanir á Húsavík, sem er 2.500 manna bæjarfélag, en Birna segir nægan markað fyrir þessar verslanir. „Húsvíkingar hafa tekið okkur mjög vel en við tókum húsnæðið mikið í gegn. Margar konur nota tímann þegar þær koma í

klippingu og litun og fara í styttri snyrtingu á meðan þær bíða með litinn í hárinu,“ segir Birna sem hefur búið næstum alla sína ævi á Húsavík nema þegar hún fór suður í nám og hún er ekkert á leiðinni í burtu. „Hér er ég fædd og uppalin og finnst frábært að búa hérna. Hérna er allt til alls og miðað við hvað bæjarfélagið er lítið er öll aðstaða hér til fyrirmyndar. Síðustu ár virðist sem fólk sé að koma heim aftur eftir nám sitt sem er alltaf mjög ánægjulegt. Okkur vantar samt fleiri atvinnutækifæri en það eru vonandi bjartir tímar framundan,“ segir Birna sem á tvö börn.

Birna segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á öllu sem viðkemur tísku og útliti. „Alveg síðan ég var lítil hef ég haft áhuga á tísku og að mínu mati eru Húsvíkingar mjög meðvitaðir um það sem er í gangi, hvort sem það snýst um hár eða tísku.“

- íð

MC PLANET⁺

ÚTSALAN ER HAFIN

OPID: Mán. - fös. 10 - 18 | Lau. 11 - 14

MC PLANET VERSLUN
Austurhraun 3 | 210 Gardabær | s: 533 3805

40%
30-70%
40%

Opið laugardag og sunnudag

Útsala 50%

	Áður	Nú
Ullarkápur	29.900	15.000
Mokkakápur	25.900	13.500
Ullarjakkar	12.900	5.900
Úlpur	12.900	5.900
Dúnkápur	22.900	11.500
Rússkinsjakkar	16.900	8.500
Pelsar	26.900	13.500

Mörg góð tilboð

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið í dag laugardag 10-18
Opið sunnudag 10-17

TÍSKUVERSLUN

Útsala

MARIA LOVISA

FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

www.marialovisa.com

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Konunglegur ilmur

NÝ SNYRTIVÖRULÍNA FRÁ VERU WANG KYNNT FYRIR ALMENNINGI.

Tiskuhönnuðurinn Vera Wang, sem er sjálfsagt einna þekktust fyrir hönnun brúðarkjóra og er eftirsótt af Hollywood-leikurum og öðrum stjörnum, hefur kynnt til sögunnar nýja snyrtivörulínu sem kallast Princess.

Snyrtivörulínan samanstendur af líkamskremi, áburði, húðhreinis-kremi og ilmvatni. Vörurnar eiga að sögn Veru að kalla fram prinsessuna í hvaða stúlku sem er, en markhópurinn er sýnilega í yngri kantinum.

Umbúðirnar utan um kremin styðja ofangreinda fullyrðingu en þær eru allar í stelpulegum prinsessustíl, hvítar með gylltri kórónu sem trónir á fjólubláu hjarta. Sömmuleiðis ilmvatnsflaskan, sem er eftirmynd hjartans með kórónunni.

Þess má jafnframt geta að opnuð hefur verið sérstök heimasíða tileinkuð snyrtivörulínunni. Þannig geta notendur síðunnar halað niður skjámyndum eða myndum í prinsessu-stíl, sett sig í hlutverk teiknimynda-prinsessu, skráð sig á myspace-síðu tileinkaðri þemanu, lesið sér til um sjálfa línuna og auðvitað pantað vörur.

Áhugasömum er bent á að fara inn á www.verawangprincess-beauty.com/US/.

Vera Wang er helst þekkt fyrir hönnun brúðarkjóra.

Fallegt garn fellur í frjóan jarðveg

Handþrjónaður fatnaður er há-tískuvara, hvort sem um ræðir peysur, grifflur, trefla eða sjöl.

Afgreiðslufólki í garnbúðum ber saman um að íslenskar konur séu duglegar að þrjóna og að þeim fari fjölgandi sem finnst það spennandi að kaupa sér garn og skapa úr henni fallega flík. „Það eru konur á öllum aldri sem stunda þrjónaskap og mér finnst það hafa færst í vöxt að ungar stúlkur þrjóni. Það er greinilega í tísku. Svo kemur einstaka karlmaður og kaupir sér garn. Það er frekar lítið um það en það er til,“ segir Ragnhildur Karlsdóttir í Moly-hannyrðaverslun í Hamraborginni.



Sportleg dömpeysa úr Isaga-garni í Kvenlegum listum.



Falleg útþrjónuð peysa úr Merino-garni í versluninni Kvenlegum listum.



Isaga er danskt gæðagarn með ýmiss konar áferð. Fæst í Kvenlegum listum.



Litglöð léttlopapeysa með hundamynstri í Moly-hannyrðaverslun í Hamraborg.



Síð og góð lopapeysa sem er mjög vinsæl núna, að sögn Ragnhildar í Moly.




Íslenska kindin fer vel í léttlopanum. Uppskrifin er í nýjasta Ístexbæklingnum og myndin er tekin í Moly.

LifeStream

Lífrænt kalk og steinefni

rannsóknir sýna betri upptöku



Kalk er mikilvægt fyrir:

- Hjarta, taugaboð og vöðva.
- Gefur værð, bætir svefn og lagar sinadrátt.
- Styrkir tenur, tannhold og bein.
- Minnkar húðþurrk.
- Hylki, auðveld inntaka, takist inn að kvöldi.

FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUBÚÐUM

PRODERM

SÓLARVÖRN

Í skíðaferðir og á ströndina

Engin fituáferð



6 klst. sólvörn ☼

Fæst í apótekum og friðhöfninni

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Allt það fína frá Kína

2 fyrir 1

Tilboð á kínverskum listmunum.

Aðeins í takmarkaðan tíma

- Vasar
- Diskar
- Lampar
- Pottar
- Myndir o.m.fl.



Gallery Kína

ATH! Þú greiðir aðeins fyrir dýrari hlutinn

Opíð mánudaga - sunnudaga 10-21 · Ármúla 42 · Sími 895 8966



Gimsteinn á Góðrarvonarhöfða

HÖFÐABORG Í SUÐUR-AFRÍKU ER MJÖG ÁHUGAVERÐUR ÁFANGASTAÐUR FYRIR FERÐAMENN OG AUÐVELDARA AÐ KOMAST ÞANGAÐ EN MARGUR HYGGR.



Table Mountain, eða „borðfjall“, er vinsæll áfangastaður ferðamanna vegna útsýnisins en þar er líka hægt að fara í skemmtilegar gönguferðir.

Höfðaborg er þriðja stærsta borgin í Suður-Afríku og sú fallegasta. Hún dregur nafn sitt af Góðrarvonarhöfða sem er skammt frá. Í Höfðaborg er fjölmargt við að vera fyrir ferðamanninn. Hægt er að heimsækja Robben Island þar sem Nelson Mandela var í fangelsi í 27 ár. Leiðsögn um fangelsið er í höndum fyrrverandi fanga sem gerir heimsóknina sérlega áhrifamikla. Robben Island þýðir

Selaey en þar má líka sjá mörgæsir sem sumum finnst skrítíð í þrjátíu stiga hita. Í góðu skyggni má einnig bregða sér upp á Table Mountain þaðan sem er ótrúlegt útsýni yfir víðan völlum. Skemmtilegast er að fara þegar ekki liggur skýjahula yfir fjallinu eins og stundum vill verða. Hægt er að fara í dagsferðir um nágrennið, út á Góðrarvonarhöfða, skoða vínræktarhéruð og heimsækja eyju þar sem allt er krökkt af selum sem liggja og sóla sig. Andrúmsloftið í borginni er tvískipt. Annars vegar má telja hið ofursmarta nýja tiskuhverfi The Waterfront þar sem má finna sérverslanir með rándýrum og fínum varningi og fimm stjörnu veitingastaði en í miðbænum er allt afslappaðra og jafnvel pínulítið hippalegt. Einnig er boðið upp á ferðir í fátækrahverfin þar sem íbúarnir sýna sjálfir aðbúnað sinn sem kveikir margar hugsanir hjá vernduðum Vesturlandabúum. Glæpir eru frekar tíðir í Suður-Afríku en íbúum Höfðaborgar er mjög annt um orðspor borgarinnar og eru boðnir og búnir að hjálpa ferðamönnum og vernda þá.

Árstíðirnar í Höfðaborg eru akkurat öfugar miðað við Ísland þannig að um jólni getur hitinn farið upp í þrjátíu stig og stundum snjóar þar í júlí.

Auðvelt er að komast til Höfðaborgar með áætlanarflugi frá helstu stórborgum Evrópu. Flugíð tekur í kringum tíu klukkustundir og þótt flugmiðinn geti slagað upp í hundrað þúsund krónur er kostnaðurinn við það að dvelja í Höfðaborg mun minni en í sambærilegum borgum í Evrópu. Sóttvarnarlæknir veitir upplýsingar um bólusetningar.



Vín frá Höfðaborg eru fræg um heim allan. Þetta vín heitir Fleur Du Cap eða Blómið á Höfðanum.



Inga Geirsdóttir skipuleggur gönguferðir fyrir íslenskar konur um skosku hálöndin.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Eins og að vera alltaf í fríi

Inga Geirsdóttir býr í Glasgow í Skotlandi þar sem hún vinnur sem ráðgjafi á hóteli á veturna. Á sumrin fer hún hins vegar með íslenskar konur í skipulagðar gönguferðir um skosku hálöndin.



Á leiðinni er meðal annars gíst í Kinlochleven.

Inga hefur búið í Glasgow í þrjú ár og það var bara fyrir tilviljun sem hún fór að skipuleggja gönguferðirnar. „Ég byrjaði fyrir tveimur árum á að fara með vinkonur mínar þessa leið sem heitir West Highland Way og er frægasta gönguleið í Skotlandi. Ég varð svo rosalega heilluð og þeim fannst þetta náttúrulega alveg frábært þannig að ég fór að vinna í því að fá hópa,“ segir Inga.

West Highland Way er 153 kílómetra löng leið sem byrjar í Glasgow og endar í Fort William. „Leiðin tekur sjö daga í göngu og það má segja að við göngum svona tuttugu kílómetra á dag. Dagleiðirnar eru því langar en ég er með gott plan og við hvílum alltaf í fimm mínútur á klukkutíma fresti. Við erum bara með lítinn bakpoka með okkur með því helsta sem við þurfum yfir daginn en farangurinn okkar er ferjaður á milli gístistaða svo það er ekki mikill burður.“

Mikið úrval gístimöguleika er á svæðinu og er hægt að velja um fjölda hótela, gístiheimila og „bed and breakfast“ gistingu. „Við gístum á fínun stöðum, en það eru fimmtíu þúsund manns sem ganga þarna árlega svo það þarf alltaf að vera búið að bóka gistingu fyrir sumarið í febrúar. Þegar það er svona rosaleg traffik þarf að vera búið að plana allt með góðum fyrirvara en konur vilja líka hafa plan. Um leið og þær eru búnar að bóka fer eitthvað ferli í gang og þær fara að ganga meira og hugsa um að koma sér í form.“

Inga segir að konurnar þurfi þó ekki að vera í neinu rosalegu formi til þess að geta gengið þessa leið. „Það er gott ef konur eru búnar að byggja upp smá þol en gangan sjálf er ekki erfið svo nánast hver sem er getur gengið þetta ef hann



Ánægðir göngugarpar að lokinni göngu við endastöð West Highland Way í Fort William.

hefur orku. Margar konur kjósa samt að ganga bara í fjóra daga og eyða sex dögum í ferðina í allt því heil ferð er alveg níu dagar með þeim tíma sem tekur að komast til og frá Glasgow.“

Yfirleitt fer Inga af stað með hópana sína klukkan nú á morgnana. „Dagleiðirnar eru mislangar og fyrsta daginn erum við ekki nema fimm og hálfan tíma en annan daginn átta og hálfan tíma. Við byrjum samt alltaf á sama tíma á morgnana og þá er það bara plús ef við erum fyrr á ferðinni. Ég er líka alltaf að segja konunum að okkur liggja ekkert á. Ég vil frekar að þær njóti útsýnisins og þess að vera til í staðinn fyrir að vera í einhverju kapphlaupi. Konurnar ganga náttúrulega mishratt og þess vegna er gott að vera með

tvo fararstjóra, þannig að Margrét dóttir mín verður fararstjóri með mér í sumar.“

Segja má að Inga sé sjálf á göngu nánast allt sumarið. „Ég er með ferðir frá miðjum maí og fram í lok september. Oft er vinsælasti tíminn á vorin og haustin. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt og eiginlega bara eins og að vera alltaf í fríi. Það er náttúrulega alveg gríðarlega skemmtilegt fyrir konur að vera svona saman og alveg einstök stemming sem myndast,“ segir hún.

Þær konur sem hafa áhuga á að fá nánari upplýsingar um ferðirnar geta haft samband við Ingu í síma 897-8841 eða sent henni tölvupóst á netfangið ingageirs@hotmail.com

emilia@frettabladid.is

Glæsilegir gístistaðir í Havana og Varadero í boði

Perlur Kúbu – 4. mars – 15 viðbótarsæti

Kúba

21. janúar

frá 79.990 kr. í 2 vikur*

Perlur Kúbu 4. mars

- fegurstu staðir Kúbu í einni ferð

- Havana 5 nætur
- Ævintýraferð um Kúbu 5 nætur
- Varadero 4 nætur

Fararstjórar: Ólafur Gíslason og María Perello

Frábært tilboð - bókaðu núna!

2ja vikna ferð frá 79.990 kr.

Netverð á mann m.v. stökktu tilboð í 2 vikur, 21. janúar.



Gengið er framhjá Loch Lomond á leiðinni.



Gönguhópur við Loch Lomond.



ÞJÓÐARBLÓM Á SÆNGINA

Textílhönnun LínDesign SJÁ BLS. 10



MÍA LITLA OG LÍNA

Dásamlegir barnastólar SJÁ BLS. 10

[SÉRBLAÐ UM HÚS OG HEIMILI – LAUGARDAGUR 13. JANÚAR 2006]

Heimilið



EFNISYFIRLIT

TÓNELSK MEÐ TAMBÚRUR
Innlit til tónlistarfólks BLS. 2

ZEBRAVIÐUR Í SKÁPUM
Heimilið í heild BLS. 4

LABBAÐ UM Í LISTHÚSINU
Vöggur og kertastjakar BLS. 6

UPPÞVOTTAVÉLAR
FORTÍÐAR
SMEG víkkar vörulínuna BLS. 8

MÍA LITLA OG LÍNA
Dásamlegir barnastólar BLS. 10

LEÐUR Í HÓLF OG GÓLF
Nýtt hótél í miðbænum BLS. 12

EINKAÞJÁLFUN Í TILTEKT
Heimilið skipulagt BLS. 18

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK



Sparisjóður Kópavogs • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is





Ásgeir og Berglind gerðu eldhúsið upp fyrir tveimur árum síðan. Fyrri eldhúsinnréttingunni var skipt út fyrir sérsmiðaða innréttingu eftir Þorvald Gíslason, mág Ásgeirs. Hann braut líka niður vegg með hjálp föður síns til að opna betur rýmið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Heimilisfólkið ver tölverðum tíma saman í eldhúsinu og nýtir það jafnframt sem skrifstofu. Á veggnum er málverk eftir Tolla.



Eldhúsið er í minimalískum stíl þar sem svart, grátt og hvítt eru ríkjandi.



Þessi sófi kemur frá ömmu Ásgeirs. Skipt var um áklæði á sessunni, sem var orðið slitnið, en hitt látið halda sér.

Tónelsk með tambúrur

Litið í heimsókn til fjölskyldu með ástríðu fyrir hljóðfærum og gömlum munum.

Hjónin Ásgeir Jón Ásgeirsson og Berglind Björg Harðardóttir hafa ásamt sonum sínum tveimur komið sér upp fallegu og hlýlegu heimili í Kópavogi og ljóst við fyrstu sýn að heimilisfólkið er tónelskt. Til marks um það er að fjöldann allan af hljóðfærum er að finna þar á bæ, bæði gítara og tambúrur, sem heimilisfaðirinn hefur verið duglegur að safna síðan hann hóf tónlistarferil fyrir tuttugu árum.

Rauðleitur gítar tekur sig vel út í stofunni en Ásgeir komst yfir hann í New York fyrir tveimur árum. „Þetta er djassgítar og jafnframt mitt helsta hljóðfæri,“ útskýrir hann. „Farið var eftir gítarsmiðum hins heimspekta hljóðfærasmíðs D’Angelico við gerð hans, en gítarar hans nutu mikilla vinsælda á sjötta áratugnum og voru rándýrir þar sem þeir fengust í mjög takmörkuðu upplagi. Þegar framleiðsla hófst á sams konar gítörum í Japan, fengust þeir loks á viðráðanlegu verði og er þessi einn slíkra,“ segir hann um gítarinn rauða.

Ásgeir á einnig tvær tambúrur í

safninu, sem hann lýsir sem búlgverskri útgáfu af gítar, sem er upprunnin í Pirin, og mikið notaðar í Balkanlöndunum. „Aðra þeirra, þá ljósbrúna, keypti ég af búlgörskum tambúruspilara, sem kom hingað til lands síðasta sumar og er afar ánægður með þau viðskipti. Tambúran hefur komið víða við og á þar af leiðandi sína sögu eins og flest hljóðfærin á heimilinu.“

Hjónin virðast deila ástríðunni fyrir gömlum hlutum, sem sést af því hvernig erfðagripum, til að mynda fallegum tveggja manna sófa, hefur verið blandað saman við hlýleg viðarhúsgögn. „Eina undantekningin þar á er eldhúsið sem við gerðum upp fyrir tveimur árum og er tiltölulega nýttiskulegt eftir breytinguna,“ útskýrir Ásgeir. „Allt annað er í fyrrnefndum stíl með það fyrir augum að skapa hlýlega og ef til vill svolítið gamaldags stemningu. Við reyndum að velja húsgögnin með það í huga. Ætli hljóðfærin hjálpi síðan bara ekki til við að fullkomna ætlunarverkið.“

- rve



Ásgeir hefur í nógu að snúast. Hann er skólastjóri nýs tónlistarskóla í Kópavogi, Tónsölum, þar sem áhersla er lögð á rýpmíska tónlist. Síðan kennir hann í Tónlistarskóla FÍH. Þess utan starfar hann sem tónlistarmaður og gaf nýverið út diskinn Passing Through, sem hann tók upp í New York.



Tambúra sem Ásgeir keypti af búlgörskum tambúruspilara.



Hjónin Ásgeir og Berglind hafa lagt sig fram um að gera heimili sitt sem hlýlegast.

útsalan í fullum gangi



20-60%

afsláttur

sófar
stólar
Sófasett
borðstofuhúsgögn
indverskt
gjafavara

mira
a r t
H Ú S G Ö G N

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is

Með hollustuna að leiðarljósi

Þegar líkamsræktin er stunduð stíft eru næringarmálin oft tekin í gegn líka. Þá er nauðsynlegt að eiga réttu græjurnar.

Þurrgrillaður matur, hristingur og safi úr ekta ávöxtum er meðal þess sem ákjósanlegt þykir að innbyrða þegar hollustan er höfð að leiðarljósi.

Því þótti ekki úr vegi að líta í verslanir og kíkja á nokkur þeirra heimilis-tækja sem auðvelda slíkt mataræði. Mínútagrill sem kennd eru við George Foreman þurrgrilla matinn og beina fitunni frá. Sama

gagn gera grill frá fleiri fyrirtækjum.

Í þeim er gott að snöggsteikja bæði kjöt og grænmeti. Blandarar fyrir hristinginn eru til í fjölmörgum merkjum, gamaldags og nýstárlegir og allt þar á milli. Sumir úr stáli, aðrir úr áli og enn aðrir gleri. Ávaxtapressurnar eru líka margbreytilegar í lögun og að gerð. Þær fullkomnustu skilja hrat og hýði frá sjálfar. Aðrar eru einfaldari og þær þarf að mata. Öll eiga tækin það þó sameiginlegt að auðvelda okkur að bæta heilsuna.

- gun



George Foreman-grill fást víða, meðal annars í Elko þar sem það kostar 6.795 kr.



Vönduð Philips-safapressa sem skilur hismið og kjarnana frá. Fæst í Heimilistækjum í Sættúni og kostar nú 14.995.



Safapressa úr stáli sem fæst í Fönix á 5.200.



Blandari úr áli og gleri með nútímalegu yfirbragði frá Philips. 750 wött. Kostar 9.995 á útsölnunni í Heimilistækjum.



Vandaður Gastroback-blandari úr stáli. Fæst í Fönix á 13.400.



Pétur Pétursson og Ásta S. Ólafsdóttir, eigendur Heimilisins í heild.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Bæði innréttingabúð og hönnunarstofa

Heimilið í heild í Síðumúla 35 selur tékkneskar innréttingar og veitir ráðgjöf um allt sem lýtur að hönnun heimilis. Pétur Pétursson er framkvæmdastjórinn.

„Við vorum að fá splunkunýja týpu af fataskápum. Þeir eru framleiddir úr öðrum efnum og með öðrum

aðferðum en maður hefur séð áður,“ segir Pétur þegar hann er spurður um nýjasta nýtt hjá fyrirtækinu. Lýsir síðan skápunun nánar. „Hurðir, hillur og hliðar eru fisléttar en þó mun þykkri en flest það sem fyrir er á markaðinum. Svo eru brautirnir fyrir rennihurðirnar hannaðar á sérstakan hátt sem gerir opnun og lokun mjög þægilega.“

Pétur nefnir líka nýjar viðartegundir í innréttingum, zebra, wenge og american nut. „Zebra er í ætt við zebrahestinn – miklar andstæður og

vengió er svarbrúnt með fallegum viðarbylgjum,“ útskýrir hann.

Þótt mest sé að gera í sölu innréttinga bæði í heimahús og fyrirtæki segir Pétur það alltaf að aukast að fólk komi með hönnunarverkefni til fyrirtækisins. „Við getum látið smíða allt fyrir okkur og erum með tvo innanhúshönnuði á okkar snærum, Ástu Sigríði Ólafsdóttur og Sigríði Halldórsdóttur. Svo er allta meira og meira um að fólk sem er að byggja kaupi hjá okkur heildarpakka. Það sest hér inn og við hjálpum því með allt. Það eru valdar flísar, gólfefni og tæki. Þetta er svona heildarþjónusta og við erum með iðnaðarmenn á hinum kantinum.“

Innréttingar sem Heimilið í heild selur eru frá Tékklandi en að sögn Péturs er það í samstarfi við Fönix og Eirvík í tækjamálum, Rein og S. Helgason í steinefnum, gólfefnin eru frá Harðviðarvali og Flísabúðinni en einnig segir hann bent á fleiri aðila eftir því sem henti hverju sinni.

- gun



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRYÐI

HÜSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400



Íslenskt eldhús með tékkneskum innréttingum.



Heimilið í heild hefur sett upp mörg eldhús. Hér er eitt þeirra, með fulningainnréttingum.



Fataskáparnir eru af mörgum gerðum.



Skáparnir eru framleiddir með nýstárlegri aðferð. Rammí umlykur hurðina og inn í hann er sett pappabylgja sem hefur sama strúktúr og hunangsflugan vefur. Þetta er síðan klætt á fullkominn hátt og sprautulakkað, plastlagt eða spónlagt til að fullkomna verkíð.

Sparaðu á bestu vöxtunum!



Netbankinn er með bestu vextina í dag.*

Markaðsreikningur,
allt að **14,05%** vextir

*Skv. vaxtatöflum banka og sparisjóða á vöxtum á óbundnum innlánsreikningum þann 11.01.2007

Netbankinn mælir með því að einstaklingar fjárfesti í sparnaði

Einstaklingar geta valið góðar sparnaðarleiðir hjá Netbankanum í samræmi við sín markmið. Hvort sem verið er að safna í ferðasjóð eða styrkja fjárhagslega afkomu á eftirlaunaárunum – þá skiptir mestu að spara þar sem vextirnir eru bestir.

- Sæktu um á nb.is
- Hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

www.nb.is

 **Netbankinn**
– með betri vexti

Hönnun

Embryo, eða föstur kallast þessi skemmtilegi stóll eftir hönnuðinn Marc Newson, sem er einn áhugaverðasti hönnuður okkar tíma. Hann segist hvorki sækja innblástur sinn í hönnun annarra né skoða tímarit eða bækur um hönnun, sem gæti skýrt það hvernig honum tekst að hanna hluti sem engum öðrum hefði dottið í hug. Hönnun Marcs er jafnan framúrstefnuleg með tæknilegum brag enda hefur hann fíkað við iðnhönnun og hannað bíla, flugvélar og flugvélasæti. Stóllinn, Embryo, fæst á Íslandi í versluninni í gegnum glerið.



Stórir vasar fara vel við nútímahönnun á heimilum.



Leðrið er vinsælt í rúmgafla og náttborð. Kistillinn við fótagaflinn er bæði geymsla og sæti. Hann hentar líka í anddyrið undir húfur og vettlinga og er þægilegur að setjast á meðan farið er í skóna.



Hlutir með stálit og úr tágum eru áberandi í Blómahönnun.



Málin hjá þessum konum eru örugglega ekki 90, 60, 90 en hæðin er 70 sentimetrar.



Vöggurnar í Skírn eru búnar ýmsum þægingum til að róa ungbörnin.



Svefnkollur heitir þetta húsgagn sem er allt í senn, borð, sæti og rúm. Fæst í Svefni og heilsu.

Alhliða hreingerningapjónusta

teppahreinsun • bónþjónusta • flutningsþjónusta

PRIF & ÞVOTTUR

Hreingerningapjónustan Prif og Þvottur ehf.

Reykjavíkurvegi 48, 101 Rey. / Símar: 562 7086 - 893 0611 - 897 3083

Bólholti 4 - Sími 511 1001

ECC

ÚTSALA!

30% afsáttur af nuddstólum

www.ecc.is

Labbað um í Listhúsinu

Listhúsið í Laugardal er heimur út af fyrir sig. Þar er snyrt og greitt, saumað og sötrað kaffi en þar fæst líka margt heimilisdjásnið.

Þótt verslunin Skírn sé þekktust fyrir úrval sitt af yndislegum skírnarfátum þá horfum við framhjá honum í þessari ferð og einbeittum okkur að því sem flokkast undir heimilissvöru. Vöggur fyrir litlu manneskjurnar eru þar í aðalhlutverki. Þær eru til í mismunandi gerðum og flestar búnar hinum ýmsu möguleikum svo sem næturljósi og tækjum sem gefa frá sér róandi hljóð, jafnvel málróm móðurinnar.

Í Svefni og heilsu eru svo öllu stærri rúm sem einnig hafa upp á

Afar fá ríki Vesturlanda eru á meðal þeirra ríkja sem heimila dauðarefsingar; aðeins Bandaríkin eru í fyrrnefnda hópnunum og Belgía í þeim síðarnefnda. Fjöldmörg ríki í Asíu, eins og Kína og Japan, beita dauðarefsingum, svo og mörg ríki Mið-Austurlanda eins og Sáði-Arabía, Kúvæt, Túnís og Írak. Einnig má nefna ríki í Afríku eins og Nígeríu, Súdan og Úganda, svo og fjöldmörg ríki í Austur-Evrópu, til dæmis Rússland og Búlgaríu, sem bæði heimila dauðarefsingar og beita þeim.

Gjaldastefna helstu rök fyrir dauðarefsingum

Ýmis rök hafa verið færð fyrir beitingu dauðarefsinga. Svokölluð gjaldastefna felur í sér að refsingar eigi að vera í samræmi við alvarleika afbrotsins. Í því ljósi kann dauðarefsing að teljast réttlætning fyrir til dæmis morð eða manndráp af ásetningi. Önnur rök eru að heimild til dauðarefsinga fæli borgarana frá því að fremja alvarlega glæpi og að þær gegni því mikilvægu hlutverki í að draga úr alvarlegum afbrotum. Fjöldmargir fræðimenn hafa einmitt rannsakað þennan tilgang dauðarefsinga á síðustu áratugum.

Dauðarefsingar draga ekki úr morðtíðni

Rannsóknir sýna yfirleitt ekki

Hver er stefna íslenskra stjórnvalda í afbrotamálum?

Í grundvallaratriðum fylgir réttarkerfi okkar á Íslandi þeim almennu réttarfarshugmyndum sem mótast hafa síðustu tvær aldir á Vesturlöndum. Gengið er út frá því að einstaklingar búi yfir frjálsum vilja og að afbrotamenn séu ábyrgir gerða sinna með örfáum undantekningum, sem felast einna helst í ósakhæfi vegna ungs aldurs eða sjúkleika. Það er því talið fyllilega réttmætt og líklegt til árangurs gegn brotum í samfélaginu, að refsa þeim einstaklingi sem brýtur hegningarlögin. Refsiþyngdin skal svo endurspegla alvarleika afbrotsins.

Gerðir refsinga

Tegundir refsinga eru ýmsar og er stundum steypt saman í sama dómsmáli. Óskilorðsbundin refsivist felur í sér afplánun í fangelsi. Skilorðsbundin refsivist er háð ákveðnum skilyrðum og ef þeim er fullnægð þarf viðkom-

andi ekki að fara í fangelsi. Þriðja gerð refsinga er svo sektir.

Afplánun dóma

Á síðustu árum hafa dómþolar sem hlotið hafa óskilorðsbundna fangelsisdóma allt að 6 mánuðum, getað sótt um að ljúka dómi með samfélagsþjónustu án þess að fara í fangelsi. Einnig hefur dómþolum gefist kostur á afplánun hjá félagasamtökunum Vernd í Reykjavík, svo og að ljúka afplánun í vímuefnaeðferð hjá SÁÁ. Þar að auki má nefna að hægt er að fá reynslulausn ef fullnægð er tilteknum skilyrðum, sem meðal annars felast í því að alla vega helmingi afplánunar í fangelsi sé lokið. Að síðustu má nefna skilorðsbundna frestun ákæru frá ríkissaksóknara, en það er einkum notað gagnvart ungum afbrotamönnum.

*Helgi Gunnlaugsson,
prófessor í félagsfræði við HÍ.*



Safnaðu þekkingu - sæktu þér aukinn styrk

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Skattamál - nýlegar breytingar hefst 18. jan.

Excel II - fjármál og rekstur hefst 23. jan.

Breytingastjórnun hefst 23. jan.

Starfsþróun - leið til aukinnar samkeppnishæfni hefst 24. jan.

Verkefnastjórnun I: Undirbúningur og áætlanagerð - grundvallaratriði hefst 1. feb.

Sönn leiðtogaþæfni I. Að hrifa með sér hefst 1. feb.

Nýjar hugmyndir í sölumennsku hefst 5. feb.

Excel I - fjármál og rekstur hefst 5. feb.

sími 525 4444

Nánari upplýsingar og skráning: endurmenntun.is



Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförmu eru: Hvað er hamskipti og tvífarinn í bókmenninum og fer þetta tvennt stundum saman, hvað gerðu konur á víkingaöld og hver var staða þeirra, hvað er pólun og hvað getur gerst ef maður kemst í snertingu við það og hver er skilgreiningin á þrepasönnun? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjöldmörgum öðrum á slóðinni: www.visindavefur.hi.is.

MÁLÞING Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Arkitektafélags Íslands,
Byggingafræðingafélags Íslands,
Félags íslenskra landslagsarkitekta,
Skipulagsfræðingafélags Íslands,
Tæknifræðingafélags Íslands og
Verktæðingafélag Íslands
í samvinnu við Skipulags- og byggingarsvið
Reykjavíkurborgar og Umhverfisráðuneytið.

Stjórnandi málþings:
Hákon Ólafsson
forstjóri
Rannsóknastofnunar
byggingariðnaðarinnar.

Stjórnandi pallborðs:
Jóhannes Þórðarson
deildarforseti
Hönnunar- og
arkitektúrdeildar LHI.

FIMMTUDAGINN 18. JANÚAR 2007

FJÖLBÝLI TIL FRAMTÍÐAR

HÖNNUN ÍBÚÐA OG SKIPULAG BYGGÐAR MEÐ TILLITI TIL LÍFSGÆÐA

FYRIR HÁDEGI	EFTIR HÁDEGI
Skráning hefst kl. 8.30. Þátttökugjald: 5.000 fyrir félagsmenn, 7000 fyrir aðra. Kaffi veitingar og hádegisverður eru innifaldir.	13.00 Ola Nylander arkitekt, Svíþjóð Huglæg gæði í hönnun íbúða
9.00 Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra Ávarp	13.40 Pétur H. Ármannsson arkitekt Blökkinn – barn síns tíma?
9.15 Jón Kristinsson arkitekt, Hollandi Horft til framtíðar í hönnun íbúðarhúsnæðis	14.00 Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt Fjölbýlishúsalóðin – einiskis manns land?
10.00 Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur Hvernig vilja Reykvíkingar búa?	14.20 Hugleifing Andri Snær Magnason ríthöfundur
10.20 <i>Kaffihlé</i>	14.40 <i>Kaffihlé</i>
10.40 Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Alta Hverjir stjórna uppbyggingunni?	15.00 Pallborðsumræður Umræðustjóri: Jóhannes Þórðarson Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður skipulagsráðs Reykjavíkur Guðmundur Oddur Viðisson framkvæmdastjóri Þyrpingar Brynjar Harðarson vískafræðingur, verkefnastjóri Hanza hópsins Ární Ólafsson arkitekt, Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Magnús Sædal Svavarsson byggingafræðingur Reykjavíkur Ásgeir Jónsson hagfræðingur, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings
11.00 Steindór Guðmundsson verkfræðingur Góð hjóðvist – meiri lífsgæði	
11.20 Magnús Jónsson veðurfræðingur Hönnun húsa og veðurfarsáhrif	
11.40 Sigurður Helgi Guðjónsson hrl. formaður Húseigendafélagsins Þak eins er annars gólf	
12.00 <i>Matarhlé</i>	

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Verð að lifa með þessu

Kolbrún Völkudóttir hefur verið heyrnarlaus frá tveggja ára aldri. Hún gekk í gegnum áralanga meðferð á geðdeildum hér heima og í Svíþjóð eftir að hafa verið misnotuð af starfsmanni dagvistar Heyrnleysingjaskólans um fimm ára skeið. Í dag hefur hún náð sér vel á strik og lifir hamingjuríku lífi ásamt tveggja ára dóttur sinni, Viktoríu Björt. *Sigríður Hjálmarsdóttir* heimsótti mæðgurnar í Kópavog og fékk að heyra sögu Kolbrúnar.

Kolbrún er heima með veika dóttur sína þegar blaðamaður bankar upp á. Viktoría Björt fær að horfa á Latabæ meðan viðtalið fer fram en kemur fljótlega og kvartar yfir að hljóðið vanti á sjónvarpið. Kolbrún hækkar fyrir dóttur sína og fylgist með viðbrögðum hennar til að vita hversu mikið hún eigi að hækka. Viktoría gefur merki um að hún heyri nægilega vel og sest ánægð í sófann.

„Ég fæddist með fulla heyrn,“ segir Kolbrún um leið og hún sest niður til spjalls við blaðamann. „Þegar ég var tveggja ára fékk ég heilahimnubólgu og missti heyrnina í kjölfarið,“ bætir hún við. Fjögurra ára gömul fór hún til Ameríku í kuðungsigræðslu. „Þá var grætt í mig eitt rástæki og eftir það gat ég heyrt eina tóntegund. Ég fór svo aftur í sams konar ígræðslu þegar ég var þrettán ára og fékk þá tuttugu rása tæki sem var grætt í kuðunginn þannig að núna heyri ég 22 tóna. Þeir sem eru með eðlilega heyrn geta aftur á móti heyrt milljónir eða milljarða ólíkra tóna,“ segir Kolbrún en eftir aðgerðina getur hún heyrt að litlum hluta en það fer eftir því í hvaða tóni hljóðið er þannig að tákni er enn sem fyrr móðurmál Kolbrúnar. Það er lítið mál að spjalla við Kolbrúna því hún heyrir sumt sem sagt er en annað les hún af vörum fólks.

Misnotuð á skóladagheimili

Kolbrún fór í leikskóla fyrir heyrnarlausu þegar hún var fjögurra ára en þaðan í Heyrnleysingjaskólann þegar hún var sex ára. „Eftir skóla var ég á skóladagheimili til klukkan fimm. Þar varð ég fyrir misnotkun af hendi eins starfsmannsins og það varði í raun frá því ég byrjaði og þangað til ég var tíu ára gömul,“ segir Kolbrún. „Þessi maður var að vinna þar og það voru fleiri börn sem lentu í þessu sama. Hann hafði sjálfur verið í Heyrnleysingjaskólanum og misnotaði þá skólasystrur sínar. Skólinn vissi af því en gerði aldrei neitt í því. Síðan fór hann að vinna á skóladagheim-

ilinu um það leyti sem ég byrjaði þar og þá hélt hann þessu áfram án þess að skólayfirvöld grunaði neitt.“

Kolbrún segir manninn hafa misnotað hana frá því að hún man eftir sér á skóladagheimilinu. „Á þessum tíma var ég svo lítil að ég vissi ekki að þetta væri rangt. Það var ekki fyrir en ég var tólf ára að ég fór í kynfræðslu og fór þá að sjá að þetta væri ekki rétt,“ segir Kolbrún, en hún sagði engum frá þessu á þeim tíma. „Maðurinn var líka svo skemmtilegur og vinsæll. Allir elskuðu hann og dáðu. Við vorum öll svo ofsalega hrifin af honum að ég áttaði mig ekki á því að það sem hann gerði var rangt.“

Að lokum fór það svo að ein stelpnanna á skóladagheimilinu sagði frá misnotkuninni en þá voru þær komnar á táningsaldur. „Þá fór ég að hugsa að þó hann væri rosalega skemmtilegur þá væri þetta samt ekki rétt sem hann gerði. Þá var ég komin í áttunda bekk og ákvað að kæra hann líka,“ segir Kolbrún og rifjar upp hversu mikið uppnám varð í skólanum. „Ég þoldi loks ekki meira og flutti mig yfir í Háteigsskóla eftir páskana þegar ég var í áttunda bekk og lauk grunnskólanum þar.“

Brotamaðurinn fékk örstuttan dóm

„Við vorum fyrst tvær sem kærðum en síðan bættust við þrjár aðrar. Ég veit um eina í viðbót sem lenti í honum en hún vildi ekki kæra, þannig að það er líklegt að við höfum verið enn fleiri sem urðum fyrir ofbeldi frá honum,“ segir Kolbrún og bætir því við að dómurinn sem maðurinn fékk hafi verið heldur stuttur. „Hann var í fangelsi í örfáa mánuði og var á skilorði í einhvern tíma en hann var bara dæmdur á framburði þriggja okkar. Tvær þóttu ekki nægilega trúverðugar.“ Kolbrún segist ekki vita hvort hann hafi fengið óvenju stuttan dóm vegna þess að hann er heyrnarlaus, en sjálfri finnst henni dómurinn hafa verið í léttara lagi.

Þar sem samfélag heyrnarlausra er ekki mjög fjölmennt hér á landi kemst Kolbrún ekki hjá því



ERFID /ÆSKA Kolbrún var misnotuð í æsku á skóladagheimili sem hún var á eftir að venjulegum skóladegi lauk. Hún gekk í gegnum margra ára meðferð í kjölfarið og langaði oft ekki til að lifa lengur.



Ég kveikti í mér, reyndi að hengja mig, tók of stóra skammta af lyfjum og gerði svo margt sem mig langar ekki til að muna eftir í dag.

að sjá manninn stöku sinnum. „Hann hefur stundum komið á viðburði hjá heyrnarlausum eins og árshátíðir, björkviöld eða annað. Við tölum þá ekki við hann og mér finnst mjög óþægilegt að sjá hann. Það er bara ekki í boði fyrir okkur að hugsa um það og við verðum bara að lifa með þessu það sem eftir er. Ég er ekki sátt en verð að lifa með þessu og hugsa ekki mikið um þetta í dag. Þetta er bara búið um þetta í dag. Þetta er bara búið og gert þannig að það er ekkert annað að gera en að halda áfram.“

Kviðafull æska

Meðan Kolbrún var í Heyrnleysingjaskólanum þjáðist hún af gríðarlegri kviðaröskun án þess að nokkur gerði sér grein fyrir af hverju. „Ég var á sterkum kviðastillandi lyfjum en var samt illa haldin af kviða. Ég kveið sérstaklega fyrir því að fara í skólann en vissi ekki einu sinni sjálf af hverju ég var svona kviðin,“ segir Kolbrún sem síðar áttaði sig á því hvers vegna henni hafði líðið svona illa. „Þegar ég var komin á táningsaldur þjáðist ég af miklum kviða, þunglyndi og fleiru. Á tímabili var ég meira að segja svo slæm að ég gat ekki borðað þó ég væri ekki beinlínis með átröskunarvandamál. Þetta skapaðist allt af vanlíðan.“

Smám saman tók sig upp mikil félagsfærni hjá Kolbrúna og hún lokaði sig algjörlega af. „Ég reyndi oft að fyrirfara mér og skaða sjálfa mig á þessum tíma. Ég kveikti í mér, reyndi að hengja mig, tók of stóra skammta af lyfjum og gerði svo margt sem mig langar ekki til að muna eftir í dag. Það er búið og gert en mér bara

leið svo rosalega illa og langaði til að finna fyrir einhverju. Ég hafði svo lengi verið tilfinningalega dofin og man eiginlega ekkert eftir þessum tveimur árum sem ég var veik,“ segir Kolbrún og bætir því við að vinirnir hafi margir horfið á þessum tíma þó að einhverjir hafi þó staðið við bakið á henni. „Fjölskyldan mín stóð alltaf á með mér í gegnum veikindin en ég lokaði á alla og var bara vond við fólkið mitt. Ég vildi bara fá að vera ein.“

Tæp þrjú ár í meðferðum

Kolbrún var lögð inn á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans þegar hún var sautján ára og dvaldi þar í eitt ár. „Ég var útskrifuð þegar ég var átján ára enda var ég þá ekki lengur barn. Ég fór að vinna á Sólheimum um sumarið og gekk alveg frábærlega. Síðan fór ég í ferðalag til Finnlands og eftir það fór allt í sama farið aftur,“ segir Kolbrún en hún var í kjölfarið lögð inn á geðdeild 32-C á Landspítalanum. „Þar var ég lengi með annan fótinn. Ég var inni kannski í þrjú mánuði í einu og svo útskrifuð en alltaf lögð inn aftur. Svona gekk þetta í ár og þá var ég endanlega útskrifuð þaðan.“

Eftir útskriftina af geðdeild Landspítalans tók við endurhæfing á deild 13 á Kleppspítala, sem er opin deild. „Ég hafði verið lokuð inni meira og minna í tvö ár og þurfti að læra að taka þátt í lífinu aftur því ég kunni ekki lengur að lifa,“ segir Kolbrún og bætir því við að hún viti ekki hvert þessi tvö ár hafi farið því hún muni nánast ekkert eftir þeim. „Ég var haldin svo mikilli félagsfærni eftir alla

inniveruna að ég þorði ekki út en á Kleppspítala var mér hjálpað að komast aftur út á meðal fólks.“

Þegar Kolbrún var útskrifuð af Kleppspítala flutti hún heim til ömmu sinnar í skammta tíma áður en hún fór á meðferðarstofnun í Svíþjóð en hún hafði beðið eftir pláss þar í tvö ár. „Þá var Viktoría Björt laumufarþegi,“ segir Kolbrún og hlær. „Þannig að ég var bara úti í hálfu ári og kom svo heim og fór að búa með barnsföður mínum.“

Gengur rosalega vel

„Það má segja að allt frá fyrsta degi meðgöngunnar hafi ég farið að blómstra. Það hefur gengið vel alveg síðan,“ segir Kolbrún en hún hafði verið í sambandi við barnsföður sinn um nokkurt skeið áður en hún fór til Svíþjóðar. „Ég komst ekki að því að ég var barnshafandi fyrr en ég var komin til Svíþjóðar og var þess vegna bara þar út meðgönguna. Við bjuggum saman í rúmt ár eftir að ég kom heim en við Viktoría Björt erum búnar að vera einar í rúmlega ár núna.“

Kolbrún segist hafa upplifað smá bakslag eftir að hún og barnsfadir hennar slitu samvistir en nú sé hún orðin svo meðvitund og eigi því auðveldara með að kljást við erfiðleika en áður.

„Það gengur alveg rosalega vel hjá mér í dag. Ég vinn rétt hjá heimilinu mínu og Viktoría Björt er í leikskóla hér í grenndinni líka svo við getum gengið allt sem við þurfum að fara. Á köflum er þetta erfitt peningalega en það er ekkert til að hafa áhyggjur af,“ segir Kolbrún hin brattasta og horfir björtum augum til framtíðar.



ÁNÆGÐAR MÆÐGUR Kolbrúna líður afskaplega vel í dag eftir að hafa gengið í gegnum gríðarlega erfiðleika í æsku. Það var ekki fyrir en með tilkomu Viktoríu Bjartar, dóttur Kolbrúnar, að lífið tók á sig nýja og betri mynd.

AFSLÁTTARMÍÐAR

VELDU ÞÉR BÍL, KLIPPTU ÚT MIÐA OG FÁÐU AFSLÁTT

CR-V

AFSLÁTTUR

259.000 kr.



Honda CR-V ES, sjálfskiptur

ATH: Bíll á mynd gæti verið betri í akstri en þú reiknaðir með!

ACCORD

AFSLÁTTUR

150.000 kr.



Honda Accord Sport, 5 gíra

ATH: Bíll á mynd gæti verið kraftmeiri en þú reiknaðir með!

JAZZ

AFSLÁTTUR

105.000 kr.



Honda Jazz, sjálfskiptur

ATH: Bíll á mynd gæti verið rúmbetri en þú reiknaðir með!

honda.is



Nú bjóðum við Honda-ótrúleg tilboð. Honda er gæðastimpill á betra verði en þig grunar. Byrjaðu árið með því að spara þér tugi þúsunda. Honda bílar eru umtalaðir hvar sem þeir eru enda vel búnir, traustir, kraftmiklir og rúmgóðir. Komdu og fáðu afslátt sem þú hefur ekki séð áður; hagstæð bílalán eða rekstrarleigu. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Veldu þér bíl, klipptu út miða og komdu strax í Bernhard og gerðu Honda-ótrúleg kaup sem allir eru að tala um.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Evran er engin töfralausn

Tilfinningaþrungin umræða hefur átt sér stað síðustu daga um efnahagsmálin og það hvort Íslendingar eigi að kasta krónunni og taka upp evruna. Er það kannski þróun sem ekki verður stöðvuð? Þeir hagfræðingar og einn viðskiptafræðingur sem **Guðrún Helga Sigurðardóttir** ræddi við eru sammála um það að umræðan mætti vera á yfirvegaðri nótum.

Krónan er ekki ónýtt í dag, langt í frá, en þjóðin getur tæpast búið við óbreytt ástand. Ofpenslan hefur verið gríðarleg og þjóðin er að súpa seyðið af því. Gríðarlegt ójafnvægi er í efnahagslífinu og ástandið kemur fram í sveiflum krónunnar. Hagstjórnin virðist að mörgu leyti hafa brugðist að mati flestra viðmælenda Fréttablaðsins. Ekki er útséð með hvernig þróunin verður en ljóst þykir að viðsnúningur verður í efnahagsmálum þjóðarinnar. Við þessar aðstæður kemur upp umræðan um að kasta krónunni og taka upp evruna eins og komið hefur fram í fjölmiðlum síðustu daga.

Samræmi í hagstjórn
Stöðugt fleiri fyrirtæki gera upp í evrum og margir velta fyrir sér hvernig þróunin verður. Ef þróunin á markaðnum verður í átt að evrunni verður óæskilegt að stöðva hana, að mati Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans. Það yrði þá spurning um hvernig stjórnvöld tækju á þróuninni, hvernær þau gerðu það og hvernig brugðist yrði við. Samræmi í hagstjórn skipti mestu máli og að hagstjórnin og fjármálakerfið í heild veikist ekki við breytingar af þessu tagi.

„Þó alltaf sé erfitt þegar stór fyrirtæki fara út úr litlum gjaldmiðli þá fara viðskipti engu að síður fyrst og fremst fram í krónunum. Þetta er lengri ferill en svo að krónan



ÞRÓUN GENGISVÍSITÖLU Frá 12. janúar 2004 til 11. janúar 2007

geti horfið á skömmum tíma,“ segir Edda Rós og bendir á að innviðir samfélagsins séu þannig að það geti gengið hratt fyrir sig að taka upp evruna sé pólitískur vilji fyrir hendi og Evrópusambandið hleypi Íslendingum inn í myntsstarfið. Hins vegar geti tekið lengri tíma að semja um inngöngu í ESB.

Þegar jafnvægi er náð
Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, telur krónuna gerða að sökudólg í umræðunni undanfarið, eins og ofpenslan sé henni að kenna, ekki húsnæðisbreytingunum, ósamræmi í hagstjórn og framkvæmdunum á Kárahnjúkum. Hún telur að umræðan eigi að snú-

ast meira um aðhald hjá ríki og sveitarfélögum. Þegar jafnvægi sé náð í efnahagslífi þjóðarinnar sé hægt að ræða um evru og hugsanlega inngöngu í ESB. Ekki fyrr.

Halla telur að Íslendingar geti ekki gengið í Myntbandalagið eða ESB án þess að hafa náð jafnvægi í efnahagslífinu áður. Hún býst við að „einhverjir hafi ekki þolinmæði til að biða og taka upp sitt eigið hagkerfi eða tékka sig allavega út úr þessu íslenska. Fyrirtæki eru að stíga skref í þessa átt og það er ekki skrítið þegar stór hluti tekna þeirra kemur úr öðrum gjaldmiðlum og kostnaður þeirra er í krónunum.“

Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, telur að stjórnvöld hljóti að taka ákvörðun um það að sækja um inngöngu að ESB því að Íslendingar geti ekki tekið upp evruna án inngöngu. Hún telur að samningur um inngöngu þurfi ekki að taka meira



”Ef við lendum í vandræðum með efnahagsmálin og höfum ekki þessa aðlögun sem krónan hefur gefið þá kemur það fram í atvinnuleysi og rýrnun kaupmáttar. Það er hættan. Við Íslendingar höfum aldrei getað sætt okkur við þetta og okkur hefur tekist að afstýra því með krónunni.“

EDDA RÓS KARLSDÓTTIR
FORSTÖÐUMAÐUR GREININGARDEILDAR LANDSBANKANS

en eitt til tvö ár því að Íslendingar séu þegar komnir hálf leiðina inn í gegnum EES-samninginn. „Við komumst hjá því að ganga í ESB ef við viljum en það er ekki okkur í hag. Við erum með minnsta myntsvæði í heimi, það er dýrt að vera með eigin gjaldmiðil og miklu hagkvæmara úr því sem komið er að segir hún.

fara í ESB,“
Lagi sig að þróuninni

Edda Rós telur mikilvægt að stjórnmalamennirnir lagi sig að þróuninni og reyni aldrei að stöðva hana á öðrum forsendum en þeim ef fjármálastöðugleiki virðist vera í hættu eða hættu virðist stöðja að innviðum hagkerfisins að öðru leyti. Þess vegna sé það hlutverk stjórnmalamanna að tryggja að umgjörð varðandi eftirlit og áhættu- stýringu sé fullnægjandi hjá atvinnulífnum. Það segir hún að geti kallað á endurskoðun á lagaumgjörð og þeim stofnunum sem fyrir eru en

geti líka kallað á að hagstjórn verði hagað öðruvísi en verið hefur. Það verði menn að horfast í augu við.

„Ef okkur á að líða vel í evrunni þá þurfum við að stjórna okkar málum öðruvísi en hingað til. Staðreyndin er sú að evran sem gjaldmiðill verður hálfgerð spennitreyja. Við missum gjaldmiðil sem hefur séð um stóran hluta af aðlögun þjóðarinnar í efnahagsmálum og lagað samkeppnisstöðu atvinnugreina. Það hefur hingað til verið ómetanlegt því að sveiflurnar hafa verið svo miklar,“ segir Edda Rós, „en eftir því sem við verðum stærri hluti af

alþjóðahagkerfinu þá breytist þessi virkni og verður óútreiknanleg. Það getur marga gerst áður en gjaldmiðillinn fer aftur að virka með þessum hætti,“ segir hún.

Endurskoðun á fjármálum hins opinbera þarf að fara fram og draga verður úr sveiflum. Edda Rós

segir að ef dragi úr sveiflum og endurskoðun á fjármálum hins opinbera fari fram þá líði Íslendingum hvort sem er vel með krónuna. „Ef við lendum í vandræðum með efnahagsmálin og höfum ekki þessa aðlögun sem krónan hefur gefið þá kemur það fram í atvinnuleysi og rýrnun kaupmáttar. Það er hættan. Við Íslendingar höfum aldrei getað sætt okkur við þetta og okkur hefur tek-

ist að afstýra því með krónunni.“

Afnám verðtryggingar

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, telur lausnina á efnahagsvandana þjóðarinnar ekki felast í gjaldmiðils- skiptum því efnahagsvandinn verði áfram til staðar og þá verði ríkisfjármálin eina stjórntækið sem eftir verði. Hún veltir upp umræðunni um afnám verðtryggingar frekar en að „gefast upp, leggja Seðlabankann niður og fá evruna.“ Hún telur skipta máli að verðtrygging hafi verið sett á við allt aðrir aðstæður en eru nú á fjármálamarkaði. Verðtryggingin hljóti að breytast og vera afnumin, hugsanlega í áföngum, þó að það sé engin töfralausn. Íslendingar myndu aldrei teygja sig út á ystu nöf í lánökum ef vextir á langtímalánum gætu breyst, þó ekki væri nema innan ákveðinna marka.

Breytingar verða væntanlega á matvælavæði í byrjun mars með afnámi vörugjalda, tollalækkunum og lækkun virðisaukaskatts. Skoðanir eru skiptar um tímasetn-

ingu þessara aðgerða og hvaða áhrif þær muni hafa. Sumir telja aðgerðirnar lækka matvælavæði um tæp tíu prósent meðan aðrir vonast eftir allt að sextán prósent lækkun. Erna telur að aðgerðirnar muni skila sér vel til neytenda en Katrín telur matarverð lækka en ekki nóg.

„Ég er hrædd um að ekki sé nóg samkeppni á matvörumarkaði og þensla sé of mikil til að þetta skili sér að fullu út í verðlagið,“ segir Katrín og tekur undir áhyggjur um verðhækkunir

hjá heildsölum og kaupmönnum fyrir breytinguna. Hún segir að við núverandi aðstæður sé einfaldara fyrir kaupmenn að aðgerðirnar skili sér ekki út í verðlagið. Hún útilokar ekki að matarverð hækki aftur ef þenslan haldist.

Fram undan er óvissa

Katrín er sammála þeim sem telja tímasetninguna óheppilega og telur að betra hefði verið að grípa til þessara ráðstafana í jafnvægi eða slaka. Til að ná tilætluðum árangri þurfi mjög virkt verðlags- eftirlit. „Ef lækkunin kemur ekki fram í verðlagi er lítið hægt að gera,“ bendir hún á.

Fram undan er óvissa í efnahagsmálum. Stýrivextir eru háir. Verðbólga hefur lækkað lítillega og því merki um viðsnúning en þau eru ekki sterk. Lítil samdráttur hefur komið fram en þó er ljóst að þróunin hlýtur að verða í þá áttina. Kosningar eru í vor og á kosningarári er samdráttur ekki vinsæll. Tímasetning á matarbreytingum er engin tilviljun. Viðsnúningurinn kemur tæpast fyrir vorið.

Halla er bjartsýn á að stjórnvöld átti sig á stöðunni, séu tilbúin til viðræðna og hlusti á viðskiptalíf. Hún segir að hvert fyrirtæki þurfi að hugsa um sína afkomu og lífa af. Málið sé ekki einfalt og engar einfaldar lausnir til. Áður hafi aðeins illa stöð og lítt þróuð ríki með lítinn trúverðugleika kastað gjaldmiðli sínum og tekið einhliða upp evruna. „Þannig erum við ekki. Okkur er nær að ná jafnvægi í hagkerfið, taka síðan upp umræður til lengri tíma lítið og setja fram áætlun um hvernig við ætlum að skipa málum til framtíðar.“



NÆR AÐ NÁ JAFNVÆGI
Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, bendir á að áður en við setjum fram áætlun um hvernig eigi að haga málum til framtíðar þurfi að ná jafnvægi í hagkerfið nú.



VERÐTRYGGINGIN AFNUMIN
Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, bendir á að verðtryggingin hafi verið sett við allt aðrir aðstæður en nú eru á fjármálamarkaði og því hljóti afnema hana.



EKKERT HÆGT AÐ GERA „Ef lækkunin kemur ekki fram í verðlagi er lítið hægt að gera,“ segir Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, um matarverðslækkunina sem fyrirhuguð er í byrjun mars.



HÆTTA Á ATVINNULEYSI OG RÝRNUN KAUPMÁTTAR „Staðreyndin er sú að evran sem gjaldmiðill verður hálfgerð spennitreyja,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLÍÐIÐ

*í blíðu og stríðu***FRÍTT INN Á LANDSLEIKINA GEGN
TÉKKUM Í LAUGARDALSHÖLL**

laugardaginn 13. janúar kl. 16:15 og sunnudaginn 14. janúar kl. 16:15

Farðu strax inn á www.ibliduogstridu.is og tryggðu þér þannig ókeypis miða.**NÚ SÝNUM VIÐ HVAÐ Í OKKUR BÝR!**

Samtök stuðningsmanna íslenska landsliðsins í handknattleik voru formlega stofnuð 12. janúar.
Félagsmenn samþykkja svohljóðandi yfirlýsingu:

STUÐNINGSBODORÐIN 10

- 01** Við litum á okkur sem „stuðningsmenn“ – en ekki „áhangendur“.
- 02** Við vitum að stuðningur okkar er mikilvægur fyrir liðið og getur haft mikil áhrif á árangur þess.
- 03** Við vitum að stuðningur er ekki sist nauðsynlegur í stríðu – ekki bara í blíðu!
- 04** Við gerum okkur raunhæfar væntingar.
- 05** Við teljum það ekki minnimáttarkennd að taka það með í reikninginn að 300 þúsund manna þjóð er að keppa við milljónaþjóðir. Það er bara viðurkenning á staðreyndum.
- 06** Við gerum þá kröfu til landsliðsins að það „haldi haus“ í mótlæti og skuldbindum okkur til þess að gera slíkt hið sama.
- 07** Við heitum því að yfirgefa ekki skútuna ef miður gengur – við heitum því að halda út allt til enda og sýna „úr hverju við erum gerð“.
- 08** Jákvæður stuðningur er skemmtilegur og gefandi – ekki bara fyrir landsliðið heldur líka okkur stuðningsmenn og þjóðarkarakterinn.
- 09** Við getum ekki öll orðið landsliðsmenn – en við getum orðið stuðningsmenn – í blíðu og stríðu.
- 10** Sama hvernig gengur og sama hvernig fer - þá lofum við alltaf einu: Við höfum ánægju af leiknum.

Öldruð en ánægð

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um málefni aldraðra og aðbúnað þeirra á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Jafnan hefur umræðan verið neikvæð þar sem bent er á að ekki sé nægilega vel hlúð að þessum þjóðfélagshópi. **Sigríður Hjálmarsdóttir** heim-sótti fjögur dvalar- og hjúkrunarheimili og ræddi við heimilisfólkið sjálft um líðan þeirra og aðbúnað á heimilunum.



REKUR VERSLUN Jórunn hefur búið á Grund í fimm ár en fer á hverjum degi til vinnu þar sem hún rekur sína eigin verslun á Klapparstíg. Hún er orðin 96 ára og stofnaði verslunina fyrir fjórtán árum þegar hún var 82 ára.

Jórunn R. Brynjólfsson á Grund Leiðist aldrei

Jórunn er 96 ára gömul og hefur búið á Dvalarheimilinu Grund í fimm ár. Hún segist ekki geta hugsað sér neitt yndislegra. „Það er svo gott samfélag hérna að ég myndi hvergi annars staðar vilja vera,“ segir Jórunn en hún hefur rekið verslunina Jórunnarbúð á Klapparstíg í fjórtán ár og fer til vinnu á hverjum morgni. Þar selur hún sængurver, dúka og ýmislegt fleira. „Ég ætla að halda áfram með búðina á meðan ég lifi. Ég finn aldrei til í fótunum og er aldrei þreytt,“ segir hún en hún reiknar allt í huganum og þarf ekki að nota gleraugu. „Svo kem ég heim eftir vinnu og þá er kvöldverðurinn borinn á borð fyrir mig. Síðan fer ég alltaf inn á herbergi mitt eftir kvöldmat. Þá vil ég hafa næði til að horfa á sjónvarpið eða lesa enda er ég þá búin að fá nægan félagsskap fyrir daginn en hér er ekki hægt að láta

sér leiðast í eina mínútu.“

Jórunn segir afskaplega vel valinn hóp starfsfólks starfa á Grund sem þyki vænt um allt heimilisfólkið. „Á því er engin undantekning því alls staðar er sama hlýja og yndislega viðmót,“ segir Jórunn og bætir því við að á heimilinu hafi hún allt sem hún þarf. „Hér fæ ég hárgreiðslu, fót snyrtingu og nudd, þannig að þetta er bara eins og að taka fólk að sér þegar það er orðið fullorðið. Hér lifi ég mína elli með eðlilegum hætti.“

Jórunn varð fyrir því óhappi fyrir í vetur að fótbrotna. „Ég á ægilega góðar dætur sem hlupu í skarðið fyrir mig í búðinni fyrir jólin meðan ég var að jafna mig og það gekk ofsalega vel.“ Jórunn var þó ekki lengi að jafna sig eftir óhappi því hún vildi komast sem fyrst til starfa aftur í versluninni sinni.

Þórunn Sigurðardóttir á Hrafnistu

Dettur ekki í hug að kvarta

„Ég verð 92 ára í vor og er búin að vera hér á Hrafnistu síðan fyrir júlín 2005,“ segir Þórunn en sjálf hafði hún unnið á Hrafnistu á árum áður. „Mér hefur líkað ágætlega hér síðan ég kom enda var ég búin að vinna hér og vissi alveg að hverju ég gekk. Annars fer það mikið eftir því bara hvernig fólk er sjálft hvort það er ánægð eða ekki.“

Þórunn segist ekki gera neitt sérstakt yfir daginn. „Ég les blöðin en að öðru leyti ósköp lítið. Spila þegar ég hef einhvern til að spila við og hef verið með handavinnu sjálf bara hér inni á herberginu mínu. Þá hjálpar starfsfólkið mér

ef ég þarf á því að halda,“ segir hún.

„Mér dettur ekki í hug að kvarta undan því að vera hér, það væri nú bara skáldskapur,“ segir Þórunn og bætir því við að það sé ekkert vandamál að vera gamall nema að maður skapi sér það sjálfur.

„Ég fann ekkert fyrir því að fara heiman frá mér og hingað á Hrafnistu. Ég bjó heima áður og sonur minn var með íbúð í kjallaranum hjá mér. Ég var oft ein í húsinu af því hann var að vinna og mér fannst það ekki vera öruggt lengur, auk þess sem mér leiddist stundum,“ segir Þórunn og er ánægð með nýja heimilið sitt.

Sigmundur Bjarnason á Sólvangi

Ekkert að nema elli


Sigmundur hefur verið á Sólvangi í rúm tíu ár en hann er 96 ára síðan í september. „Mér hefur líðið ágætlega eftir að ég kom á Sólvang,“ segir Sigmundur og bætir við: „Enda er ekkert að mér nema elli.“

Sigmundur segir það alveg ágætt að vera á dvalarheimili þó hann geri nú ekki mikið yfir daginn. „Ég þvælist bara um hérna, hlusta dálítið á útvarpið og reyni líka að lesa svolítið. Það gengur þó ekki alveg nógu vel því ég sé dálítið illa en gengur alveg ef letrið er ekki mjög smátt.“

Aðstæður Sigmundar á dvalarheimilinu hafa heilmikið breyst á þessum tíu árum því fyrst þegar hann kom þangað deildi hann herbergi með tveimur öðrum. „Svo var tekið upp á því að fækka niður í tvo en ég er bara einn hérna núna því hann dó í ágúst sem var með mér á stofunni,“ segir Sigmundur og er steinhissa á að fá að vera einn í herbergi þó honum finnst það alveg ágætt. „Ég hélt að heimilið hefði ekki efni á því.“

Spurður hvort hann líti á Sólvang sem heimili sitt segir Sigmundur: „Já, ég verð að gera það enda er ég búinn að vera hér svo lengi og á hvergi annars staðar heima. Ég á þó ekki marga vini hér enda hef ég aldrei verið vinamargur. Ég er að mestu sjálfum mér nógur.“

SJÁLFUM SÉR NÓGUR Sigmundur býr á Sólvangi í Hafnarfirði og líður ágætlega þar.



Ólafur Örn Arnason á Skjóli

Nóg við að vera

Ólafur er á þriðja árinu sínu á Skjóli en hann er 86 ára gamall. „Mér hefur líkað vel að vera hér og hef nóg við að vera,“ segir Ólafur og tekur dæmi: „Maður horfir á sjónvarp og hlustar á útvarp. Á morgnana eru æfingar þar sem ég æfi mig að ganga í göngugrind til að halda mér aðeins við. Þannig að hér er ágætt að vera.“

Ólafur segir ekki mikið um bein félagsstörf á Skjóli en nefnir þó helgustundirnar sem séra Sigurður Jónsson í Ásprestakalli sér um. „Síðan er tólmstundaiðja hér niðri þar sem hægt er að mála, prjóna og fleira. Þar hef ég málað svolítið og les blöðin þar líka þannig að mér leiðist ekkert, enda er hægt að hafa vel ofan af fyrir sér,“ segir Ólafur.

Eiginkona Ólafs kemur reglulega í heimsókn til hans á Skjóli en hún býr enn heima. „Hún gat ekki annast mig lengur og þess vegna kom ég hingað.“

Ólafur segist ekki geta litið á Skjól sem heimili sitt heldur líti hann meira á sig sem gest þar. „En ég sætti mig vel við að vera hér. Það eru reyndar mikið viðbrögð að fara að heiman og á hjúkrunarheimili. Sérstaklega að skilja konuna eftir heima en hún er sjö árum yngri en ég. Það hefur enn ekki komið til tals að hún komi hingað líka enda getur hún annast um sig sjálf ennþá. Fær bara mann-eskju til sín til að þvo og hreinsa til,“ segir Ólafur.

EIGINKONAN HEIMA Ólafur Örn hefur verið á Skjóli á þriðja ár og segir það mikið viðbrögð að flytja að heiman á hjúkrunarheimili. Ekki síst þar sem eiginkona hans býr enn heima.



LÍKAR ÁGÆTLEGA Þórunn hefur verið á Hrafnistu í rúm tíu ár. Hún vissi alveg að hverju hún gekk þar sem hún hafði áður starfað á dvalarheimilinu og líkar ágætlega þar.

Janúartilboð

Stafræn framköllun í janúar

aðeins **25 kr** myndin

Framkallaðu myndirnar þínar og varðveittu minningarnar á öruggan hátt



25
kr. stk.



Útsalan hafin

Allt að 60% afsláttur



HANS PETERSEN

Lífsdans sólskinsfólksins

Hjónin **Jonathan Dayton og Valerie Faris** slógu óvænt í gegn með sinni fyrstu kvikmynd, *Little Miss Sunshine*, sem fjögur þúsund manns hafa séð á þeirri viku sem hún hefur verið sýnd í Reykjavík. Þórarinn Þórarinsson ræddi við Jonathan um þessa litlu, krúttlegu mynd sem flytur þann boðskap að fólki sé farsælast að líta á lífið sem dans.

Little Miss Sunshine er lítil mynd sem hefur slegið í gegn hvarvetna og það er óhætt að segja að hún hafi fengið draumabyrjun þegar hún var sýnd á Sundance kvikmyndahátíðinni þar sem áhorfendur risu úr sætum sínum að lokinni frumsýningu og hylltu höfundu hennar með dynjandi lófaklappi. Sigurganga myndarinnar hefur verið óslitin síðan en þessar miklu vinsældir komu leikstjórunum í opna skjöldu.

„Þessar vinsældir komu okkur á óvart, ekki síst þar sem þetta er okkar fyrsta mynd,“ segir Jonathan en þau hjónin hafa unnið saman að kvikmyndagerð í um 20 ár og hafa meðal annars gert tónlistarmyndbönd fyrir R.E.M., Janet Jackson og Paulu Abdul. „Við höfum alla tíð verið heilluð af kvikmyndagerð og töldum okkur vera með frábært efni í höndunum en óraði ekki fyrir þessu. Það eina sem við vissum var að sagan og innihald hennar skiptu okkur miklu máli en það er alls ekki sjálfgefið að það sem maður heillast af höfði til annarra. Hvað þá fólki í öðrum löndum þannig að þetta hefur verið mjög ánægjulegt og þá ekki síst vinsældirnar utan Bandaríkjanna.“

Dönsom okkur frá metingnum

Little Miss Sunshine greinir frá ferðalagi fjölskyldu, hjónum með tvö börn, samkynhneigðum og þunglyndum frænda og rugluðum afa sem hefur tekið upp fíkniefna-

”

Eigið þið kannski líka ykkar útgáfu af *American Idol*? Þetta er fáránlegt. Það er alveg út í hött hvað við leggjum öll á okkur en það er notalegt að sjá að fólk nær þessum punkti í *Little Miss Sunshine*.



LITTLE MISS SUNSHINE Ferð krepptar fjölskyldu á fegurðarsamkeppni barna hefur djúpstæð áhrif á meðlimina sem komast að ýmsu um lífið og sjálfa sig.

neyslu á gamals aldri. Allt er fólkið í einhverjum andlegum hremmingum fyrir utan sjö ára dótturina en fjölskyldan leggur land undir fót þegar stúlkunni býst að taka þátt í fegurðarsamkeppni barna. Aðstandendur hennar eru óttalegt minnipokafólk en eygir von um glæstan sigur og stendur þétt að baki yngsta fjölskyldumeðliminum.

„Handritshöfundurinn sá *Little Miss Sunshine* fyrir sér sem nútímalega vegamynd sem segði þessa fjölskyldusögu án allrar tilfinningasemi og væmni. Ég held að myndin höfði jafnsterkt til fólks og raun ber vitni vegna þess að við þekkjum öll þessi vandamál og óryggið sem persónurnar glíma við. Myndin fjallar um tvenn ólík lífsviðhorf sem takast á. Annars vegar að líta á lífið sem samkeppni og hins vegar sem dans. Þegar þú dansar gerir þú það einungis vegna þess að þú nýtur þess og hefur ekki áhyggjur af því að vera dæmdur. Þegar upp er staðið eru það þessi skilaboð sem myndin hefur fram að færa, að það sé farsælast að horfa á lífið eins og dans og njóta reynslunnar frekar en að vera í stöðugri samkeppni og einblína á það hvort maður sé númer eitt.“

Bandaríkjamenn missa sig í kapphlaupinu

„Ég held að Bandaríkjamenn séu sérstaklega uppteknir af því að vera númer eitt,“ segir Jonathan. „Heimurinn er hins vegar að breytast og þetta viðhorf er að breiðast út um allan heim. Við höfum því miður flutt þessa sigurvegararabráhyggju út um víða veröld. Það eru alls konar keppnir í gangi úti um allt. Við erum til dæmis með *American Idol* í sjónvarpinu hérna en þátturinn er gerður eftir bresku módeli. Eigið þið kannski líka ykkar útgáfu af *American Idol*? Þetta er fáránlegt. Það er alveg út í hött hvað við leggjum öll á okkur en það er notalegt að sjá að fólk nær þessum punkti í *Little Miss Sunshine*.“

Jonathan segist hafa rekið sig á það að Bandaríkjamenn eigi það til að misskilja myndina og sumir haldi því fram að hún upphefji aumingjaskap. „Þetta er alls ekki rétt og punkturinn virðist því miður fara fram hjá þeim sem leggja þennan skilning í myndina. Við erum einfaldlega að segja fólki að láta ekki samkeppnina helta sig. Við erum einfaldlega að segja fólki að kalla sig ekki „sigurvegara“ og ekki „tapara“ heldur. Við erum í raun öll þátttakendur í einhvers konar



JONATHAN DAYTON OG VALERIE FARIS Ætla að fylgja frumraun sinni eftir af fullum krafti og eru þessa dagana að leggja drög að tveimur kvikmyndum. „Við erum að vinna að einni mynd með rithöfundinum Tom Perrotta sem skrifaði *Election* og *Little Children*. Hann er frábær höfundur. Velgengni *Little Miss Sunshine* hefur opnað okkur margar dyr en við viljum halda áfram að gera litlar myndir enda höfðum við mikið frelsi við gerð *Little Miss Sunshine*.“

fegurðarsamkeppni út í gegnum lífið en við megum ekki láta þetta lita alla tilveru okkar.“

Barnakeppnir litnar hornauga

Jonathan segir góðu heilli að þó mikið sé um fegurðarsamkeppni barna í Bandaríkjunum þá séu þær almennt litnar hornauga. „Þessar keppnir ganga yfirleitt fram af fólki og þó það sé hellingur af þeim í gangi þá eru þær samt einkennileg menningarfyrirbæri á jaðrinum og flestum er brugðið þegar þeir sjá börnin á sviði. Öll börnin sem koma fram í myndinni eru raunverulegir keppendur í fegurðarsamkeppnum en við ákváðum að það færi best á því að sýna þessi börn eins og þau eru í raun og veru. Ég hef mínar persónulegu skoðanir á þessum keppnum en vildi í myndinni horfa á heildarmyndina og það hvernig við stillum okkur öll upp sem keppendur. Við vildum tryggja að fegurðarsamkeppnin yfirskyggði ekki myndina og kaffærði boðskapinn. Það er svo óneitanlega áhugavert að fólk úr þessum barnafegurðarsamkeppnabransa hefur tekið myndinni vel og

lítur alls ekki á hana sem fordæmingu á fyrirbærinu.“

Vandað leikaraval

Leikararnir í myndinni þykja standa sig með mikilli þrýði með hina ungu Abigail Breslin, Greg Kinnear og Toni Collette í broddi fylkingar en gamanleikarinn Steve Carell úr bandarísku *The Office*-þáttunum þykir einnig sýna á sér nýja og skemmtilega hlið í hlutverki frændans þunglynda. „Við gerðum okkur fulla grein fyrir því að leikhópurinn gæti skipt sköpum fyrir útkomuna og vönduðum okkur vel þegar við völdum í hlutverkin. Við vissum að við yrðum að finna leikara sem gætu verið sannfærandi á tilfinningasviðinu og verið ekta og myndir um leið. Steve Carell sagðist aldrei hafa litið svo á að hann væri að leika í gamanmynd þó hann hafi verið meðvitaður um að þetta væri fyndið og hann var því aldrei að reyna að vera fyndinn. Þetta er eitt af því sem fékk þetta allt til að ganga upp, að leikararnir voru ekki að rembast við að vera fyndnir.“

Samlynd hjón

Jonathan segir það síður en svo vefjast fyrir þeim hjónum að vinna saman og það sé ekki vandamál að hafa tvo leikstjóra. „Við erum gift, eigum þrjú börn og höfum unnið saman í rúm tuttugu ár þannig að fyrir okkur er það eðlilegasti hlutur í heimi að vinna náið saman. Við gerðum þetta allt saman og vorum alveg samstíga í gegnum allt ferlið. Við unnum bæði með leikurunum en þegar við tökum atriðin upp átti annað okkar það til að draga sig aðeins í hlé á meðan hitt hélt áfram að gefa leikurunum fyrirmæli en við gættum þess vandlega að lenda ekki í mótsögn hvort við annað.“

Jonathan segir þau hjónin undir áhrifum frá ýmsum leikstjórum, evrópskum og bandarískum. Glöggir áhorfendur þykjast jafnvel greina skandinavísk áhrif í *Little Miss Sunshine* og það er síður en svo úr lausu lofti gripið. „Við erum ofboðslega hrifin af myndunum *Tilsammans* og *Fucking Ámál* eftir Sviann Lukas Moodysson og svo höldum við mikið upp á *Almodóvar*.“

BT MINGARSALA BT



FARTÖLVA FARTÖLVA FARTÖLVA

**10.000.-
AFSLATTUR**



TOSHIBA

PSL33E-00G016N5
TOSHIBA SATELLITE L30-140
Intel® CeleronM 410A
14" WideXGA skjár
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
40GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggð þráðlaust netkort

Windows XP home edition SP2
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote™ 2003
PowerDVD
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

4.534*
~~69.588~~

4.999 59.988
* Vaxtalaust 12 mån. Staðgreitt

**36.000
AFSLATTUR**



**FUJITSU
SIEMENS**

LKN:DAN-159900-025
FSC AMILO PI CORE2
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi

9.999*
~~155.988~~

9.999 119.988
* Vaxtalaust 12 mån. Staðgreitt

**40.000.-
AFSLATTUR**



PLUA1E-01801KN5
TOSHIBA SATELLITE U200-198
Intel® Core 2 Duo T5500
12.1" Wide XGA skjár
512MB DDR Minni
60GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort Intel ABG
Kortalesari 4 - 1
Bluetooth
Fingrafaralesari - Biometric
Shock resistant magnesium alloy chassis
3D Shock resistant Harður diskur
Rafhloðuending 5:01 (Mobile Mark™)
Aðeins 1.86 kg
Windows XP Professional

11.666*
~~179.992~~

11.666 139.992
* Vaxtalaust 12 mån. Staðgreitt

LYKLABORÐ



**40%
LÆKKUN**

1.999
~~3.499~~

Trust
14884-TRU
TRUST ÞRÁÐLAUST ÍSLENSKT
LYKLABORÐ OG MÚS
Með ábrenndum íslenskum stöfum.

Með ábrenndum íslenskum stöfum.

ÞRÁÐLAUS MÚS



**70%
LÆKKUN**

999

Trust
14179-TRU
TRUST WIRELESS MOUSE
MI-3500X

LJÓSMYNDAPRENTARI



**25%
LÆKKUN**

8.999

HP
Q8160B
HP PHOTOSMART C3180 ALL IN ONE
Prentar - skannar - ljósritar
Jafnarlaus prentun
USB og PictBridge tengi
Innbyggður Kortalesari

HEYRNARTÓL



**90%
LÆKKUN**

199

Trust
11916-TRU
TRUST MULTI FUNCTION HEADSET

LYKLABORÐ



Með ábrenndum íslenskum stöfum.

**30%
LÆKKUN**

2.799
~~4.999~~

Logitech
967559-0118
LOGITECH MEDIA ELITE
ÍSLENSKT

LJÓSMYNDAPRENTARI



**64%
LÆKKUN**

6.999
~~14.999~~

SONY
DPPFP35
SONY MYNDAPRENTARI FP35

FLAKKARI



**30%
LÆKKUN**

12.999
~~18.999~~

LACIE
301062EK
LaCie 250GB LACIE BRICK
USB2 8MB

FLAKKARI



**33%
LÆKKUN**

7.999

LACIE
301074
LaCie 80GB LACIE MOBILE
DRIVE USB2

BORÐTÖLVA



**Linux
STYRIKERFI**

9.999

**50%
LÆKKUN**

MDPC6189IS
MEDION LINUX CELERON
850MHZ

Hollustan í fyrir



TILBOÐ
149 kr/stk
Verð áður 189,-

Perfect prótein blast
lítil 35 g stykki

Perfect prótein crunch 4 spennandi
bragðtegundir hver annari betri!

Kynningar í Kringlu,
Smáralind og Spöng:
Laugardag kl. 12-16



GOTT VERÐ
159 kr/stk

Perfect drykkir allt sem þú þarft í
átakið. Fitubrennsla, orka, uppbygging

Kynningar í Kringlu,
Smáralind og Spöng:
Laugardag kl. 12-16

Froosh 100% hreinn ávaxta-smoothie
án allra aukaefna og sykurs



TILBOÐ
199 kr/stk
Verð áður 249,-



TILBOÐ
249 kr/stk
Verð áður 299,-

Firefly hollustudrykkir enginn sykur,
litarefni eða rotvarnarefni og ekkert koffín



Nýtt
í Hagkaupum

Granateplasafi 100% hreinn safi án allra
aukaefna



TILBOÐ
229 kr/stk
Verð áður 279,-

EAS Precision Burner Light inniheldur hámarks
magn af koffíni og karnítíni. Bættur með ginseng,
táríni, B vítamínnum og kalki. Aðeins 13 hitaeiningar í
flöskunni. Hámarks fitubrennsla... í flösku!

rúmi alla helgina

-þú verður að kíkja í heimsókn



Ferskar
kjúklingalundir

TILBOÐ
1.718 kr/kg
Merkt verð 2.455,-

30%
afsláttur við
kassa



Lambalæri
frosið

TILBOÐ
889 kr/kg
Verð áður 1.499,-



Kjúklingalæri
með legg

TILBOÐ
420 kr/kg
Merkt verð 645,-

35%
afsláttur við
kassa



Himnesk hollusta fyrir alla...

Fyrirtækið Himnesk hollusta sérhæfir sig í innflutningi á hágæða matvöru frá ýmsum löndum. Vörurnar eiga það sammerkt að vera lífrænt ræktaðar, vistvænar og án allra auka- og eiturefna. Miklar kröfur eru gerðar til matvörunnar sem er seld undir merkjum fyrirtækisins en markmiðið er að selja gæðavöru á góðu verði.


HIMNESK

HOLLUSTA



HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Allt að
30% afsláttur
af eikarhúsgögnum
frá Christian Harold



Sófasett 3+1+1
Fullt verð: 269.000,-
Útsöluverð: 179.000,-



Sófasett 3+1+1
Fullt verð: 239.000,-
Útsöluverð: 159.000,-

Fjöldi annara tilboða



gæðahúsgögn
Opið virka daga: 10-18
laugardaga 11-16



Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

STUÐ MILLI STRÍÐA Lífið er pöbbarólt

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR SPRENGIR ÞÆGINDABLÖÐRUNA



„Lífið kemur í tímabilum,“ sagði móðir mín við mig um daginn svo spekinglega að ég átti ekki annarra kosta völ en opna einn bjór og hugsa vandlega um merkingu þessara orða. Ég byrjaði á því að hugleiða hvort ég ætti ekki að taka upp þann sið að fá mér ávallt einn bjór þegar móðir mín segði eitthvað merkilegt en taldi að það myndi leiða til mikillar dagdrykkju og sneri mér því að vangaeltum um tímabilaskipt lífið.

Lífið kemur jú vissulega í tímabilum. Sumum hrútleiðingum, öðrum hreint snilldarlegum. Þegar

svo eitt tímabil klárast og annað tekur við þá getur oft komið okkur á óvart hversu auðvelt eða þá hversu erfitt er að sleppa takinu og halda út í óvissuna. Hugleiðingar mínar héldu áfram í viðlíka hringavitleysu og ég dreypti á björnum meðan Bob Marley söng um að djamma, djamma í nafni guðs. Ég starði ofan í bjórdolluna í leit að svari og aldrei þessu vant, þá leyndist svar við einni af gátum lífsins ofan í hálffullri bjórdós.

Galdurinn er að sætta sig við að ekkert endist að eilífu. Í stað þess að hanga sífellt í því sama, koma sér vel fyrir í þægindablöðrunni þar sem ekkert hróflar tilveru manns, er gott að sprengrja blöðruna öðru hvoru. Stöðnun er

ógnvekjandi fyrirbæri. Því er besta leiðin til að njóta lífsins sú, að ná því besta úr hverju tímabili fyrir sig og halda svo áfram yfir í næsta. Í þessum skilningi er lífið svolítið svipað pöbbarólti. Stundum er gott að breyta til og færa sig yfir í stuðið á næsta bar.

„Svalt“ hugsaði ég og tók stóran sopa af visku lífsins úr bjórdósinni.

Að þessu sögðu þakka ég ykkur fyrir samfylgd og lestur. Ég ætla að kasta mér út úr þægindablöðrunni og halda áfram pöbbaróltinu yfir í næsta tímabil lífsins. Stundum verður maður bara að láta eftir freistingunni, enda ekki víst að hún bjóðist aftur.

Lífið og njótið.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HELGAR TILBOÐ



~~2.199~~
1.999

Tenacious D
The Pick Of Destiny




~~2.199~~
1.999

Hallilúja og Heiðar Alelda
Pollapönk



~~2.599~~
2.399

Beatles
Love CD+DVD



~~2.199~~
1.999

Skúli Sverrisson
Séría



~~2.199~~
1.999

Forgotten Lores
Frá Heimsenda



~~2.199~~
1.999

Incubus
Light Grenades



~~3.199~~
2.999

Björgvin Halldórsson
Björgvin og Sinfó CD+DVD



~~2.999~~
2.799

Sálin
Sálin og Gospel CD+DVD




~~2.199~~
1.999

My Super Ex Girlfriend
DVD



~~2.199~~
1.999

Ice Age 2
DVD



~~2.199~~
1.999

The Queen
DVD




~~2.199~~
1.999

The Sentinel
DVD



~~2.199~~
1.799

Hoodwinked
DVD



~~2.199~~
1.999

Superman Returns
DVD



KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI

Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérreittaseðill og tilbodsmatseðill á leikfúskvöldum

Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)

Verkið er aðeins sýnt í viku.

Frumssýning Sun 21. jan kl. 20 Uppsett / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER

Frumssýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 / Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn The Rake's Progress

IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY

Frumssýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus

2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 - 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)

Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Bakkynjur

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.

Í kvöld lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2. Fær sýningar eftir.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.

Í dag lau. 13/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.

BAKKYNNJUR eftir Euripides.

8. sýn. fim. 18/1 nokkur sæti laus, fös. 19/1, fös. 26/1. Hlin Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.

Í dag lau. 13/1 uppselt, þri. 16/1 kl. 20:00 uppselt, mið. 17/1 kl. 14:30 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið 7/2 uppselt.

Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kassinn kl. 20:00

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.

Frumssýning fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur


Í dag lau. 13/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 örfá sæti laus og kl. 14:00 uppselt, lau. 20/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is. Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“

DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Sun 21/1 kl. 20 4. sýning Græn kort Fös 26/1 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 28/1 kl. 20 Lau 3/2 kl. 20	Fim 18/1 kl. 20 UPPSELT Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT Fös 26/1 kl. 20 Lau 3/2 kl. 20 Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
VILTU FINNA MILLJÓN?	AMADEUS
Í kvöld kl. 20 Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Fös 2/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20	Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20 Síðustu sýningar
SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.	Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
MEIN KAMPF	Sun 14/1 kl. 14 Sun 21/1 kl. 14 Sun 28/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 20 AUKASÝNING Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
EILÍF HAMINGJA	Í kvöld kl. 20 Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT Fös 2/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20	FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is	Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum. * Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.



MYNDLIST Guð sér um vini mína - ég sé um óvini mína. Dúkrstur af föngum á Litla-Hrauni eftir Sigríði Ólafsdóttur munu vekja nokkra eftirtekt.

Blámínn indigo

Þjóð sem klæðir sig árið um kring í bláar gallabuxur ætti ekki að kippa sér upp við að myndlistarmenn setji saman sýningu með yfirskriftinni Indigo. Á hverju ári er það mullin í gallabuxunum lituð blá með tilbúnum indigo-lit sem hefur um langt árabil tekið við af hinum forna dimmbláa lit.

Indigo var hátt skrifaður meðal fornþjóða Indlandsskagans og Kína. Þótt litarar Kínverja og Indverja hafi fundið margar leiðir til að skapa þennan sterkláa lit er sjaldgæft að takast á við hann í hreinu formi: túregar á svæðinu í jaðri Sahara kunna það enn og þar táknar hann auð, þar er hann svo sterkur að hann smitast á húð manna og þeir fá á sig bláan tón.

Höpur myndlistarmanna með formleg sýningarsamtök - stundum kallaðir málarahópurinn Gullpensillinn - hefur sett saman sýningu sem opnar í Gerðarsafni í dag og þau hafa valið sér yfirskriftina Indigo. Verður sýningin uppi til 11. febrúar. Þau eru tíu saman að þessu sinni, en eru í losaralegu mengi sínu meira, raunar

helstu málara landsins undir miðjum aldri, hópurinn sem kom fram og reis hljóðlega gegn ríkandi stefnuleysi og sundrunu og tók að mála á ný.

Þetta eru þeir Daði Guðbjörnsson, Helgi Þorgils, Eggert Pétursson, Ransu, Birgir Snæbjörn, Jóhann Lúðvík, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni og Sigurður Árne. Þessi sýning er búin að vera tvö ár í uppsiglingu og gefur Gerðarsafn út myndarlega sýningarskrá með stuðningi Milestone.

Verkin eru öll miðuð út frá indigo-bláum. Þau eru svo ólík sem þau eru mörg: leiðþemað er bara liturinn og hann reynist óhemju öflugur að halda öllu saman. Myndefnið er af ýmsum toga: fangar á Litla-Hrauni, blómamyndir Eggerts, leikföng fyrir Indigo-börnin, kunnuglegri þemu frá Helga Þorgils og Kristínu Gunnlaugsdóttur.

Í myndarlegri sýningarskránni gerir Auður Ólafsdóttir listfræðingur litla grein fyrir litnum og tengslum hans hér á landi og í stærra samhengi vestrænnar myndlistarsögu og þá er ekki tæpt á blúsum, bláum mánudögum, næturblámanum og bláum augum þínum.

- pbb

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

10 11 12 13 14 15 16

Laugardagur

OPNANIR

14.00 **Anna-Katharina Mields** og **Jóna Hlíf Halldórsdóttir** opna sýninguna **Flying Saucer?** á **Café Karólínu** á **Akureyri**. Þær stöllu hafa unnið saman áður og settu upp sýningu í Berlín í desember 2006. Sýningin á Karólínu er innsetning sem samanstendur af myndbandsverk, ljósmyndum, málverkum, texta, og skúlptúrum.

15.00 Tvær sýningar verða opnaðar í **Listasafninu á Akureyri** um helgina. Annars vegar sýning **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Batemans ber heitið **Tyrffingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum.

16.00 Þýski myndlistarmaðurinn **Alex Gross** opnar sýninguna **Neubeu** í gallerí **Boxi á Akureyri**. Á sýningunni mun hann sýna véðó, teikningar, ljósmyndir og skúlptúr. Skúlptúrin er nýbygging sem hann hefur sérhannað inn í stofurými **BOXins**.

17.00 **Þorsteinn Gíslason - Steini** opnar sýningu í **DaLi gallery** Sýning Steina ber titilinn **TO THINK / DO THINK** og stendur til 27. janúar.

SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveit **Geimundar Valtýssonar** skemmtir á **Kringlukránni**.

SÝNINGAR

11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fugle, Astrí Lúihn, Sigrun Gunnarsdóttir, Torbjörn Olsen, Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningararmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þau eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

17.00 **Kolbeinn Hug** opnar einkasýningu sína í **Nýlistasafninu**. Sýningin „Still drinking about you“ stendur til 31. janúar og verður opin virka daga milli 13-17 en til miðnættis föstudaga til sunnudaga.

13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

14.00 Myndlistarmennirnir **Hekla Dögg Jónsdóttir, Daniel Björnsson, Sírta Sigrún Sigurðardóttir** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** taka þátt í jólasýningu Kling & bang gallerís sem nefnist **Ljósaskipti**. Sýningin stendur til 28. janúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Nýárstónleikar Trío Artis

Trío Artis heldur árlega nýárstónleika sína í Mosfellskirkju í Mosfellsdal á morgun sunnudag. Þetta er í fjórða skiptið sem tónleikarnir eru haldnir en á efnisskrá er jafnan ljúf tónlist fyrir flautu, víólu og hörpu.

Í ár leikur tríóið verk eftir Carl Philipp Emanuel Bach, Claude Debussy, Arnold Bax og François Devienne. Þess má geta að tríósónata Claude Debussy er fyrsta verkið sem skrifað var fyrir flautu, víólu og hörpu. Síðar hafa mörg tónskáld fetað í fótspor Debussys og einnig samið verk fyrir þessa hljóðfærasamsetningu sem þykir mjög sérstök en jafnframt falleg.

Trío Artis hefur gert það að



hefð að flytja sönötu Debussy á hverju ári á nýárstónleikunum í Mosfellskirkju enda merkilegt verk sem vex við hverja hlustun.

Trío Artis var stofnað í Amsterdam árið 2001 en það skipa þau Kristjana Helgadóttir, flautuleikari, Þórarinn Már Baldursson, víóluleikari og Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og er aðgangur að þeim ókeypis.

ÁRLEGIR NÝÁRSTÓNLEIKAR Ljúf tónlist fyrir flautu, víólu og hörpu.

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR

RISAÚTSALA

**VIÐ TÆMUM BÚÐINA OG LAGERINN
VEGNA BREYTINGA. 80-40% AFSLÁTTUR
AF FATNAÐI, GJAFAVÖRU, LEIKFÖNGUM,
BÚSÁHÖLDUM OG FLR. OG FLR.*
KOMDU OG GERÐU BRJÁLUD KAUP!**

Opið:
Mán-fös 10-18
Lau 11-14

*Á EKKI VIÐ EAS
FÆÐUBÓTAREFNIN



ALLT Á AÐ SELJAST*



> Við mælum með...

sokkaböndum. Nældu þér í fallegt sokkaband til að setja punktinn yfir falleg undirföt. Það er líka hægt að binda bara sætan satínborða efst á þykku sokkana í vetrarkuldanum. Trés, très sexy...

útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN ANNA HLÍN GUNNARSDÓTTIR, TANNLÆKNANEMI OG TÖFFARI

Bling, hælaskór og loðfeldir

Spáir þú mikið í tískuna?
Ég spái meira í fót en tisku.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?
Hann er ólýsanlegur. Allt frá þröngum hlauparabuxum upp í loðfeldi. Helst bæði í einu.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?
Núna eru það Stella McCartney og Prada. Það er svo gott að vera í fótunum frá þeim.

Tískuikonin þín?
Tískuikorninn minn.

Flottustu litirnir?
Svart og bleikt um helgar. Eitthvað dempaðra í skólanum.

Hverju ertu veikust fyrir?
Blingi, hælaskóm og loðfeldum.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast?
Ég fékk Jeremy Scott kattaugnakjól frá unnustanum um jólin.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna?
Lakkskór og fótboltatrejgur.

Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn?
Ég er nýbúin að kaupa mér kápu, buxur og sápu.

Uppáhaldsverslun?
Liborius og KronKron hér heima.

Hvaða áratugur finnst þér hafa flottustu tiskuna?
Fiftis. Rockabilly-púðluhundapils og leðurjakkar. Ú je.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án?
Gulleðurdemantastrigaskónna sem næstbesti vinur minn gaf mér. Og StelliMcCartney-múnbútsanna minna.

Uppáhaldsflik?
Silkibolirnir mínir og Dolce&Gabbana-kápan mín. Hún er voða skvísuleg.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð?
Tromsö?

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér?
Æ, einhver fluffúlpá sem ég er að reyna að gleyma bara. Og fermingarfötin. Klúður.



DADRAÐ VIÐ TÍSKUNA Elsa María Blöndal

Svartur mánuður?

Nú er janúar. Nú er kalt. Nú er skammdegi og kannski auðvelt að vera svartsýnn. Ég var að velja því fyrir mér um daginn hvernig klæðaburður okkar breytist eftir árstíðum og þá jafnvel eftir skapi. Ég tek sjálf eftir því að ég kys fremur að klæðast ljósari litum þegar hlýna tekur í veðri. Oftast er þó svartu eða dökki liturinn ráðandi enda praktíkin í fyrirrúmi hjá flestum Íslendingum. Það er hægt að klæðast svörtu án þess þó að hverfa inn í fjöldann og svartur litur þarf ekki að vera neikvæður litur. Mér þykir gaman og mikilvægt að sjá fólk klæðast svörtu einfaldlega af því að það ýkir karakter þess og því finnst það töff en ekki upp á praktíkina eða til þess að draga úr öðrum litum. French chic útlitið, Johnny Cash og Velvet Underground eru góð dæmi. Eins sjást margar ritstýrur erlendra tískublaða aðeins í svörtu og talað er um að tiskumaffan gangi aðeins í þessum klassíska lit. Maður klikkar aldrei í svörtu. Sé maður hins vegar fyrir sterka liti er um að gera að leyfa þeim að skína. Það gerði hann Christopher Kane svo sannarlega á sýningu sinni fyrir vor/sumar 2007 en nánar er fjallað um hann hér annars staðar á síðunni, enda heillaði hann frú Donatellu Versace upp úr skónum.

Í tískuheiminum gerast hlutirnir á ofurhraða. Hafi maður einhvern áhuga á tiskunni er skemmtilegt að fylgjast með nýjum nöfnum skjóta upp kollinum, sjá hvað hönnuðirnir hafa fram að færa, hverjir gera öðruvísi hluti, hverjir koma með eitthvað alveg nýtt, hverjir halda í klassíkina, en umfram allt, hvernig þróast tiskan?

Við heyrum oft að „eighties“ eða „nineties“ sé alveg komið aftur eða að „sixties“ sé að virka þessa dagana. Hvert sem hönnuðir sækja áhrifin, sér maður um leið hvort þeir hafa gefið eitthvað af sjálfum sér í flikina og á hvaða hátt þeir nálgast viðfangsefnið. Þessir gömlu tímar koma aldrei aftur. En það er æðislegt að sjá að þessi tímabil voru svo mikilvæg í hönnunarsögunni að áhrifa þeirra gætir enn í dag og enn skemmtilegra að hafa möguleikann á að blanda þessum stílum saman, enda allt leyfilegt í tiskunni í dag.

Þetta er allt risastór blanda af gömlu og nýju og hringrásin er endalaus.

Eins og með svo margt annað er það mikilvægast að þora en ekki guggna og sjá svo bara hvað gerist...

Whistles

70%
afsláttur af öllum vörum

visir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Fegurð yst sem innst

Ekki má gleyma þeirri ágætu lífsnáuðsyn sem góð undirföt eru.

Hvort sem um ræðir hlýtt og gerðarlegt föðurland og ömmuból til að bjóða okkar harðgera, rammíslenska kulda birginn eða undirfögur korselett með blúndunærbuxum í stíl til að lífga svolítið upp á svartasta skammdegið, þá er þessa dagana hægt að finna stórkostlega fjársjóði á góðu verði á útsöluum sem flestar búðir í Reykjavík hafa hafið. Skokkum því af stað og nælum okkur í eitt til tvö sett af fallegum nærfötum. Svo mælum við líka með að kíkja á netið og lúxuskettir geta athugað vefinn www.agentprovocateur.com. Nægt er úrvalið!

elsa@frettabladid.is,
annabjornsson@frettabladid.is

FYRIR HVERN DAG VIKUNNAR Juicy Couture-nærbuxur frá Juicy Couture, Klapparstíg.



KYNÞOKKI FYRRI ÁRATUGA „Burlesque“ dansarinn Dita Von Teese sýnir nýjustu tiskustraua í nærfötum sem einkennast af korselettum og gamaldags glamúr.

ÖMMUBOLUR Klassísk gæða-hönnun frá þýska merkinu Scheisser, frá liborius.

MJÚKT OG HLÝTT Síðerma ullarbolur frá Schiesser, fæst í liborius.



MILLISTRÍÐSÁRIN Líkt og með fatatiskuna næsta vor er þriðji áratugurinn innblástur nærfatöhönnuða. Þetta er úr nýjustu línu Agent Provocateur.

Í ANDA ÞRIÐJA ÁRATUGARINS Gular með borðum frá Juicy Couture.



PERLUSKREYTT Klassískt bikini frá Juicy Couture má hæglega nota sem undirföt.

SÆTT Þriðji áratugurinn kemur sterk inn í haust eins og þessar sætu nærur frá Juicy Couture.

MARILYN-STÍLLINN Gamaldags unaðslegt korselett frá La femme.



Anna Wintour – hin sanna ofurkona tískuiðnaðarins

Anna Wintour (fædd í Bretlandi 1949), ritstýra hins ameríska Vogue, er goðsögn í lifandi lífi.

Grönn og hörkuleg sækir hún tískuvikurnar ávallt með sólgleraugu, sem hún að eigin sögn ber til að verja augun fyrir flassljósum tískusýninganna.

Hún hætti í skóla 16 ára og hóf feril sinn í tískublaðamennsku árið 1970 hjá Harper's & Queen í London. Hún var ráðin sem ritstjóri hins breska Vogue 1986 og starfaði þar til ársins 1988 þegar hún fluttist til New York, og tók við sem ritstjóri

hins ameríska Vogue, sem hún ritstýrir enn.

Hún ku vera hörð í horn að taka. Illar tungur á vefnum skrifa greinar sem bera nöfn á borð við Is Anna Wintour Satan? (Er Anna Wintour kölski?) og hefur hún stundum verið nefnd kjarnorku-Anna (Nuclear Anna).

Hvað sem kann að vera til í sögusögnunum verður ekki af henni tekið að sem ritstjóri US Vogue hefur henni tekist að safna yfir 10 milljónum dala í þágu Alnæmissamtakanna.

Dagleg stundaskrá Önnu

Wintour er álíka víðfræg og ímynd hennar. Hún vaknar á hverjum morgni klukkan korter fyrir sex og spilar tennis áður en hún mætir á skrifstofu Vogue á Times Square. Hún er virk í veisluhöldum en dvelur þó aldrei lengur en fyrstu tíu mínúturnar í veislunum, hún kys fremur að vera komin heim í rúmið klukkan 10.

- emb

ANNA WINTOUR Ritstýra bandaríska Vogue sést hér á tískusýningu Chanel í október og skartar sólgleraugum ásamt Chanel hálsklút



VORLÍNA CHRIS KANE

Fylgstu vel með þessum!

Þessi náungi útskrifaðist síðastliðið vor úr Central St. Martins skólunum í London eins og svo margir dásamlegir listamenn. Medfylgjandi myndir eru frá tískuvíkunni fyrir vor/sumar 2007 og eins og sjá má er hin sjálflýsandi litagleði einstök, orkan flæðir hreinlega um allt. Næstum öll fötin eru svipuð í sniði en Kane tekst samt að gæða hvert og eitt lífi með skemmtilegum litasamsetningum, mismunandi munstri og blöndu af málmum og keðjum.

Augljósra áhrifa gættir frá Versace og Azzedine Alaia og Donatella Versace fer ekki í grafgötur með aðdáun sína á Kane og fyrir sýninguna sendi hún honum stafla af skóm og blómvönd með óskum um gott gengi.



CHRISTOPHER KANE Rísandi stjarna í tískuheiminum.

- emb

Syngjandi púði!



Þægileg tónlist, þægilegt útlit ...

Hlustaðu á þennan púða ... þetta er mýksta útlitstækið sem okkur hjá Tiger hefur tekist að finna. Það er hægt að kveikja og slökkva, hækka og lækka – og auðvitað er stöðvaleit saumuð í púðann. Nú geturðu sannarlega notið mjúkra tóna úr útlitinu. 800 krónur.

TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorgi Akureyri



Nýtt í bíó

MEISTARAVERK EFTIR MEL GIBSON
APOCALYPTO

BEINT Á TOPPINN Í USA!

★★★★★
PÓRARINN ÞÓRARINSSON - FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★
SIGVALDI - SVAÐI - KALDALÓNS
DAGSKRÁRTJÓRI
FM957 / MORGUNPÁTTURINN ZÚBER

ENGIN FÆR FLÚID ÖRLÖG SIN

16

LÚXUS

the Black Dahlia

FRÁ LEIKSTJÓRA SCARFACE OG THE UNTOUCHABLES
BYGGD Á SÖGU EFTIR HÖFUND LA.CONFIDENTIAL

★★★★★
D.Ó.J. Kvikmyndir.com

★★★★★
VIV TOPPIS
★★★★★
Gagnrýni, baggalútur.is

FRÉTTABLAÐIÐ

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavinum Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

KAUPÞING

Topppmyndin á Íslandi í dag!

KÖLD SLÓÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavinum Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

KAUPÞING

LITTLE MISS SUNSHINE

★★★★★
H.J. - MBL

★★★★★
farsi sem sendir chorfundur brosandí út úr salnum" M.H.G. - Fréttablaðið

★★★★★
Topps.is

FRÉTTABLAÐIÐ

græna ljósið

Ath: Ekkert hlé á myndum Græna ljóssins.

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

APOCALYPTO	kl. 5, 8 og 10.55	B.I. 16 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 10.55	
THE BLACK DAHLIA	kl. 8 og 10.35	B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 3.40 og 8	B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	kl. 5.45, 8 og 10.15	B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR	kl. 1.30 og 3.40	ISL. TAL
ERAGON	kl. 1.20, 3.30 og 5.45	B.I. 10 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 10.15	B.I. 14 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 2	
MÝRIN	kl. 2 og 5.50	B.I. 12 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ	kl. 1.30	

APOCALYPTO	kl. 3, 6 og 9	B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 3, 5.50, 8 og 10.10	B.I. 7 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR	ISL. TAL	kl. 3
CASINO ROYALE	kl. 6 og 9	B.I. 14 ÁRA
MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES	kl. 5.50 og 8	B.I. 12 ÁRA
ERAGON	kl. 3	B.I. 10 ÁRA
BORAT	kl. 10.15	B.I. 12 ÁRA

APOCALYPTO	kl. 8 og 10.40	B.I. 16 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	kl. 6 og 8	B.I. 12 ÁRA
TENACIOUS D	kl. 10	B.I. 12 ÁRA
ERAGON	kl. 4 og 6	B.I. 10 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR	ISL. TAL	kl. 4

450 kr. í bíó!

450 kr. í bíó!

450 KR. Í BÍÓ

ÓLDIR Á ALLAR STYNGIAR
MÉRKTAR MEÐ RAÐU

MIDASALA ÓPNAR KL. 1.30

mid.is

BIÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

the Black Dahlia

BYGGD Á SÖGU EFTIR HÖFUND L.A.CONFIDENTIAL
MYND EFTIR BRIAN DE PALMA,
LEIKSTJÓRA SCARFACE OG THE UNTOUCHABLES

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.30 bj. 16

ARTÚR OG MÍNIMOARNIR

SYND KL. 2 OG 4 ISL. TAL

SYND KL. 2

450 KR. Í BÍÓ

ÓLDIR Á ALLAR STYNGIAR
MÉRKTAR MEÐ RAÐU

GEGGJUD GRÍNMYND
Employee of the Month

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10

JACK BLACK · KYLE GASS
TENACIOUS D
THE PICK OF DESIRE

GEGGJUD TÓNLIST

SYND KL. 2, 4, 6, 8 OG 10.10 BJ. 12

MIDASALA ÓPNAR KL. 1.30

KÖLD SLÓÐ

Sýnd í kvikmyndahúsum um land allt

★★★★★

„Ég hvet ykkur til að sjá þessa mynd, hafið það gott og notalegt og njótið þess að vera að horfa á íslenska snilld“
Gagnrýni / Baggalútur.is

★★★★★

„Köld slóð er afbrigðis skemmtun, góð og spennandi sakamálasaga. Séríslensk aðstaða er notuð á skemmtilegan og frumlegan máta til að skapa alvöru íslenska spennamynd. Vel gert“
Dávid Órn Jónsson / Kvikmyndir.com

★★★★★

„Köld slóð er afbrigðis sakamálasaga sem hægt er að mæla með“
JVJ / topp5.is

★★★★★

„Vel gerð kvikmynd í öruggri leikstjórn Björns Br. Björnssonar“
Hilmar Karlsson / Frjáls verslun

„Ég mæli eindregið með þessari mynd. Hún er skemmtileg blanda af rómantik, drama, hasar og smá draugagangi“
Kvikmyndir bm / hugi.is

„... og ekki gleyma kærastunni því sum atriði í myndinni eru afskaplega "deitvæn" og þið ættuð að geta með lagni gert e-ð meira úr þessu en bara bíóferð“
Gagnrýni / Baggalútur.is

REYKJAVÍK FILMS

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavinum Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

Drottningin leiðir kapphlaupið

Kvikmyndin *The Queen* fékk tíu tilnefningar til bresku Bafta-verðlaunanna sem tilkynntar voru í gær.

Helen Mirren þykir sigurstrangleg fyrir túlkun sína á Elísabetu drottningu í kvikmyndinni *The Queen* en auk hennar var Stephen Frears tilnefndur sem besti leikstjórinn. *The Queen* lýsir því á skemmtilegan hátt hvernig Elísabet tókst á við dauða Díónu og þá hálfgerðu mágæsingu sem blossaði upp í Bretlandi vegna þessa. Fast á hæla *The Queen* kemur James Bond-myndin *Casino Royale* með níu tilnefningar en Daniel Craig er tilnefndur fyrir besta leik í aðalhlutverki.

Myndin hefur farið vel ofan í harða aðdáendur leyniþjónustumannsins og ljóst að Craig hefur blásið á allar gagnrýnisráddir sem sögðu hann óhæfan í hlutverkið. Fátt kemur á óvart hvað tilnefningararnar varðar ef undanskilið er gott gengi Casino

ÓVÆNT *Casino Royale* fékk níu tilnefningar sem kemur mörgum á óvart.



SIGURSTRANGLEG Helen Mirren þykir eiga sigurinn vísan fyrir frammistöðu sína í *The Queen*.



Royale en Bond-myndirnar hafa hingað til ekki þótt mikill verðlaunamatur. Flestar af þeim kvikmyndum sem tilnefndar eru sem besta myndin hafa verið orðaðar við Óskars-

verðlaunin, svo sem *The Departed*, *Babel* og *United 93*.

Kvikmyndarýnirinn Mark Kermode segir að fátt hafi komið sér á óvart. „Þetta er mjög fjölbreytt og mér finnst gaman að því hversu mikla viðurkenningu *Little Miss Sunshine* fær,“ sagði Kermode í samtali við fréttavef BBC. „Annars virðist engin mynd ætla að tróna á toppnum og þetta verður mjög spennandi,“ bætti hann við.

Bafta-verðlaunin verða afhent í Konunglega óperuhúsinu í Covent Garden 11. febrúar. Stephen Fry verður ekki kynnrir í fyrsta sinn síðan árið 2000 en enn á eftir að finna eftirmann breska gamanleikarans sem hefur haldið um stjórnartaumana með miklum glæsibrag. - fgg

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

450 kr. á 2 sýningar

HUGH JACKMAN CHRISTIAN BALE
SCARLETT JOHANSSON MICHAEL CAINE

EKKI MISSA AF ÞESSARI!

FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO
THE PRESTIGE
MÖGNUG OG TÖFRANDI SPENNA SEM HELDUR ÞÉR Í HELJARGREIPUM

Háskólabíó			
THE PRESTIGE	kl. 3 - 6 - 9 - 10:20	B112	DÉJÁ VU
THE CHILDREN OF MEN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	B116	THE DEPARTED
THE HOLIDAY	kl. 5:30 - 8	B17	FRÁIR FÆTUR M/-Ísl.tal.
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:30 - 8	B119	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.
KÖLD SLÓÐ	kl. 3 - 5:50 - 8	B119	

WILL Ferrell Maggie Gyllenhaal Dustin Hoffman Queen Latifah Emma Thompson

★★★
AÓ.SIRKIS

Stranger than Fiction

FRÁ ÆRLEGA FYNDIN OG SNIDUG GAMANMYND...

SAMBÍÓIN

Children of men

★★★★★
BS.FBL

FRÉTTAHLAÐIÐ

★★★★★
HAGGALUTURAS

KÖLD SLÓÐ

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

GEGGJUÐ GRÍNMYND

Employee of the Month

FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS

Mynd eftir Óskarsverðlaunahafann Clint Eastwood.

FLAGS OF OUR FATHERS

★★★★★
P.J. FBL

MÓNESKVERN ER HAFIÐ!

HAPPY FEET

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

Cameron Diaz Justin Timberlake Jack Black

the Holiday

DEZEL WASHINGTON VAL KILMER

DEJAVU

★★★★★
KVIKMYNDR.IS

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI				SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK				SAMBÍÓIN / AKUREYRI			
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8 - 10:40	B112	FRÁIR FÆTUR M/-Ísl.tal.	kl. 1-2:10-3:20-5:40	Leyfð	THE PRESTIGE	kl. 6 - 8:30 - 11	B112	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:30	B112	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:20	B112	
THE PRESTIGE VIP	kl. 3:20 - 8 - 10:40		HAPPY FEET M/Ensk.tal.	kl. 3:20	Leyfð	STRANGER THAN FICTION	kl. 8:10 - 10:30		HAPPY FEET m/Ísl.tal.	kl. 2	Leyfð	HAPPY FEET m/Ísl.tal.	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð	
EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 5:40 - 8:10 - 10:40		SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 1:30 - 3:20	Leyfð	FRÁIR FÆTUR M/-Ísl.tal.	kl. 1:20 - 3:40 - 5:50	DIGITAL	HAPPY FEET m/Ensk.tal.	kl. 5:30	Leyfð	SKOLAD Í BURTU m/Ísl.tal.	kl. 2	Leyfð	
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:30	Leyfð	BÆJARHLAÐIÐ M/-Ísl.tal.	kl. 1:30	Leyfð	HAPPY FEET M/-Ensk.tal.	kl. 3:40 - 5:50 - 8:10	DIGITAL	ARTHUR AND... m/Ensk.tal.	kl. 2 - 4	Leyfð	HAPPY FEET m/Ensk.tal.	kl. 4	Leyfð	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:40	B116	ÓBYGGDIRNAR M/-Ísl.tal.	kl. 1:30	Leyfð	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 1:30 - 3:50	DIGITAL	EMPLOYEE OF THE M...	kl. 5:50 - 8	B112	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:40	B116	
THE CHILDREN OF MEN	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30	B116				DÉJÁ VU	kl. 10:30	DIGITAL	STRANGER THAN FICTION	kl. 10:10	B117	THE CHILDREN OF MEN	kl. 8 - 10:20	B116	

Klára nýja plötu á árinu

Hljómsveitin Sigur Rós hefur undanfarna tvo mánuði verið upptekin í hljóðveri sínu, Sundlauginni, í Mosfellsbæ við að taka upp lög á nýja plötu.



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós er að vinna í nýrri plötu sem mun fylgja á eftir hinni vinsælu Takk.

Að sögn bassaleikarans Georgs Holm er afar líklegt að platan klárast á þessu ári. Veltur það síðan á plötu-fyrirtæki sveitarinnar erlendis hvort hún komi út á árinu. Georg segir að það muni koma í ljós hvort einhverjar stefnubreytingar verði á plötunni. „Við erum búnir að klára nokkur lög en það er meira eftir að gera. Við vitum ekkert nákvæmlega hvernig hún endar. Við erum bara að gera tilraunir eins og er. Sum af þessum lögum eru líka gömul lög sem við sömdum fyrir svolitlu síðan. Efni sem var aldrei klárað og hefur því aldrei verið gefið út. Við ákváðum að það væri tími til kominn að klára það,“ segir hann.

Sigur Rós mun hafa í nógu að snúast á næstunni. Auk þess að vinna í plötunni og tónleikamynd sinni sem var tekin upp hérlendis á síðasta ári mun sveitin spila á fjáröflunartónleikum til styrktar Tíbet þann 26. febrúar í Carnegie Hall í New York. Þetta verður í fyrsta sinn

sem hljómsveitin spilar á þessum þekktu tónleikastað.

Patti Smith, sem hélt tónleika hér á landi á síðasta ári, og tónskáldið heimsþekktu Philip Glass munu einnig koma fram. Daginn fyrir tónleikana mun Sigur Rós flytja tónlist sína við dansverk Merce Cunningham, Split Sides, í Miami.

„Þetta er árlegur viðburður sem Glass er að sjá um. Hann hafði samband við okkur og vildi fá okkur til að koma. Við verðum úti í Bandaríkjunum á þessum tíma þannig að við ákváðum að skella okkur,“ segir Georg. „Við viljum styrkja og styðja

við bakið á þessum málstað. Okkur hefur áður verið boðið að koma og spila en aldrei séð okkur fært að mæta.“

Sigur Rós mun aðeins spila eitt lag á tónleikumum og segir Georg líklegast að Heysátan, loklag síðustu plötu sveitarinnar, Takk, verði fyrir valinu. „Við verðum ekki þarna úti til að spila á okkar eigin tónleikum og þess vegna verðum við með voða lítið af græjum. Það eru fá lög sem við getum spilað án þess að vera með þrjú tonn af hljóðfærum, þannig að það verður að vera Heysátan,“ segir hann. freyr@frettabladid.is

Staðfesta skilnað

Leiknonan Cameron Diaz og popparinn Justin Timberlake hafa staðfest skilnað sinn eftir þriggja ára ástarsamband.

Í sameiginlegri yfirlýsingu sögðu þau að sambandið hefði endað að beiðni þeirra beggja og þau myndu áfram verða vinir sem héldu áfram að elska og bera virðingu hvort fyrir öðru. Sögðu þau að fréttaflutningur undanfarinna daga hefði fengið þau til að gefa út yfirlýsinguna.

Diaz, sem er 34 ára, og hinn 25 ára Timberlake, byrjuðu saman eftir að hafa hist á Kids Choice-



Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Cameron Diaz og Justin Timberlake við tókur á þættinum The Contender á meðan allt lék í lyndi.

verðlaunahátíðinni árið 2003. Orðrómur hefur verið uppi að undanförunu um að Timberlake hafi haldið framhjá Diaz með leiknonunni Scarlett Johansson. Nýlega sást til þeirra eyða tíma saman í eftirpartíi vegna nýrrar kvikmyndar Timberlake, Alpha Dog, auk þess sem Johansson leikur í nýju tónlistarmyndbandi popparans við lagið What Goes Around.

Bæði Diaz og Timberlake ljá persónum í teiknimyndinni Shrek the Third raddir sínar en myndin er væntanleg á hvíta tjaldið í sumar.



MADONNA OG BÖRNIN ÞRÚ Söngkonan Madonna hefur hvatt fólk til að ættleiða börn frá Afríku.

Hvetur til ættleiðinga

Söngkonan Madonna hefur hvatt fólk til að ættleiða börn frá Afríku þrátt fyrir það fjáðrafok sem ættleiðing hennar á malavískum dreng olli. Sagðist hún í spjalli við David Letterman hafa bjargað lífi með því að ættleiða drenginn, sem er eins árs. Hún sagðist hafa verið vörud við því að ættleiðingin gæti gengið erfiðlega fyrir sig en átti ekki von á svona mikilli gagnrýni. Madonna á einnig níu ára dóttur og sex ára son.

ALLSAINTS

70% afsláttur

2 fyrir 1 af öllum 70% afsláttarvörum

Herra stuttermabolir, herrapeysur, buxur, dömukjólur, pils, peysur, toppar og bolir.

Skráðu þig á SAMBÍÓIN

SparBíó* — 450kr

HAPPY FEET

FRÁIR FÆTUR M/-ÍSL.TAL. KL. 1 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Í KEF. OG Á AK.

SKOLAD Í BURTU

SKOLAD Í BURTU M/-ÍSL.TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AKUREYRI

BÆJARHLAÐIÐ

BÆJARHLAÐIÐ M/-ÍSL.TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

ÓBYGGDIRNAR

ÓBYGGDIRNAR M/-ÍSL.TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

> Félög í Skandinavíu sýna áhuga

Nokkur félög á Norðurlöndunum hafa sýnt því áhuga að fá Jóhannes Karl Guðjónsson landsliðsmann í knattspyrnu til liðs við sig. Þeirra á meðal eru Danmerkurmeistararnir í FC Kaupmannahöfn sem og úrvalsdeildarlið í Noregi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þá munu lið á Englandi hafa áhuga á kappanum, eins og búast mátti við, en hann er þó samningsbundinn AZ Alkmaar til ársins 2010. Það gæti því brugðið til beggja vona í þessum efnunum.

sport

sport@frettabladid.is



KÁRI ÁRNASON: SAMDI VIÐ AGF Í DANMÖRKU TIL 2010 OG VERÐUR MEÐ NÚMERIÐ 6 Á BAKINU

Ræddi við Eyjólf Sverrisson um skiptin

Kári Árnason gekk í gær formlega til liðs við danska 1. deildarfélagið AGF í Árósum. Eins og Fréttablaðið greindi frá 29. desember síðastliðinn fyrstir fjölmiðla hafa samningaviðræður staðið yfir í nokkurn tíma og segir Guðlaugur Tómasson, umboðsmaður Kára, að málið eigi rætur að rekja til síðastliðins sumars. „AGF hefur lengi fylgst með Kára og áhugi þeirra hefur verið mikill,” sagði Guðlaugur. „Það gerði á endanum útslagið. Djurgården fór hins vegar fram á óeðlilega hátt verð fyrir Kára og þess vegna tók þetta svona langan tíma.”

Enn fremur segir Guðlaugur að tilbúið sem AGF gerði í Tommy Knarvik, mið-

vallarleikmann Sandefjord í Noregi, hafi ýtt við forráðamönnum Djurgården. „Við höfðum fullan skilning á því að AGF gat ekki beðið endalust eftir Kára en forráðamenn Djurgården sáu sem betur fer ljósið í þessu eftir það. Þeir vildu svo sem líka halda í Kára en eftir að það var ljóst að hann vildi fara frá félaginu stóð það ekki í vegi fyrir honum.”

Stór hluti af ákvörðun Kára er talin vera sú að unnusta hans er í námi í Árósum og liggur því beinast við að Kári stundi sína atvinnu þar. Sjálfur sagði hann í samtali við heimasiðu

AGF að honum lítist vel á AGF, félagið sé fullkomið fyrir mann eins og hann. „Fyrst og fremst vil ég hjálpa liðinu að komast aftur upp í úrvalsdeildina,” sagði hann. „En það sem gerði útslagið í minni ákvörðun var að það býr gríðarlega mikið í þessu félagi. AGF er hinn fullkomni vettvangur fyrir mig þar sem ég vonast til að koma mínum knattspyrnuferli aftur í gang.”

Kári var fastamaður í íslenska landsliðinu í fyrra og segir hann að hann hafi rætt við Eyjólf Sverrisson landsliðsþjálfara um hvort skipti frá toppliði í Svíþjóð í 1. deildarliði í Danmörku skaði hans möguleika á að komast inn í landsliðið.

„Eyjólfli list vel á AGF og framtíðarmöguleika liðsins. Hann ætlar að fylgjast vel með mér og ég á enn möguleika á að halda mínu sæti í landsliðinu.”



„Strákarnir okkar“ í blíðu og stríðu

Stofnfundur stuðningsmannasamtakanna í blíðu og stríðu var haldinn við hátíðlega viðhöfn í Laugardalshöll í gær. Í þeim fylkja stuðningsmenn handboltalandsliðsins sér um „strákana okkar“ sama hvað á dynur.

HANDBOLTI Stuðningsmannasamtökin í blíðu og stríðu voru stofnuð í Laugardalshöllinni með pompi og prakt. Félagið er hugsað sem vettvangur þar sem hver sem er getur gerst meðlimur og stutt dyggilega við bakið á „strákunum okkar“ í handboltalandsliði karla. Tekið er við skráningum á vefsíðu félagsins, ibluugstridu.is, og geta þeir sem skrá sig átt kost á því að fá frímiða á landsleik Íslands og Tékklands í Laugardalshöllinni um helgina.

Valinkunnir einstaklingar eru í heidursstjórn samtakanna en þeir eru Geir H. Haarde forsætisráðherra, Jón Karl Ólafsson forstjóri Icelandair, Magnús Skúlasón geólæknir, Jakob Sigurðsson framkvæmdastjóri, Halla Tómasdóttir hjá Viðskiptaráði, Árni Pétur Jónsson forstjóri Teymis, Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona og Sigurður Valur Sveinsson handboltaþjálfari.

Landsliðið sjálft var einnig stutt á stofnfundi samtakanna og var tilkynnt að leikmennirnir yrðu í sambandi við stuðningsmenn á heimasíðunni, bæði með því að skrifa á blogg síðunna og svara spurningum lesenda.

Félagar verða að fara eftir „stuðningsboðorðunum“ tíu til að gerast gjaldgengir í samtökin sem snúast um að styðja landsliðið á jákvæðan máta í gegnum þykkt og þunnt.

Guðjón Valur Sigurðsson þekkir vel hvernig það er að standa í ströngu með landsliðinu og hann segir að það sé líttill tilgangur að halda úti landsliði ef stuðningurinn er enginn.

„Eftir því sem árin líða og



STATTU ÞIG, STRÁKUR Geir H. Haarde forsætisráðherra afhendir Guðjóni Vali Sigurðssyni landsliðskappa borða nýstofnaðra stuðningsmannasamtaka handboltalandsliðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

reynslan safnast lærir maður að meta þennan stuðning,” sagði Guðjón Valur. „Það er afar gott að vita af þessum stuðningi og hann er okkur mikilvægur. Þegar við spilum á stórmótum erlendis fáum við fréttir af stemningunni heima en annars reynum við að halda okkur til hliðar og einbeita okkur fyllilega að verkefninu hverju sinni.“

Þegar íslenska landsliðið spilar á stórmóti fylgist meginþorri þjóðarinnar með og virðist sem flestir hafi sína skoðun á liðinu og gengi þess. „Við fögnum allri gagnrýni svo lengi sem hún á rétt á sér og er á málefnalegum nótum. Við vitum að handboltalandsliðið er sameiningartákn þjóðarinnar þegar mikið ber við og við gerum ávallt okkar besta.“

Íslenska landsliðið mætir því tékkneska tívégis um helgina, klukkan 16.15 í Laugardalshöll í dag og á sama tíma á morgun. Hægt er að nálgast miða á fyrrnefndri síðu og eru handboltaunendur hvattir til að mæta í Höllina og sýna stuðninginn í verki áður en alvaran byrjar í Þýskalandi eftir slétta viku.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

6 DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI

Guðjón Valur: Meiðslin smávægileg

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson sagði að of mikið væri gert úr þeim meiðslum sem hann hefur glímt við undanfarna daga.

„Ég fékk högg á ökkklann og þurfti að sleppa æfingum í tvo daga. Ég æfi eins og venjulega í dag og spila svo um helgina. Ég er svo sem ekki búinn að jafna mig fyllilega en ég hef engar áhyggjur af þessu,” sagði hann við Fréttablaðið í gær.

- esá

Undirbúningsleikir fyrir HM: Frakkar bættu fyrir tapið

HANDBOLTI Evrópumeistarar Frakka unnu öruggan sjö marka sigur á Dönum, 30-23, í seinni æfingaleik þjóðanna fyrir HM í handbolta. Danir unnu fyrri leikinn 28-25 en áttu nú aldrei möguleika gegn sterku frönsku liði sem hafði sex marka forystu í hálfleik.

Líkt og í fyrri leiknum var íslensk ættaði hornamaður Dana, Hans Lindberg, markahæstur með fimm mörk eins og Lasse Boesen. Hjá Frökkum skoraði Daniel Narcisse níu mörk og Bertrand Gille var með sex. Frakkland er eins og kunnugt er með íslenska landsliðinu í riðli.

„Ég var að prófa mig áfram í byrjun og það gerir maður ekki á móti Frökkum án þess að vera refsað fyrir. Ég lagði hins vegar áherslu á að allir leikmenn liðsins væru búnir að spila fyrir HM og nú veit ég betur hvaða möguleika við höfum í hverri stöðu,” sagði Ulrik Wilbek, þjálfari Dana, eftir leik.

- óej

Ólafur Ingi Skúlasón gæti orðið samherji Henriks Larsson í sumar:

Ólafur til reynslu hjá Helsingborg

FÓTBOLTI Svo gæti vel farið að Ólafur Ingi Skúlasón, leikmaður enska 2. deildarfélagsins Brentford, verði samherji hins sænska Henriks Larsson næsta sumar. Ólafur Ingi heldur á morgun til Svíþjóðar þar sem hann mun dvelja í þrjú daga við æfingar hjá úrvalsdeildarliðinu Helsingborg. Henrik Larsson er samningsbundinn liðinu en var fyrir áramót lánður til Manchester United eins og kunnugt er.

„Hann gat valið um nokkur lið til að heimsækja en valdi að fara til Helsingborg,” sagði Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Ólafs Inga. „Stuart Baxter er þjálfari liðsins og hef ég góða reynslu af honum frá því að hann þjálfaði Lyn en þá var Jóhann B. Guðmundsson samningsbundinn liðinu. Baxter hringdi í Arsene Wenger sem gaf Ólafi Inga sín bestu meðmæli.“

Wenger stóð fyrir því að Ólafur Ingi kom til Arsenal á sínum tíma

en þar lék hann með varaliði félagsins þar til hann gekk til liðs við Brentford. Ólafur Ingi hefur átt við erfið meiðsli að stríða undanfarin tvö ár en hann er nýbúinn að jafna sig á krossbandaslitum í hné.

- esá

ÓLAFUR INGI
Fer á morgun til Svíþjóðar og mun æfa með Helsingborg.
NORDIC PHOTOS/GETTY



Foxhills Club & Resort

10 vorferðir í boði (m.a. páskaferð) - takmarkaður sætafjöldi

Vinsælasta golfhótel Íslendinga á Englandi

aðeins 25 mínútur frá Heathrow

Bókanir á www.gbferdir.is og í síma 534-5000

GB FERÐIR
www.gbferdir.is





FINNUR HÚN FJÓLINA Raket Dögg Bragadóttir hjá Stjórnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvennahandboltinn:

Langþráð topp-sæti í boði

HANDBOLTI Stjórnustúlkur geta komist á topp DHL-deildar kvenna í handbolta með sigri á Haukum í Ásgarði í dag. Miklu var búist við af Stjórnunni í vetur en illa hefur gengið hjá liðinu að komast í toppsætið þar sem Gróttta og nú Valur hafa verið stærsta hluta tímabilsins. Stjarnan vann góðan sex marka útsigur á Gróttu í vikunni og nær Val með sigri á Haukum en 1. sætið væri þeirra á hagstæðari markahlutfalli.

Haukaliðið vann öruggan sigur á Íslandsmeisturum ÍBV í vikunni og fær þarna eitt af sínum síðustu tækifærum til þess að blanda sér í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn. Leikurinn hefst klukkan 13.00 en klukkutíma síðar fara þrjú aðrir leikir fram í deildinni: Fram-FH, Akureyri-ÍBV og Gróttta-HK.

- óóó



106 STOÐSENDINGAR Í 11 LEIKJUM Helena hefur gefið 9,6 stoðsendingar í leik í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

1. deild kvenna í körfubolta:

Helena fljótust í hundrað

KÖRFUBOLTI Helena Sveinsson, fyrirliði Hauka, í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta setti nýtt met í fyrrakvöld í 96-44 sigri Íslandsmeistarara Hauka á bikarmeisturum ÍS. Þriðja stoðsending Helena var hennar hundraðasta í deildinni á tímabilinu og hefur engum leikmanni tekist að ná að gefa sína hundraðustu stoðsendingu svo snemma á tímabilinu. Helena bætti sitt eigið met frá því í fyrra um 7 daga og tvo leiki en hún er aðeins ein þriggja leikmanna sem gefið hafa 100 stoðsendingar á einu tímabili.

Hinar eru Alda Leif Jónsdóttir og Andrea Gaines. Þetta er þriðja tímabilið í röð sem Helena gefur á annað hundrað stoðsendingar.

- óóó

Enska úrvalsdeildin:

Rassskellurinn kveikti í Rovers

FÓTBOLTI Blackburn tekur á móti Arsenal í kvöldleik ensku úrvalsdeildarinnar í dag en margt jákvætt hefur gerst hjá Rovers-liðinu síðan þessi lið mættust í síðasta mánuði. Arsenal vann Blackburn 6-2 á Emirates-vellinum á Þorláksmessu og eftir leikinn bjuggust flestir við erfiðum jólum og áramótum hjá lærisveinum Marks Hughes. Annað kom þó á daginn því rassskellurinn í London kveikti greinilega í liðinu sem síðan hefur unnið fjóra leiki í röð og er markatalan úr þeim 10-2.

Einu mörkin sem liðið hefur fengið á sig í þessum leikjum komu úr vítaspurnum og í þeim tveimur síðustu vann liðið stórsigra (3-0 á Wigan og 4-1 á Everton í bikarnum). Nú er að sjá hvernig Blackburn gengur þegar þjóð mætir aftur Arsenal á Ewood Park í kvöld.

- óóó

Samningur Davids Beckham við LA Galaxy er mikið til umræðu:

Hafnaboltamenn fá betur greitt en Beckham

FÓTBOLTI Heildarverðmæti fimm ára samnings Davids Beckham við LA Galaxy eru talin vera í kringum 250 milljónir dala, eða tíu milljarðar íslenskra króna. Að minnsta kosti 80 prósent þessarar upphæðar fær Beckham fyrir eitt-hvað allt annað en að sparka bolta.

Beckham fær „aðeins“ 50 milljónir dala fyrir að spila fótbolta þessi fimm ár en hvaðan kemur afgangurinn? „Mesta verðmætið kemur í gegnum styrktarsamninga Davids úti um allan heim. Það er allt annar samningur og kemur MLS ekki við,“ segir Ivan Gazidis,

forseti MLS-deildarinnar. „Koma hans til Bandaríkjanna mun auka verðmæti Beckham-vörumerkisins og gróðinn mun einnig aukast. Það er aftur á móti ekki okkar mál og við komum hvergi nærri slíkum samningum.“

50 milljóna dala leikmannasamningur Beckhams bliknar í samanburði við samning hafnaboltamannsins Alex Rodrigues sem fær 252 milljónir dala á tíu ára tímabili fyrir að spila hafnbolta. Annar hafnaboltamaður, Derek Jeter, fær síðan 189 milljónir dala fyrir tíu ára samning.

Scott Brantford, prófessor í

íþróttamarkaðsfræðum, er ekki viss um að Beckham muni ná 200 milljónum dala í gegnum styrktaraðila á fimm árum.

„Knattspyrnan hefur alltaf átt mjög erfitt uppdráttar í Bandaríkjunum og því verður maður að spyrja sig hvort þetta sé raunhæfur möguleiki. Kannski mun hann taka þátt í raunveruleikaþætti,“ sagði Brantford.

- hbg

HRESS Beckham var kátur á æfingu hjá Real í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Styrkir upp á 63 milljónir

Sundmaðurinn Örn Arnarson er aftur kominn á A-styrk en alls mun tuttugu íþróttamenn fá afreksstyrk. Auk Arnar fá fjórir íþróttamenn A-styrk frá ÍSÍ.

FJÁRMÁL Íþróttasamband Íslands ákvað í gær hvaða íþróttafólk fær styrki á þessu ári. Styrkveitingar ÍSÍ nema að þessu sinni rúmlega 63 milljónum króna en alls eru tuttugu íþróttamenn á A-, B- eða C-styrk hjá Afrekssjóði ÍSÍ. Fimm frjálsíþróttamenn eru á styrk, fjórir sundmenn og þrjú skíðamenn en alls eiga níu íþróttagreinir alls tuttugu íþróttamenn á afreksstyrk.

Að þessu sinni er úthlutað 47.820 þúsund krónum úr Afrekssjóði ÍSÍ og 9.200 þúsund krónum úr sjóði ungra og efnilegra íþróttamanna. Fimm íþróttamenn eru síðan á styrk frá Ólympíusamhjálpinni fyrir leikana í Peking 2008. Sá styrkur er upp á þúsund dollara á mánuði eða um 828.000 íslenskar krónur á árinu 2007. Auk alls þessa er A-landslið karla í handknattleik á styrk frá Ólympíusamhjálpinni fram að næstu ólympíuleikum. Nemur greiðsla ársins 28.000 dollurum eða um 1.950 þúsundum íslenskra króna.

Sundmaðurinn Örn Arnarson, sem vann brons á Evrópumeistararamótinu í 25 metra laug, kemur nú aftur inn á A-styrk en hann fékk eingreiðslustyrk á síðasta ári. Örn er einn af fimm íþróttamönnum sem eru á A-styrk en hin eru frjálsíþróttafólk Ásdís Hjálmsdóttir, Þórey Edda Elísdóttir og Jón Oddur Halldórsson og fimleikamaðurinn Rúnar Alexandersson. Jóhann Rúnar Kristjánsson, borðtennismaður úr röðum fatlaðra, er færður upp í B-styrk en þar bætist einnig í hóf styrkþega Baldur Evar Baldursson frjálsíþróttamaður úr röðum fatlaðra.

Nokkrir einstaklingar sem hafa verið á eingreiðslustyrkjum undanfarið eru nú færðir upp í C-styrk en nokkrir þeirra leggja áherslu á að ná að tryggja sér sæti á næstu ólympíuleikum.

Golfarinn Birgir Leifur Hafþorsson hlýtur einnig eingreiðslustyrk sem svarar til B-styrks



AUGUN Á ÓLYMPIULEIKUNUM Örn Arnarson er einn margra íslenskra íþróttamanna sem stefna á það að tryggja sig inn á Ólympíuleikana í Peking sem fara fram árið 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

afrekssjóðs en Birgir Leifur tryggði sér þátttöku á Evrópumótaröðinni í ár.

Afrekssjóður hefur enn fjármagn til aflögu á árinu og verður það fjármagn nýtt í samræmi við árangur og verkefni sersambandanna. Kostnaðaráætlunir þeirra 20 sersambanda sem sóttu um styrk vegna íþróttamanna og verkefna til Afrekssjóðs ÍSÍ 2007 nema 323 milljónum króna.

Framlag Afrekssjóðs ÍSÍ til sersambanda nemur um 15 prósentum af kostnaðaráætlun þeirra.

- óóó

STYRKPEGAR ÍSÍ 2007

A-styrkír	1.920.000 krónur
Ásdís Hjálmsdóttir	frjálsar
Jón Oddur Halldórsson	frjálsar (ÍF)
Rúnar Alexandersson	fimleikar
Þórey Edda Elísdóttir	frjálsar
Örn Arnarson	sund
B-styrkír	960.000 krónur
Baldur Evar Baldursson	frjálsar (ÍF)
Björgvin Björgvinsson	skíði
Björn Þ. Þorleifsson	tækwondó
Dagný Linda Kristjánsdóttir	skíði
Jakob Jóhann Sveinsson	sund
Jóhann Rúnar Kristjánsson	borðt.(ÍF)
Silja Úlfarsdóttir	frjálsar
C-styrkír	480.000 krónur
Arnar Sigurðsson	tennis
Guðmundur Stephensen	borðtennis
Guðrún Jóhannsdóttir	skylmingar
Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir	sund
Kristinn Ingi Valsson	skíði
Ragna Ingólfsdóttir	badminton
Ragnheiður Ragnarsdóttir	sund
Viktor Kristmannsson	fimleikar



FLOTTUR Steve Nash getur orðið fyrsti leikmaðurinn síðan 1993 til þess að vera með meira 20 stig og 10 stoðsendingar að meðaltali í leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Steve Nash hjá Phoenix:

21 stoðsending á félagi sína

KÖRFUBOLTI Steve Nash, leikmaður Phoenix Suns, gaf 21 stoðsendingu á félagi sína í 109-90 sigri á Cleveland Cavaliers í fyrri nótt. Með þessu varð hann fyrsti leikmaðurinn í níu ár til þess að eiga tvo 20 stoðsendinga leiki á sama tímabilinu. Nash skoraði aðeins 4 stig og skaut 7 skotum en réð engu að síður ríkjum á vellið með útsjónarsemi sinni og yfirsýn.

„Mér líður vel að sjá félagi mína ganga vel og skora. Það er það sem ég legg áherslu á, að koma félögum mínum inn í leikinn. Þegar við komumst í gang í sókninni þá eru önnur lið langt á eftir okkur,“ sagði Nash eftir leikinn. Hann gaf stoðsendingar á sex leikmenn í leiknum (Shawn Marion 5, Amare Stoudemire 4, Leandro Barbosa 4, Tim Thomas 3, Boris Diaw 3 og Raja Bell 2).

Fimm af þessum körfum voru troðslur, sex af þeim sniðskot og Nash gaf aðeins tvær stoðsendingar fyrir þriggja stiga skot. Nash hefur gefið 353 stoðsendingar í 32 leikjum á tímabilinu eða 11,0 að meðaltali í leik sem er það besta í NBA-deildinni.

- óóó

Jafet Ólafsson viðskiptamaður hefur ákveðið að bjóða sig fram gegn Geir Þorsteinssyni til formanns KSÍ:

Tel mig eiga góða möguleika á að ná kosningu

FÓTBOLTI Viðskiptamaðurinn Jafet S. Ólafsson, fyrrum framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf., tilkynnti í gær að hann myndi bjóða sig fram til formanns KSÍ. Jafet er annar maðurinn sem tilkynnir um framboð en Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði áður tilkynnt um framboð.

„Ég hef mikinn áhuga á fótbolta og hef starfað töluvert innan hreyfingarinnar. Ég vil taka þátt í að efla knattspyrnulífið á Íslandi og gera það enn betra,“ sagði hann 55 ára gamli Jafet við Fréttablaðið í gær. Hann var formaður Badmintonsambandsins í fjögur ár á sínum tíma en hefur undanfarið ár starfað í viðskiptalífinu þar sem hann var framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar síðustu tíu ár en lét af því starfi á dögnum.

Hann situr eigi að síður í stjórn fyrirtæksins. Jafet var áður útibússtjóri Íslandsbanka og framkvæmdastjóri Íslenska útvarpsfélagsins.

Stærsti sjáanlegi munurinn á framboðunum tveimur er sá að Geir hyggst gera formannsstarfið að fullu starfi en það hyggst Jafet ekki gera nái hann kjóri.

„Ég fer í þetta á þeim forsendum að starfið sé ekki fullt starf. Ég býð mig heldur ekki fram þar sem ég sé ósáttur við núverandi forystu því ég tel hana hafa unnið mjög gott starf. Í mínum augum þá á framkvæmdastjórinn að sjá um daglegan rekstur og að við séum líka með öflugt starfsfólk sem og stjórn. KSÍ er stórt fyrirtæki og ég horfi þannig á það. Ég er ekki með miklar áherslubreyt-

ingar en ég hef samt alltaf horft á íþróttir sem mikið forvarnarstarf og vil nota íþróttir meira tengt forvarnarstarfi,“ sagði Jafet, en hvað hefur hann fram að færa í starfið? „Ég hef reynslu úr íþróttahreyfingunni og mikla reynslu úr viðskiptalífinu til að nefna eitt-hvað.“

Jafet segist ekki bjóða sig fram nema hann telji sig geta lagt Geir í formannskjörinu. „Það gefur auga leið að ég væri ekki að bjóða mig fram nema ég teldi mig eiga góða möguleika á kosningu. Það er búið að kanna baklandið og ég tel mig eiga góða möguleika,“ sagði Jafet.

- hbg

JAFET S. ÓLAFSSON Byður sig fram gegn Geir Þorsteinssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



> PIERCE BROSNAN

Fæddist á Írlandi 16. maí 1953 en ungur að aldri fluttist hann til Englands. Hans frægasta hlutverk var þegar hann lék breska leyniþjónustumanninn James Bond. Cassandra Harris, eiginkona hans til tíu ára, dó úr sjúkdómi en þau áttu saman þrjú börn. Hann er giftur Keely Shaye Smith í dag og eiga þau þrjú börn. Brosnan lék stórt hlutverk í Mrs. Doubtfire sem verður á Stöð 2 Bíó í dag.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR SEGIR GAMLAR DISNEY-MYNDIR DREPLEIÐINLEGAR

Ferlega fúl föstudagskvöld við skjáinn

Alveg er merkilegt hversu föstudagskvöld eru aum sjónvarpskvöld. Í gærkvöldi hófst árangurslaus leit eftir einhverju efni sem gæti orðið til skemmtunar fyrir framan skjáinn. Disney-myndir á föstudagskvöldi er þrautpínt konsept hjá RÚV. Drepleiðinlegar myndir og ef hugmyndin er sú að sameina fjölskylduna fyrir framan kassann er sú hugmynd fullreind því þessar myndir fæla krakkana umsvifalaust á vit tölvuleikja. Krakkaskrattarnir hlæja að manni þegar reynt er að halda því fram að gamlar Disney-myndir eigi að vera svona skemmtilegar. Eg hugsa að ef Walt gamli Disney yrði afþýddur og hann settur í samband við daginn í dag yrði hann fyrstur manna til að samsinna því.

Á Stöð 2 er svo náttúrulega Simpson-þátturinn ágæt-ur fyrir sinn hatt en krakkarnir eru fyrir löngu búnir að hala niður þessum þáttum og horfa á þá til þrautar í tölvunum, X-Factor hefur aldrei náð að gripa athyglina í líkingu við Idolíð og svo klukkan 21.25 í gærkvöld var Doctor Dolittle

með Eddie Murphy. Ef hinir ágætu sjónvarpsþáfar geta fundið einn krakka á aldrinum tíu til sautján sem ekki hefur séð þessa mynd skal ég borga þeim hinum sama þúsund kall.

Föstudagskvöld eru þannig á stóru stöðvunum glötuð. Þá ætti því að vera lag fyrir minni spámenn að skjóta upp rakettum. En þeir virðast vera fastir í þeirri ranghugmynd að föstudagskvöldin séu of sterk fyrir og því ástæðulaust að eyða púðrinu þá. Skjár einn flaggar lágkúrinn sem aldrei fyrr á föstudagskvöldum og er þá mikilvæg: Trailer Park Boys og Bachelor VIII. „Áfsakið meðan ég æli,” eins og skáldið sagði. Og það má virða það við Sirkus-menn að þeir halda (e), merkinu um endursýningu, til haga. En afskaplega hlýtur að vera freistandi að gleyma óvart merkinu því á dögum þar sem það er við hvern og einn einasta dagskrárlíð nema Bon Jovi – One Last Wild Night. Bon Jovi er aftur hvern? Hið jákvæða er að sjónvarpsmenn eru ekki að ala upp nýja kynslóð sjónvarpsjúklinga á föstudagskvöldum. En hvar er næsta party?



EKKI MISSA AF



► 14.50 Man. Utd - Aston Villa
SKJÁR SPORT



► 20.00 Mrs. Doubtfire
STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.50 Signs RÚV



► 22.35 The Blair Witch Project
SKJÁR EINN



► 22.50 NFL SÝN

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Fyndin og furðuleg dýr
- 08.06 Búi! (22:26)
- 08.17 Lubbi læknir (45:52)
- 08.29 Snillingarnir (18:28)
- 08.55 Sigga ligga lá (44:52)
- 09.15 Trillurnar (14:26)
- 09.45 Heimsvikarmótið í alpagreinum
Bein útsending.
- 10.55 Stundin okkar (e)
- 11.25 Kastljós (e)
- 11.55 Önnur hlið á Evrópu (e)
- 12.55 Heimsvikarmótið í alpagreinum
Bein útsending.
- 13.45 Alpsyrpa
- 14.10 Íslandsmótið í handbolta Sýnt frá
leik kvennaliða Stjörnunnar og Haukar.
- 15.50 Íþróttakvöld (e)
- 16.05 Landsleikur í handbolta Bein
útsending frá leik karlalandsliða Íslands og
Tékklands í Laugardalshöll.
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Kraftaverkafólk (5:6)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Jón Ólafsson
- 20.20 Spaugstofan
- 20.50 Táknin (Signs) Bandarísk bíó-
mynd frá 2002. Atriði í myndinni eru ekki
við hæfi ungra barna.
- 22.35 Arizona-draumur (Arizona Dream)
Bíómynd eftir Emir Kusturica frá 1992.
- 00.50 Leiðarlök (e) (The End of the
Affair) Bresk bíómynd frá 1999
- 02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Agent Cody Banks 2. Destina-
tion London (Njósnaþingur Cody Banks 2)
- 08.00 One Fine Day
- 10.00 Win A Date with Ted Hamilton!
- 12.00 Mrs. Doubtfire
- 14.05 Agent Cody Banks 2. Destina-
tion London (Njósnaþingur Cody Banks 2)
- 16.00 One Fine Day
- 18.00 Win A Date with Ted Hamilton!
- 20.00 Mrs. Doubtfire
- 00.00 Moving Target (Í skotlinunni)
- 02.00 The List Bönnuð börnum.

S

- 07.00 Kærleiksbirnir (53.60) (e)
- 07.10 Ruff's Patch
- 07.20 Funky Valley
- 07.25 Gordon the Garden Gnome
- 07.35 Barney
- 08.00 Grallararnir
- 08.20 Villingarnir
- 08.40 Justice League Unlimited
- 09.05 Kalli kanína og félagar
- 09.25 Tracey McBean
- 09.40 S Club 7
- 10.05 Búbbarnir (21.21)
- 10.30 Teen Wolf (Unglingsúlfurinn)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.40 Bold and the Beautiful (e)
- 14.25 X-Factor (e) (8.20)
- 15.30 Hver fær barnið mitt? (20/20 -
Be My Baby)
- 16.20 Sjálfstætt fólk
- 17.00 Martha (Fran Drescher)
- 17.45 60 mínútur
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.00 Íþróttir og veður
- 19.05 Lottó
- 19.10 Freddie (16.22) (Search For Grand-
pa Four)
- 19.35 The New Adventures of Old Chr
(11.13) (Ný ævintýri Gömlu-Christin)
- 19.55 Stelpurnar (e) (2.20)
- 20.20 Mr. 3000 (Herra 3000) Skemmti-
leg gamanmynd með Bernie Mac í aðal-
hlutverki. Í myndinni leikur Mac fyrirverandi
hafnaboltastjórnu. 2004.
- 22.05 The Forgotten (Hin gleymdu)
Hrollvekjandi spennmynd í anda The Sixth
Sense þar sem verðlaunaleikkonan Juli-
anna Moore leikur konu sem kemst að
því sér til mikillar skelfingar að börnin fjög-
ur sem hún taldi sig hafa átt voru aldrei til í
raun og veru. Aðalhlutverk Julianne Moore,
Christopher Kovalski, Matthew Pleszewicz.
2004. Bönnuð börnum.
- 23.35 American Wedding (Bandarískt
brúðkaup) Rómantísk gamanmynd.
- 01.15 The Village (Porpið) Magnþrungin
sálfræðihrollvekja. Bönnuð börnum.
- 03.00 League of Extraordinary Gentl
(Lið afburða herranna) Ævintýralegur ví-
sindahasar. 2003. Bönnuð börnum.
- 04.45 60 mínútur
- 05.30 Fréttir
- 06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 16.30 Trading Spouses (e) Er grasið
grænna hinumegin? Nokkrar fjölskyldur taka
sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu
gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst
með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður
og feður skipta um fjölskyldur. Fyrir sumu er
þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.
- 17.15 KF Nörd (1.15) (KF Nörd) Þættir-
irir um nördana í Knattspyrnufélaginu
Nörd hafa slegið í gegn hjá landanum líkt
og sambærilegir þættir hafa gert á hinum
Norðurlöndunum.
- 18.00 Seinfeld (7.24) (e) J
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.00 Seinfeld (8.24) (e)
- 19.30 Sirkus Rvk (e)
- 20.00 South Park (e)
- 20.30 Tekinn (e) Brot af því besta og
Auddi fær Unni Birnu til liðs við sig þegar
hann hrekkir sjálfan Hemma Gunn.
- 21.00 Van Wilder Frábær gamanmynd
sem kemur öllum í gott skap. Van Wilder er
eillíðarstúdent. Hann er búinn að vera sjö ár
í framhaldsskóla en útskrift er enn fjarlægur
draumur. Pabbi hans er búinn að fá nóg og
neitar að borga skólagjöldin. Van lætur sér
ekki bregða og snýr sér að því sem hann
er bestur í. Partí hafa alltaf verið ástríða hjá
kappanum og nú getur hann einbeitt sér að
þeim fyrir fullt og allt. Aðalhlutverk. Ryan
Reynolds, Tara Reid, Tim Matheson, Kal
Penn. Leikstjóri. Walt Becker. 2002. Strang-
lega bönnuð börnum.
- 22.30 Chappelle's Show 1 (e)
- 23.00 Star Stories - NÝTT (e) Gaman-
þættir þar sem gert er grín að stjórnum
og lífi þeirra. Þættirnir eru byggðir upp eins
og þættir þar sem skýggst er á bak við
tjöldin hjá frægu fólk. Allar sögumár í þátt-
unum eru sannar en það eru leikarar sem
stíga í fótspor raunverulega fólksins og gera
grín að lífi þeirra.
- 23.30 X-Files (e) (Ráðgátur)
- 00.15 Twenty Four (7.24) (e)
- 01.00 Twenty Four (8.24) (e)
- 01.45 Entertainment Tonight (e)
- 02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og
endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 09.30 2006 World Pool Champions-
hips - NÝTT (e)
- 11.30 Rachael Ray (e)
- 13.20 Celebrity Overhaul (e)
- 14.20 The Bachelor VIII (e)
- 15.20 Trailer Park Boys (e)
- 15.45 Trailer Park Boys (e)
- 16.10 Sons & Daughters - Lokapátt-
ur (e) Bandarísk gamanseria um skrautlega
fjölskyldu. Fyrirverandi eiginkona Camerons
kemur aftur inn í líf fjölskyldunnar.
- 16.35 Last Comic Standing (e)
- 18.15 Rachael Ray (e)
- 19.10 Game tívi (e)
- 19.40 The Office (e)
- 20.10 What I Like About You Gaman-
sería um tvær ólíkar systur sem búa saman
í New York. Systemar ætla að halda upp á
þakkargjörðardaginn með stæl og skrópa
í boð hjá skyldmennum sínum. Ráða-
gerð þeirra fer í vaskinn þegar skyldmennin
mæta óvænt í heimssókn.
- 20.35 Parental Control Stefnumótapátt-
ur með skemmtilegri fléttu. Þegar ungling-
urinn á heimilinu fer á stefnumót með ein-
hverjum sem þabba og mömmu list ekki á,
grípa þau til sinna ráða.
- 21.00 Last Comic Standing Bráðfyndin
raunveruleikasería þar sem grínistar berjast
með húmorinn að vopni.
- 21.45 Battlestar Galactica
- 22.35 The Blair Witch Project
- 00.05 30 Days (e) Mögnuð þáttaröð frá
Morgan Spurlock, manninum sem vakti
heimsathygli þegar hann gerði heimildar-
myndina Super Size Me.
- 01.05 Kojak (e)
- 01.55 Nightmares and Dreamscapes
- 02.55 Da Vinci's Inquest (e)
- 03.45 Tvöfaldur Jay Leno (e)

SKJÁR SPORT

- 11.45 Upphitun (e)
- 12.15 Watford - Liverpool (beint)
- 14.35 Á vellinum með Snorra Má
- 14.50 Man. Utd. - Aston Villa (beint)
- 16.50 Á vellinum með Snorra Má
- 17.05 Enski boltinn
- 19.20 Ítalski boltinn (Torino - Inter)
- 21.30 Chelsea - Wigan (frá 13. jan)
- 23.30 Sheff. Utd. - Portsmouth (frá 13. jan)
- 01.30 Dagskrárlök

Hollustuna heim!

BARNABOX

2 kjúklingaleggir franskir
og kokteilsósa kinderegg
700 kr



stórir skammtar
- beint heim til þín.



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19
FRÍ HEIMSENDING
Lígmærkaþingur kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarföð.
Opð. mán. föstudaga 12-21.30
föð. og laugardaga 12-22.30
sunnudaga 17-21.30
www.indokina.is

ÞÖNTUNARSÍMI 552 2399

Hollur og góður kínamatúr,

Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu
2 lítra kók og rækjuflögur FRÍTT með!

Gildir ef pantað er fyrir 2 eða fleiri

TILBOÐ 1	TILBOÐ 2	TILBOÐ 3
Djúpsteiktur rækjur Original hot and sweet svinakjöt Snöggsteikt nauta- kjöt í ostrusósu Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti Hrisgrjón, súrsæt sósa, þrjónar og soya sósa	Djúpsteiktur rækjur Peking kjúklingur m/kínasveppum Wok steikt lamba- kjöt m/svartbauna- sósu Original hot and sweet svinakjöt Hrisgrjón súrsæt sósa, þrjónar og soya	Rifjapartý Konton svinarít Hrisgrjón, þrjóna og soya poki af Maarud
1.345 á mann 2.690 fyrir tvo	1.445 á mann 2.890 fyrir tvo	1.250 á mann 2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.05

The Forgotten

Hrollvekjandi spennumynd í anda The Sixth Sense þar sem verðlaunaleik-konan Julianna Moore (The Hours, Boogie Nights, Hannibal) leikur konu sem syrgir son sinn sem fórst í skelfilegu flugslysi. Áfallið er mikið fyrir hana og því þarf hún á aðstoð geðlæknis að halda. En áfallið verður næstum enn meira þegar geðlæknirinn og eiginmaður hennar tilkynna henni að sonurinn hafi í raun aldrei verið til annars staðar en í huga hennar. Hún neitar að trúa þessum langsóttu upplýsingum og fær sú sannfæring hennar byr undir báða vængi þegar hún hittir föður vinar sonar síns sem einnig á að hafa farist í sama flugslysi, en faðirinn hefur fengið sömu upplýsingar frá sínum geðlækni, að sonur hans hafi aldrei verið til. Við þessar fréttir einsetur móðirin sér að komast að hinu sanna um hvarf sonar síns. Aðalhlutverk: Julianne Moore, Christopher Kovalski, Matthew Pleszewicz. Leikstjóri: Joseph Ruben. 2004. Bönnuð börnum.



▶ VIÐ MÆLUM MED VAN WILDER Á SIRKUS 21.00

Gamanmynd sem kemur öllum í gott skap. Van Wilder er eilífðarstúdent. Hann er búinn að vera sjö ár í framhaldsskóla en útskrift er enn fjarlægur draumur. Pabbi hans er búinn að fá nóg og neitar að borga skólagjöldin. Van lætur sér ekki bregða og snýr sér að því sem hann er bestur í. Partí hafa alltaf verið ástríða hjá kappanum og nú getur hann einbeitt sér að þeim fyrir fullt og allt. Í aðalhlutverkum eru Ryan Reynolds, Tara Reid, Tim Matheson og Kal Penn. Leikstjóri myndarinnar er Walt Becker en hún er bönnuð börnum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.05 Laugardagur til lukku 08.00 Fréttir 08.05 Músík að morgni dags 09.00 Fréttir 09.03 Út um græna grundu 10.00 Fréttir 10.05 Veðurfregni 10.15 Krossgötur 11.00 Víkulokin 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Til allra átta 14.40 Glæta (e) 15.30 Með laugardagskaffinu 16.00 Fréttir 16.08 Veðurfregni

16.10 Orð skulu standa 17.05 Fimm fjórðu 18.00 Kvöldfréttir 18.26 Leikhúsröttan 19.00 Kringum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.10 Spegill tímans: dramatikin bak við tjöldin (2.2) 21.05 Pipar og salt 21.55 Orð kvöldins 22.00 Fréttir 22.10 Veðurfregni 22.15 Flakk 23.10 Danslög 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 08.50 PGA Tour 2007 - Highlights
09.45 Presidents Cup 2007 - Official
10.15 Pro bull riding
11.10 World Supercross GP 2005-06
12.05 NBA deildin (Phoenix - Cleveland)
14.05 Skills Challenge
17.25 Football Icons Enskur raunveruleikabáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.
18.20 Spænski boltinn - upphitun
18.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Valencia og Levante í spænska boltanum. Valencia hefur sigrað í síðustu þremur deildarleikjum og hefur hægt og bitandi fíkrað sig upp töfluna. Þeir eru sjö stigum frá toppsætinu og því alls ekki úr leik í baráttunni um titilinn.
20.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Espanyol og Barcelona.
▶ 22.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin Bein útsending frá leik Indianapolis og Baltimore í úrslitakeppni NFL deildarinnar í amerískum fótbolta

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

- 6.30 Palle Grís þá eventyr 6.55 Disney Sjov 7.50 Frikvarter 8.15 Barda 8.40 Dragejægerne 9.05 Trolspejlet 9.35 Lovens vogtere 10.00 Guldgraverne i Grønland 10.30 EU og Lykke - EU þá tegnsprög 10.55 OBS 11.00 TV Avisen 11.10 Temadag: Søren Ryge Petersen i Norge 14.10 Nationen 14.30 Frøken Nitouche 16.10 Fyr søndagen 16.20 Held og Lotto 16.30 Pip og Papegøje 17.00 Mr. Bean 17.30 TV Avisen med vejret 17.55 SportNyt 18.00 Tæt på Dyrene 18.30 Max 19.00 Matador 20.25 Kriminalkommissær Barnaby 22.00 Kramer mod Kramer 23.40 Boogie Listen

NK1

- 6.30 Pysjopbaluba 6.40 Bosse 6.50 Harry með böttu full av dinosaurer 7.00 Mikkes klubbhus 7.45 Pippi Langstrømpe 8.30 Kámi og Børni 9.00 V-cup hopp: Skiflyging frá Vikersund 10.00 EM skótyr 2007: Hóydepunkter 10.30 Sport i dag 10.50 V-cup kombinert: 10 km fellesstart 11.30 V-cup alpent: Utfor, menn 13.00 V-cup skiskyting: Sprint, menn 14.30 EM skótyr 2007: 1500 m menn 14.55 V-cup hopp: Skiflyging 15.50 Sport i dag 16.10 V-cup hopp: Skiflyging 16.45 Sport i dag 17.00 Jubalong 17.30 Barna þá Luna 18.00 Lördagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Hjertelig hilsen Hege og Kjersti 19.50 Med hjartet på rette staden 20.35 Riksarkivet 21.00 Fakta på lørdag: Philip og hans sju hustruer 22.10 Kveldsnytt 22.25 Den fabelaktige Amélie fra Montmartre

SVT 1

- 6.30 Pysjopbaluba 6.40 Bosse 6.50 Harry með böttu full av dinosaurer 7.00 Mikkes klubbhus 7.45 Pippi Langstrømpe 8.30 Kámi og Børni 9.00 V-cup hopp: Skiflyging frá Vikersund 10.00 EM skótyr 2007: Hóydepunkter 10.30 Sport i dag 10.50 V-cup kombinert: 10 km fellesstart 11.30 V-cup alpent: Utfor, menn 13.00 V-cup skiskyting: Sprint, menn 14.30 EM skótyr 2007: 1500 m menn 14.55 V-cup hopp: Skiflyging 15.50 Sport i dag 16.10 V-cup hopp: Skiflyging 16.45 Sport i dag 17.00 Jubalong 17.30 Barna þá Luna 18.00 Lördagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Hjertelig hilsen Hege og Kjersti 19.50 Med hjartet på rette staden 20.35 Riksarkivet 21.00 Fakta på lørdag: Philip og hans sju hustruer 22.10 Kveldsnytt 22.25 Den fabelaktige Amélie fra Montmartre

Útsala Útsala 20-80% afsláttur af öllum vörum



22%

Verðdæmi:

Stækkanlegt borðstofuborð
Natur Eik eða Amerísk Hnota **40%**
(stærð: 160/240x100x76 cm)
verð áður: 112.970,- verð nú: **69.000,-**

Tungusófi - 6 manna - tauáklæði **60%**
verð áður: 141.570,- verð nú: **59.000,-**

Sófaborð með skúffu
Natur Eik eða Amerísk Hnota, Stærð: 120x60x46
verð áður: 49.900,- verð nú: **37.900,-**



40%

Stofustóll - PU
svartur, hvítur eða rauður **80%**
verð áður: 24.500,- verð nú: **4900,-**

Svefnsófi - microfíber - þrjár litir **30%**
verð áður: 69.900,- verð nú: **49.000,-**

Baðinnrétting með blöndunartækjum **57%**
verð áður: 70.070,- verð nú: **29.900,-**

Sófasett Gossip - 3+1+1 - Hamrað leður hvítt
verð áður: 289.000,- verð nú: **169.000,-**

Legubekkur - tauáklæði
litir: grænn, hvítur eða rauður **52%**
verð áður: 42.185,- verð nú: **19.900,-**



40%

Borðstofustóll - PU - svartur eða hvítur
verð áður: 14.157,- verð nú: **8900,-** **37%**

Mikið úrval af Eikar- og Hnotuhúsgögnum á útsöluverði. Sjón er sögu ríkari

BOHEMIA
vöruhús

HRÓSIÐ ...



... fá Daniel Pollock og félagar í Tónlistarþróunarmiðstöðinni sem berjast með kjafti og klóm fyrir að húsnæðið fái áfram að vera miðstöð ungra tónlistarmanna, þrátt fyrir fálæti yfirvalda.

Zidane vinsæl jólagjöf í Frakklandi

Kvikmyndin Zidane: Andlit 21. aldarinnar sló heldur betur í gegn hjá Frökkum um jólin en DVD-diskur myndarinnar seldist í yfir hundrað þúsund eintökum. Í myndinni er fylgst með öllum hreyfingum knattspyrnugóðsins Zidane í leik með spænska risaveldinu Real Madrid þar sem leikmaðurinn var meðal annars rekinn út af fyrir slagsmál. Myndin fékk óvænta athygli þegar Zidane stal senunni í úrslitaleik heimsmeistaramótisins í Þýskalandi og skallaði mótherja sinn í brjóstakassann.

Sigurjón Sighvatsson, framleiðandi myndarinnar, segir að þrátt fyrir þessa miklu athygli sem atvikið fékk hafi salan farið

fram úr björtustu vonum.

„Universal-dreifingarfyritækið hafði spá myndinni miklum vinsældum en við tókum orð þeirra ekki trúanleg, þetta er því alveg frábær árangur,“

ÁNÆGÐUR FRAMLEIÐANDI Sigurjón getur ekki annað en glaðst yfir góðri sölu kvikmyndarinnar Zidane: Andlit 21. aldarinnar í Frakklandi.



ZIDANE Knattspyrnumaðurinn var óumdeilanlega einn besti knattspyrnumaður heims.

sagði Sigurjón þegar Fréttablaðið hafði upp á honum. „Þetta var algjör hámarkssala,“ bætti hann við en alengert er að stóru smellirnir frá draumaverksmiðjunni Hollywood seljist í svipuðu upp-lagi. Sigurjón segir það hins vegar vonbrigði hversu lítinn áhuga knattspyrnumaðurinn sjálfur hafi sýnt myndinni þrátt fyrir loforð um að koma til liðs við þá eftir HM.

Sigurjón segir að nú takið við kvikmyndahátíðar-ferðalag hjá myndinni. „Hún verður meðal annars sýnd á Sundance-hátíðinni í Bandaríkjunum og á Rotterdam-hátíðinni þannig að það er ekkert lát á sigurgöngu Zidane,“ segir Sigurjón. - fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 skipalægi 6 slá 8 rá 9 kærleikur 11 mjöður 12 rok af hafi 14 basi 16 guð 17 örn 18 kæla 20 tveir eins 21 eining.

LÓÐRÉTT 1 atlaða 3 mannpvaga 4 óglatt 5 til sauma 7 girnast 10 traust 13 pota 15 skrifa 16 hækkar 19 samtök.

LAUSN

19 aa.

LÓÐRÉTT: 1 áras, 3 ós, 4 flökurt, 5 nál, 7 ásælasá, 10 trú, 13 óta, 15 rita, 16 rís, 19 aa.

LÁRÉTT: 2 höfn, 6 rá, 8 slá, 9 ást, 11 ól, 12 særok, 14 lítur, 16 ra, 17 an, 18 ísa, 20 tt, 21 stak.

VEISTU SVARID

svör við spurningum á síðu 8

1. Daniel Ortega
2. Andri Snær Magnason
3. La Galaxy

RJF-HÓPURINN: HEFUR BORGÐ VEL Á AÐRA MILLJÓN FYRIR NÁM ARONS

Aron Pálmi heim í ágúst

„Já, hann er búinn að bóka ferð heim, þessi gleymdi sonur Íslands,“ segir Einar S. Einarsson, talsmaður RJF-hópsins sem barist hefur fyrir frelsun og heimkomu Arons Pálma Ágústssonar.

Að sögn Einars lýkur Aron Pálmi afplánun 17. ágúst, á skráðan miða heim 25. ágúst næstkomandi og lendir að morgni þess 26. á Keflavíkurflugvelli.

Mál Arons Pálma hafa verið fréttamatgur allt frá því að Kristinn Hrafnsson þá fréttastjóri á DV greindi frá aðstæðum hans og refsivist í Texas snemma árs 2004. Aron Pálmi, sem fæddur er árið 1983, var dæmdur árið 1997 í tíu ára refsivist fyrir að hafa barn að aldri sýnt af sér refsiverða kynferðislega tilburði. RJF-hópurinn, sem telur skákjöfra á borð við Einar, Guðmund G. Þórarinnsson, Garðar Sverrisson, Helga Ólafsson og fleiri, tók málið upp á sína arma. Áður hafði hópurinn lagt sitt af mörkum svo að Bobby Fischer gæti komið til landsins og fengið íslenskan ríkisborgararétt úr fangelsi í Japan. Til þess vísar nafn hópsins – upphafsstafa Roberts James Fischer.

„Aron Pálmi er nú búinn að afplána tíu ár í refsivist, þar af fjögur ár í stofufangelsi. Hann hefur notið þess síðasta eina og hálfu árið að geta stundað nám við Lamor-háskóla í Texas. Þar eru átta þúsund nemendur,“ segir Einar og kveður skólavist Arons Pálma hafa gengið að óskum.

Hann hefur meðal annars



ARON PÁLMI Á bókað flug til Íslands og lendir 26. ágúst. Hann hefur einsett sér að léttast um 100 pund í það minnsta fyrir heimkomuna.

verið valinn í stúdentaráð og kjörinn ritstjóri árbókar skólans.

Einar segir það öllu máli skipta að Aron hafi um eitthvað að hugsa í þeirri viðkvæmu stöðu sem hann er. Til dæmis hafi menn veist að honum og Aron Pálmi ekki þorað að svara fyrir sig af ótta við að borði sé á hann að Aron hafi átt upptökin. Það þýði að hann þurfi að endurtaka refsivist sína. Aron Pálmi er því taugaóstyrkur og varfærinn sökum erfiðrar stöðu.

„Hann má ekki lenda í neinu núna þessa síðustu mánuði,“ segir Einar sem heyrir reglulega frá Aroni Pálma. Að sögn Einars hefur hann einsett sér að léttast um 100 pund í það minnsta fyrir

EINAR S. EINARSSON Fer fyrir RJF-hópunum sem hefur styrkt Aron Pálma til náms en í Lamor-háskólanum gengur Aroni allt í haginn þrátt fyrir viðkvæma stöðu.

heimkomuna. „Hann er vel í hold kominn. Enda hefur hann örugglega lifað á einhverju ruslfæði og hormónakjöti,“ segir Einar.

RJF hefur stutt Aron Pálma dyggilega að sögn Einars og greitt fyrir skólagöngu hans nú vel á aðra milljón. „Þetta er eitthvað sem við höfum verið að öngla saman og safnað. Nei, við erum ekki enn farnir að undirbúa komu hans,“ segir Einar, enda nokkrir mánuðir í að Aron lenti.

Til marks um það hversu sterkur karakter Aron Pálmi er nefnir Einar að hann hefur gengið með GPS-staðsetningartæki í á fjórða ár sem mun einsdæmi í heiminum, í það minnsta vestanhafs, en hámarkið hefur verið eitt ár. „Og hann er að rita bók um reynslu sína af refsikerfinu í Texas. Hann hefur sent mér kafla: „Welcome to the system“ heitir hann og er sláandi.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Evisagnaritarinn Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

– Tóta pönk – bloggar um vegtyllur og þá sem þær þiggja. Sjálf þekkir hún rjóm-ann af íslensku menningarlífi en í þeirra röðum tala sumir „um Fálka-orðuna af nokkurri lítillsvirðingu. [...] Ég get svosem

alveg sett mig inn í þankagang þeirra sem slíkt tala,“ segir Tóta en bætur við að sér þætti betra að fá Fálkaorðuna heldur en Frelsis-skjöld Kjartans Gunnars-sonar sem ungir sjálfstæðismenn veita þeim sem þeim þykir skara fram úr. „Og pönkaranum finnst eiginlega afrek útá fyrir sig að rithöfundur sem þykir stunda stórkostlegt andóf í sínum skrifum skuli ógrátandi geta þegið þann dæmalausa skjöld,“

klykkir Tóta út og beinir þar spjótum sínum að **Andra Snæ Magna-syni**, sem hlaut skjöldinn á dögnum og þáði með þökk-um við hátíðlega athöfn.



Magnús Kjartansson tónlistar-

snillingur er nú að aðstoða frænda sinn **Elvar Gottskálksson** við að taka upp undirleik við framlag Elvars til Eurovision-forkeppninnar sem hefst í þessum mánuði. Frændaföndur kallar Magnús þetta en að sögn er hann spenntur að vita hvort Íslendingar veðji ekki á rokkið, hvort ekki komi eitthvert rokkgróhlalleljúga og nýtt íslenskt skrímsli líti dagsins ljós. Því staðföst sannfærning Magnúsar mun vera sú að framlag Íslands sé oftast bergmál af því sem var í fyrra, það þekkir þjóðin og miðar við það.

- bs/jbg



Gísli Marteinn verður mér innan handar

Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur hefur verið úthlutað hið vandasama verk að vera kynnrir í undankeppni Sjónvarpsins fyrir Eurovision en fyrsta undankvöldið verður á dagskrá eftir viku. „Ég er enginn Gísli Marteinn eða Logi Bergmann,“ svarar Ragnhildur þegar hún er spurð hvort Eurovision sé mikið áhugamál hjá sér. „Er svona meðalmanneskja í þessu,“ bætur hún við.

Ragnhildur gerði sér fyllilega grein fyrir því að hún mætti varla misstíga sig í beinni útsendingu því þá fengi hún öll Eurovision-

nörðin á bakið. „Núna fer ég bara að grennslast fyrir í bókum og gömlum keppnum og reyni að finna einhverja gullmola sem ekki hafa verið sagðir áður þótt það verði vissulega erfitt,“ segir Ragnhildur sem á þó eftir að nýta sér krafta áður nefnds Gísla Mart- eins. „Fáir ef einhverjir eru jafn vel að sér í þessum fræðum og hann,“ bætur hún við. Ragnhildur verður ein á sviðinu og tekur við keflinu af Garðari Thór Cortes sem nú hefur tekið Bretland með trompu og leikkonunni Brynhildi Guðjónsdóttur en parið vakti

mikla athygli fyrir líflega framkomu í fyrra.

Ragnhildur Steinunn hefur haft í nógu að snúast að undanfögnu því auk þess að vera í Kastljósinu er hún að útskrifast úr sjúkrahjúlfun í Háskólanum. Þá leikur hún aðalhlutverk í kvikmyndinni Astrópiu en Ragnhildur sagði ekki enn vera farin að stressa sig fyrir frumsýninguna enda fer myndin ekki í sýningar fyrr en í sumar. „Ég er ekki enn farin að leiða hugann að því en í júní verð ég örugglega komin með hnút í magann,“ segir Ragnhildur.



RAGNHILDIR STEINUNN Kynnrir keppendur í Eurovision-forkeppni Sjónvarpsins.

allt
bílar

Alla laugardaga

VELKOMIN! OPIÐ HÚS

20. janúar kl. 13-16 á Akureyri og í Reykjavík

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR AÐSTÖÐUNA

Almennir notendur

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Lengd 42 std. Verð kr. 32.900

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.

Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur, PowerPoint.

Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-

Vefur – Grafík – Myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign ásamt frágangi í Acrobat Distiller (PDF).
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

Vefsíðugerð – grunnur

Nám ætlað byrjendum í vefsími með sérstakri áherslu á myndvinnslu og myndanotkun. Tilvalið fyrir þá sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Kennt á tvö algengustu forritin í vefsími og myndvinnslu FrontPage og Photoshop.

Lengd 42 std. Verð kr. 36.000,-

Dreamweaver

Afar vinsælt vefþróunarforrit enda bæði fjölbreytt og einfalt til að kóða vefsíður með hjálp html og css stílsníða. Áhersla lögð á praktísk verkefni og ljúka einföldum vef. Þátttakendur þurfa að hafa góðan tölvugrunn.

Lengd 31 std. Verð kr. 29.000,-

Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging. Heimarentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl. Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.

Lengd 14 std. Verð kr. 15.000,-

Myndbandavinnsla

Námskeið fyrir fólk sem vill læra betur á myndbandstökuvélina sína og vinna/klippa myndefnið í tölvunni sinni.

Teknar eru fyrir helstu stillingar myndbandstökuvéla, myndbandstökutækni og eftirvinnsla myndbanda í tölvu. Vistun og yfirfærsla myndbanda fyrir DVD eða vefsíðu. Myndir settar á netið ofl.

Lengd 31 std. Verð kr. 32.900,-



Skrifstofunám

Tölvu og skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju, sjálfstætt starfandi eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Námið tekur fyrir öll helstu skrifstofuforritin, margmiðlun (t.d. stafrænar myndir og tónlist, CD/DVD), persónulega færni (tjáning, framkoma, sölu- og markaðsfræði, atvinnuumsóknir og viðtöl, gerð ferilskráa ofl.) og viðskiptagreinar (hand- og tölvufært bókhald, verslunarreikningur, tollskýrslur ofl.).
Lengd 260 std. Verð kr. 199.000,-



Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðað námsbraut sem hentar fólki á öllum aldri. Nám sem tekur fyrir öll helstu skrifstofuforritin sem fólk þarf að kunna skil á í nútímaþjóðfélagi ásamt bókhaldi og viðskiptagreinum.
Lengd 200 std. Verð kr. 153.000,-

Bókhald 1

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tókum á bókhaldi fyrirtækisins. Hentar einnig þeim sem hafa góðan tölvugrunn og vilja bæta við sig menntun fyrir vinnumarkaðinn.

Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-

Bókhald II

Stutt framhaldsnámskeið í tölvubókhaldi. Hentar þeim þeim sem hafa bókhaldsgrunn eða hafa lokið Tölvu-, skrifstofu- og/eða bókhaldsnámi og vilja bæta við sig þekkingu og færni á þessu sviði. Lengd: 32 std. Verð kr. 36.000,-

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, og um meðferð allra helstu innflutningsskjala ásamt öllum helstu reglum sem varða innflutning.

Lengd: 21 std. Verð kr. 28.000,-

Atvinnuumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarviðtöl.

Faglega gerð atvinnuumsókn og framkoma getur skipt sköpum fyrir þig. Stutt námskeið fyrir þá sem vilja skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði.

Lengd 12 std. Verð kr. 12.000,-

Sérfræðinám með alþjóðlegum gráðum

MCP XP

Grunnnám fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa og fá alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Lengd 60 std. Verð kr. 88.900,- (innif. próf 70-270)

MCDST

Nám sem hentar sérstaklega þeim sem þurfa að þjónusta notendavélar í fyrirtækjum og heimilum. Grunngráða fyrir starfsmenn í tölvudeildum þar sem mikið er um útstöðvaþjónustu.

Lengd 108 std. Verð kr. 137.900,- (innif. próf 70-271 og 70-272)

MCSA

Aðalmarkmið MCSA námsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Lengd 240 std. Verð kr. 266.000,- með þeim fjórum prófum sem námið byggir á. (70-270, 70-284, 70-290 og 70-291. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans)

Önnur námskeið á vorönn

- Word ritvinnsla
- Excel grunnur
- Excel framhald
- Outlook

- Photoshop – grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- FrontPage



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Góðir kúnnar

Í haust sem leið fóru ættingjar mínir í ferðalag til Tyrklands til þess að spóka sig í sólinni. Ferðin var prýðileg og strendurnar hinar ágætustu, sól á himni og hægt að spóka sig í rólegheitum á kvöldin í þunnum hörbuxum og panta hvítvinsglas á útikaffihúsum án þess að drepast úr kulda og/eða verða gjaldþrota. Allt var semsagt eins og það átti að vera í svona sólarlandiferð.

EITT vakti þó athygli ferðalanganna og var tilefni þónokkurrar umræðu eftir að heim var komið, og það var eftirfarandi: Þetta millstéttarfolk af Íslandi fór smám saman að veita því þónokkra athygli að þegar það vafræði um útmarkaði þarna í Tyrklandi að héðan og þaðan, út úr hornum, heyrðist eins og hvíslað af tyrkneskum kaupmönnum „góðan daginn“ á hinu ástkæra ylhýra. „Komiði inn“.

MITT fólk ákvað að sjálfsögðu að athuga hvað hér væri á seyði og steig inn í einn sölubásinn ekki síst til að athuga hvernig stæði á því að viðkomandi kaupmaður kynni íslensku. Ekki síst þótti forvitnilegt að fá svör við því hvernig þessi kaupmaður hafði borið kennsl á þau sem Íslendinga að fyrra bragði og því ákveðið að ávarpa þau með þessum hætti.

PETTA þótti mikil ráðgáta en skýringin kom fljótlega í ljós. Eftir að inn í básinn var komið tók hinn tyrkneski kaupahéðinn auðvitað til við það að selja Íslendingunum leðurjakka í gríð og erg, úr þykkri nautshúð eða þunnri, mittissíða eða síða, með boðungi eða án boðungs. Nú var svissað yfir í ensku, en undir söluræðum náðu þó hinir norrænu viðskiptavinir að skjóta inn spurningu er varðaði hina athyglisverðu íslenskukunnáttu.

ÞÁ ljómaði Tyrkinn og var sko aldeilis með svör á reiðum höndum. Það borgaði sig, sagði hann, að kunna smá íslensku og jafnframt þekkja Íslendinga í sjón og reyna að fiska þá inn í búðina sérstaklega. Íslendingar væru nefnilega svo afskaplega góðir kúnnar. Þeir keyptu svo mikið af leðurjökkum og það sem betra væri – hvíslaði hann – að það væri hægt að selja þeim jakkana á þreföldu verði. Þeir væru langbestu viðskiptavinirnir. Hreint dásamlegir.

MED því að gefa þessar upplýsingar frá sér spillti kaupmaður auðvitað möguleikum á frekari viðskiptum að þessu sinni, því ekki var það sérstaklega á stefnuskrá þessara tilteknu Íslendinga að kaupa jakka á þreföldu verði, a. m. k. ekki vísitandi.

Á DÖGUNUM, eftir að upplýsingar bárust um að verð á matvælum og drykkjum hér á landi væri 62% yfir meðalverði í Evrópu, og annað eftir því, var þessi saga rifjuð upp. Ég held að það sé alveg augljóst að ein stór ástæðan – ein af mörgum – fyrir háu verðlagi á Íslandi – og sú sem þarfnast umræðu eins og allt annað í þessu máli – er sú að við Íslendingar erum afskaplega góðir kúnnar, eins og Tyrkinn sagði. Við erum í allt of mörgum tilvikum reiðubúin að borga þrefalt verð.

RÝMINGAR-
SALA

HOLTAGARÐAR

50-90%
afslátturí dag, laugardag,
kl. 11-18

ALLT Á AÐ SELJAST!

